



Reykjavík, 16. júní 2022
MSS22010323

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um hlutverk og ábyrgð stafrænna leiðtoga – MSS22010323.

Vísað er til bréfs, dagsett 14. febrúar, 2022, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um hlutverk og ábyrgð stafrænna leiðtoga.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Pröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavík

Hjálagt er MSS22010323 svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um hlutverk og ábyrgð stafrænna leiðtoga; ÞON21080023 svar við fyrirspurn áheymarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda og afköst stafrænna leiðtoga; ÞON22010019 kynning stafrænna leiðtoga um stafræna vegferð og stöðu á sviðum borgarinnar; menntastefna Reykjavíkurborgar; lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar; velferðarstefna Reykjavíkurborgar; ÍSAKS tillögur.



SVAR

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Sendandi: Pröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur.

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um hlutverk og ábyrgð stafrænna leiðtoga – MSS22010323.

Á fundi Mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráðs þann 10. febrúar 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 8. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fyrirspurnir um hlutverk og ábyrgð stafrænna leiðtoga og hvað af þeim verkefnum, sem telja tugi, eru komin í virkni? Í kynningu á stafrænum leiðtogum er allsendis óljóst hvaða hlutverk þeir hafa að gegna, hverjar eru þeirra skyldur og ábyrgð? Talin eru upp tugir verkefna sem lang flest eru enn hugarsmíð, sögð á tilraunastigi, eða í einhverju undirbúningsferli innleiðingar. Fulltrúi Flokks fólksins viðurkennir nú að hafa misst algerlega sjónar á þessum endalausum kynningum hverri annarri háfleygari. Sumt af þessu virðist bara vera hrein og klár gæluverkefni, endalaust mælaborð og snjalllausnir til skemmtunar. Spurt er um nákvæmari útskýringar á þessum verkefnum, gildi þeirra, vægi, og hvar í ferlinu þau eru stödd. Hvað af þessum rafrænum/stafrænum lausnum eru komnar í fulla virkni og farnar að skila tímasparnaði og sýna fram á hagkvæmi? Hvaða lausnir eru enn á tilraunastigi eða í þróunarfasa? Hvaða af þessum lausnum eru rétt ókomnar? Og hvaða raf/stafrænar lausnir, ef einhverjar, sem áttu að vera tilbúnar núna eru ekki fyrirsjáanlegar að komist í virkni á þessu ári?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 14. febrúar 2022.

Svar:

Í kynningu á stafrænum leiðtogum er allsendis óljóst hvaða hlutverk þeir hafa að gegna, hverjar eru þeirra skyldur og ábyrgð?

Hlutverk og ábyrgð stafrænna leiðtoga var lýst með ítarlegum hætti í svari við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um fjölda og afköst stafrænna leiðtoga - R210800162, sem lagt var fram í borgarráði þann 16. september 2021 sbr. 10 lið fundargerðar ráðsins s.d. Í sama svari er tilurð starfsins tilgreind, þ.e. ákall frá fagsviðum Reykjavíkurborgar til Þjónustu- og nýsköpunarsviðs um frekari stuðning við nýsköpun í starfsemi en jafnframt er stjórnsýsluleg staða þeirra útskýrð, þ.e. hvernig þeir starfa innan sviðanna og í umboði hvers. Þá var ítarlega greint frá því í kynningu á verkefnum stafrænna leiðtoga sem fram fór í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði fimmtudaginn 27. janúar 2022 sbr. 7. lið fundargerðar ráðsins s.d., hvernig starfið hefur þróast frá stofnun þess, í samstarfi við sviðin og þarfir þeirra.



Stafrænir leiðtogar starfa náið með sínu fagsviði og öðlast góðan skilning á þeirri þjónustu og tækifærum sem þar eru. Breytingastjórnun og umbreyting menningar eru lykilatriði í stafrænni vegferð. Í því felst meðal annars að innleiða breytt hugarfar og vinnuhætti sem eru nauðsynlegir í stafrænni framtíð og þeim ófyrirsjáanleika sem felst í nýsköpun. Stafrænir leiðtogar starfa þverfaglega með stjórnendum og sérfræðingum fagsviðanna, starfsfólki Þjónustu- og nýsköpunarsviðs og notendum þjónustu Reykjavíkurborgar og er það lykillinn að því að fagsviðin nái árangri í sinni stafrænu vegferð. Þeir búa yfir þekkingu og skilningi á ferlum nýsköpunar- og umbótaverkefna og hafa umsjón með þekkingarmiðlun og eftirfylgni við innleiðingu nýsköpunarverkefna á fagsviðum Reykjavíkurborgar. Einnig sjá þeir um að móta sýn og hafa yfirsýn yfir stafræn verkefni og tækifæri þeim tengd.

Spurt er um nákvæmari útskýringar á þessum verkefnum, gildi þeirra, vægi, og hvar í ferlinu þau eru stödd. Hvað af þessum rafrænum/stafrænu lausnum eru komnar í fulla virkni og farnar að skila tímasparnaði og sýna fram á hagkvæmi?

Nýr vefur Reykjavíkurborgar

Verkefnið er umbylting í miðlun efnis og þjónustu til borgarans. Vefurinn er hannaður og skrifaður með notendum í fyrirrúmi og mun hafa mikil áhrif og vera kjarni og andlit miðlunar og samskipta við Reykjavíkurborg. Verkefnið er komið í loftið og stöðugar umbætur eru í gangi í samvinnu vefteymis og starfsfólks sviða. Vefur Reykjavíkurborgar er gríðarlega umfangsmikill og inniheldur meðal annars upplýsingar um alla þá þjónustu sem í boði er í sveitarfélaginu og telur á annan tug þúsunda undirsíðna. Allt efni hefur verið endurskrifað af eigendum þjónustunnar með stuðningi textasérfræðings vefdeildar út frá hagsmunum borgarbúa og með það að leiðarljósi að hann þýðist vélrænt yfir á önnur tungumál. Upplýsingarnar og þjónustan setja þannig borgarbúa og notendur vefsins í öndvegi. Einnig fór fram grisjun á upplýsingum og hlutum vefsins sem ekki eru lengur í virkni eða talin viðeigandi. Allur texti var settur fram á formlegu talmáli í stað stofnanamáls til að gera hann aðgengilegri fyrir notendur.

Nýjar mínar síður 2.0

Umfangsmikill hluti af þjónustuveitingu borgarinnar fer fram í gegnum umsóknir eða ferla. Áður notast við gáttina Rafræn Reykjavík en hún uppfyllir ekki þarfir eða tækniröfur lengur. Verkefnið um Mínar síður borgarbúans er mikilvægur hlekkur í að safna upplýsingum, umsóknum og sjálfsafgreiðslu á einn stað. Síðurnar eru komnar í loftið og farið hefur verið í notendarannsóknir og kortlögð áframhaldandi hönnun og þróun á grunnvirkni til að auka möguleikana á samþættingu og einföldun verklags enn frekar. Margar umsóknir og ferli fara í gegnum síðurnar og miðar verkefnið að betri þjónustu fyrir borgarbúa og lögaðila. Náið samráð vörustjóra, hönnuða og fagsviðanna í gegnum stafræna leiðtoga munu tryggja áframhaldandi þróun í þágu borgarbúa og atvinnulífsins.

Rafrænar undirritanir 2.0

Útbúið var einfalt viðmót fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar til að senda skjöl til undirritunar og halda utan um öll sín mál þar. Nú getur allt starfsfólk Reykjavíkurborgar skráð sig inn með sínu auðkenni og haft yfirsýn og sent skjöl til undirritunar. Notandi upplifir traust umhverfi og að þeir eru áfram í viðmóti sem einkennir samskipti við og innan Reykjavíkurborgar. Lausnin er tilbúin og hefur verið innleidd á flest svið, en áframhaldandi þróun er í gangi með það að markmiði að tengja hana inn í umsóknarferli og að gögn skili sér sjálfkrafa í þau kerfi sem nýtt eru í bakvinnslu.



Microsoft Office 365 í innleiðingu þvert á alla Reykjavíkurborg

Verkefnið er grundvöllur fyrir samvinnu, tölvuöryggi og framtíðarvæðingu fyrir starfsfólk. Lausnin býður upp á mörg tækifæri, hagræði og auðveldara aðgengi gagna. Hún hefur verið innleidd á öllum sviðum nema Velferðarsviði og eftir er að ljúka yfirfærslu á Skóla- og frístundasviði. Unnið er að áframhaldandi stuðningi, fræðslu og þjálfun til að nýta þá möguleika sem lausnin býður upp á en verkefnið tengist einnig innleiðingu Hlöðunnar og eykur notagildi þess kerfis enn frekar.

Hlaðan

Verkefnið er kjarnakerfi fyrir skjalastýringu og samvinnu þvert á svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar. Hlaðan var innleidd í stjórnsýsluhúsum allra sviða á tímabilinu nóvember 2021 – febrúar 2022. Í beinu framhaldi hófst innleiðing á samningaviðmóti í mars 2022 að lokinni þróun sérlausna og samþættingar. Einnig hefur verið innleitt viðmót fyrir fundarumsýslu og hefur það einnig verið tekið til notkunar. Önnur svið og starfsfólk Reykjavíkurborgar hafa tekið þátt í vinnu við að skilgreina og bæta ferla og samstarf.

Starfsmannaviðmót fyrir fundarumsjón

Það hefur verið óþarflega flókið og tímafrekt að nálgast upplýsingar eða fá aðgang að gögnum sem tengjast fundum ráða og nefnda. Verkefnið hefur marga snertifleti og því var, til þess að ná sem best utan um þörfina og umbótatækifæri, stutt greining framkvæmd og eru næstu skref í mótun ásamt því að kortleggja tækifæri til lengri tíma. Eftir forgreiningu var niðurstaða lögð fyrir verkefnaráð og ákveðið að skipta markmiðunum upp og draga úr hugmyndum um breytingar. Til einföldunar var verkefninu skipt niður í smærri einingar, aðaláherslan var á að setja upp starfsmannaviðmót gagnvart gagnsjá, fundabáttökuvíðmóti ráða og nefnda og nýju fundarumsjónarkerfi Reykjavíkurborgar. Markmið var að einfalda verklag, draga úr tímafrekri handavinnu starfsfólks og einfalda aðgengi fundarfólks að gögnum og skjölum.

Umbætur v. frístundarstyrks

Reykjavíkurborg býður foreldrum 6-18 ára ungmenna frístundarstyrk sem hægt er nýta í fjölbreytt frístundarstarf og tómsundur. Styrkurinn er hugsaður til að jafna tækifæri barna til þátttöku í tómsundarstarfi og er almennt vel nýttur. Íþrótt- og tómsundarstarf hefur séð um úthlutun á styrknum og á síðasta ári var innleitt nýtt miðlægt kerfi sem gerir foreldrum kleift að ráðstafa styrknum við skráningu. Þetta hefur gefist vel, en í framhaldi af verkefninu kviknaði sú þörf að gera starfsfólki kleift að taka út tölfraði og gögn um nýtingu á styrknum og dreifingu á skólahverfi, kyn og tegundir tómsunda. Mikið er kallað eftir þessum gögnum frá öðrum sviðum, kjörnum fulltrúum og öðrum áhugasömum. Þessar upplýsingar eru einnig nýttar til ákvörðunartöku um sérstakar aðgerðir til auglýsinga eða miðlunar, t.d. í hverfum þar sem styrkurinn er minna nýttur. Verkefnið sem ráðist var í sneri því að tengingu gagna, úr kerfinu sem heldur utan um frístundarstyrk, við tölfraði. Samhliða þessu voru upplýsingar um styrkinn, og nýtingu fyrir börn undanfarin árin, gerðar aðgengilegar foreldrum á nýjum mínum síðum. Verið er að vinna að umbótum á því hvernig upplýsingum er miðlað á vef til að koma á mótis við þarfir foreldra.

Samkeppni Laugardalslaug

Verkefnið um samkeppni í tengslum við fyrirhugaðar endurbætur á Laugardalslaug og er samstarfsverkefni Umhverfis- og skipulagssviðs, Íþrótt- og tómsundarstarfs og Menningar- og ferðamálasviðs. Aðkoma Þjónustu- og nýsköpunarsviðs að verkefninu var til að styðja við miðlun á vefsíðu Reykjavíkurborgar og samskiptateymi borgarinnar fylgir eftir markaðssetningu og miðlun á ferlinu.



Verkefnið er lendingarsíða þar sem hugmyndum íbúa um nýtt útlit Laugardalslaugar er safnað saman, ásamt upplýsingum til íbúa um fyrirhugaða uppfærslu og umbreytingu laugarinnar. Lendingarsíðan fór í loftið í upphafi hugmyndasöfnunar í janúar og sú vinna sem framundan er felst í áframhaldandi samráði við íbúa og samvinnu við samskiptateymi til að fylgja verkefninu eftir.

Músiktilraunir

Vefur Músiktilrauna var uppfærður og öryggisstaðlar sömuleiðis. Umsóknarferli fyrir þátttakendur var uppfært og öll framsetning á efni var einfölduð með notandann í fyrirrúmi. Vefurinn er kominn upp og er í fullri notkun.

Stafræn gróska - 1:1 innleiðing á námstækjum

Stafræn Gróska er innleiðing á námstækjum 1:1 (eitt tæki fyrir hvern nemanda) í grunnskóla Reykjavíkurborgar til að hraða innleiðingu á stafrænni tækni í skólastarfi. Samhliða fjölgun námstækja miðar Stafræn gróska að því að byggja upp kennsluráðgjöf og styðja þar með við framþróun í skólastarfi. Tækið eitt og sér breytir litlu. En það að nemendur hafi tæki til afnota alla daga breytir forsendum í námi, eykur möguleika á margskonar stuðningi og fjölbreyttari verkefnavinnu. Brátt lýkur afhendingu 4.865 nýrra tækja til skólanna en árið 2023 er gert ráð fyrir að afhenda um 2000 námstæki til viðbótar, um 1.500 á miðstig og um 500 fyrir nemendur með fjölbreyttar þarfir í 1. – 4. bekk. Á árinu 2021 stóðu Mixtúra og Stafræn gróska fyrir 167 viðburðum sem 2.613 þátttakendur sóttu til að fræðast um hvernig nýta mætti tækin til kennslu og verkefnavinnu í skólum borgarinnar.

Rafræn þjónustumiðstöð Velferðarsviðs

Rafræn þjónustumiðstöð Velferðarsviðs tók til starfa 1. janúar 2022. Verkefnið snýr að umbótum, innleiðingu stafrænna lausna og yfirfærslu á ákveðnum þjónustubáttum frá þjónustumiðstöðvum yfir á rafræna þjónustumiðstöð Velferðarsviðs. Miklar skipulagsbreytingar hafa orðið á Velferðarsviði samhliða tilkomu nýrrar velferðarstefnu Reykjavíkurborgar. Þessar breytingar munu styðja við og stuðla að áframhaldandi öflugri umbótamenningu og gera stafrænni þjónustuveitingu hærra undir höfði. Nokkrir þjónustubættir hafa verið færðir yfir á stafrænt form og margt fleira í undirbúningi sem mun stuðla að bættri þjónustu, samræma þjónustuveitingu og létta á öðrum þjónustumiðstöðvum.

Innritun í grunnskóla: Í lok mars 2022 var sett í loftið endurbætt ferli til að innrita börn sem fara í 1. bekk haustið 2022. Forgreining verkefnisins hófst veturinn 2020 – 2021 þegar Skóla- og frístundasvið skilgreindi fjóra megin sársaukapunkta tengda grunnskólainnritun. Viðmótið í Rafrænni Reykjavík var of flókið, upplýsingagjöf til foreldra var ábótavant, óþarfa tímapressa var á að skrá barnið í frístundaheimili samhliða innritun í grunnskóla og skráning í skólamat var ekki tengd innritun í grunnskóla. Nýtt ferli við innritun í grunnskóla er skýrt og einfalt inni á Mínum síðum á vef Reykjavíkur. Þar er hverfisskólinn valinn sjálfvirkt út frá lögheimili. Ef forsjáraðilar vilja sækja um skóla í öðru skólahverfi er það gert á sama stað. Með nýrri innritun eru foreldrum og forsjáraðilum veittar ítarlegri upplýsingar um skólabyrjun og komið til móts við þarfir barna sem geta verið af ýmsu tagi. Verkefnið var því umbreyting á öllu ferlinu við innritun í grunnskóla t.d. starfsmannaviðmóti, umsóknarvef, upplýsingasíðu og fræðsluefni. Helsti ávinningur af verkefninu var að bæta flæði gagna úr umsóknum og yfir í nemendaskráningargrunn Skóla- og frístundasviðs, að bæta upplifun allra notenda af innskráningarferlinu þannig að hún verði jákvæð og laus við óvissu. Þar með er ferlið orðið einfaldara auk þess að yfirsýn yfir skráningu nemenda í grunnskóla og upplýsingagjöf til foreldra og aðstandenda hefur aukist til muna.



Rafrænar umsóknir um fjárhagsaðstoð - Ósk/Veita

Verkefnið snýr að umbótum og áframhaldandi þróun á kerfi fjárhagsaðstoðar hjá Velferðarsviði. Kerfið var þróað og sett í loftið árið 2019 og var þá þjónusta við umsækjendur um fjárhagsaðstoð bætt með því að einfalda ferlið til muna og gera umsækjendum kleift að sækja um þjónustuna rafrænt. Nú sækja um 85% umsækjenda um fjárhagsaðstoð um rafrænt en nauðsynlegt er að styðja áframhaldandi þróun, greina næstu skref í umbótum og gera ýmsar lagfæringar í ferli og í bakenda sem ekki var hluti af fyrsta fasa verkefnisins. Vörustjóri og stafrænn leiðtogi vinna náið saman í áframhaldandi þróun og endurskoðun með starfsfólki velferðarsviðs til að bæta upplifun eða einfalda umsýslu starfsmanna. Umbætur og tækifæri í bættri tæknihögun hafa verið greind og lögð fyrir verkefnaráð.

Nemendagrunnur – samræmd nemendaskráning

Verkefnið snýr að því að setja upp miðlægan nemendagrunn fyrir nemendur í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar og er því uppfærslu- og umbótaverkefni á tæknilegum innviðum Skóla- og frístundasviðs og tengist stafrænni umbreytingu sviðsins. Verkefnið er grundvöllur fyrir mörg önnur verkefni er snúa að stafrænni umbreytingu fyrir sviðið, t.d. innritun í leik- og grunnskóla og samtengingar við önnur kerfi sem skólarnir nýta, s.s. Mentor og Völu. Undirbúningsvinna og grunnur að verkefninu hefur verið mótaður og tekinn í notkun samhliða verkefninu um innskráningu í grunnskóla. Sá grunnur verður svo notaður áfram í næstu verkefnum og verður undirstaða fyrir framtíðarsýn um samræmda nemendaskráningu. Væntingar standa til að ríkið sjái sér hag í að tengjast verkefninu en það væri mjög heppilegt m.t.t. hagsmuna annarra sveitarfélaga.

Hvaða lausnir eru enn á tilraunastigi eða í þróunarfasa?

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu lausnir sem eru í þróun:

Útfösun beiðnabóka

Verkefnið snýr að því að leggja niður beiðnabækur og færa yfir á stafrænt form fyrir starfsfólk borgarinnar. Á hverju ári sendir starfsfólk Reykjavíkurborgar inn um 80 þúsund beiðnir í gegnum beiðnabókakerfi á pappír og mun verkefnið spara mikinn tíma og umsýslu starfsfólks víðsvegar um borgarkerfið. Verkefnið er mikilvægur liður í að minnka pappírnotkun, fækka skrefum og gera ferla stafræna eða sjálfvirka þegar hægt er. Verkefnið hefur verið mótað og skilgreint og sett í forgang hjá stjórnendum Fjármála- og áhættustýringarsviðs, samþykkt af verkefnaráði Þjónustu- og nýsköpunarsviðs og er á bið eftir verkefnisstjóra.

Lóðaumsóknir

Markmið verkefnis er að auka yfirsýn, aðgengi og rekjanleika að umsóknum um lóðir borgarinnar bæði fyrir umsækjendur og starfsfólk. Utanumhald á lóðaumsóknum er í dag á vef og í tölvupósti. Oft er um að ræða mikla hagsmuni og því nauðsynlegt er að ferlið sé skilvirkt og gagnsætt fyrir umsækjendur og því stefnt að því að útfæra rafræna umsókn og bæta umsýslu starfsfólks í leiðinni. Verkefnið hefur verið mótað og skilgreint, sett í forgang hjá stjórnendum miðlægrar stjórnsýslu í Ráðhúsinu og samþykkt af verkefnaráði Þjónustu- og nýsköpunarsviðs og er á bið eftir verkefnisstjóra.



Mínar síður starfsfólks

Starfsfólk Reykjavíkurborgar er tæplega 11.000 og umsýsla um hin ýmsu starfsmannatengdu mál er í mörgum kerfum, ferli oft flókin og ógagnsæ og handtökin mörg. Verkefni um Mínar síður starfsfólks mun m.a. gefa yfirsýn og aðgengi að réttindum, hlunnindum og innri umsóknnum starfsfólks á einfaldan og skilvirkan hátt og bæta þannig upplifun starfsfólks. Þetta mun einnig spara stjórnendum mikinn tíma í umsýslu þar sem þau geta samþykkt umsóknir rafrænt í stað þess að notast við mörg kerfi, handvirka ferla, umsóknir á pappír sem svo eru skannaðar inn og sendar í tölvupóstum. Helstu þarfir hafa verið mótaðar og verkefnið sett í forgang hjá sviðinu, kynnt og samþykkt af verkefnaráði Þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Verkefnið fer af stað í dýpri greiningu þegar því hefur verið úthlutað verkefnastjóra.

Dýraþjónustan

Dýraþjónusta Reykjavíkur var færð frá Heilbrigðiseftirlitinu til Húsdýra- og fjölskyldugarðsins. Við flutninginn var starfsemin endurskoðuð og fjölmargt gert til að bæta þjónustu, eftirlit og stuðning í málaflokknum. Átak hefur verið gert til að auka hundaskráningar í borginni. Samkvæmt reglugerð og lögum um dýravelferð og ábyrgð sveitarfélaga, hvíla skyldur á þjónustunni sem ekki eru uppfylltar að fullu í dag. Meðal annars eiga borgarþáttar að geta flett upp dýrahaldi eftir heimilisfangi auk þess sem halda þarf utan um og skrá dýrahald. Verkefnið snýr að því að spara vinnu og eyða handvirkri skráningu, með því að útbúa rafræna umsókn um skráningu gæludýra sem skráist beint í gagnagrunn, einfalda sjálfvirka rúkkun gjalda og gera borgarþáttum kleift að fletta upp dýrahaldi á heimilisföng í samræmi við nýja reglugerð. Verkefnið hefur verið mótað og því forgangsraðað af sviðinu og samþykkt af verkefnaráði Þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Undirbúningsvinna er vel á veg komin með eiganda verkefnis, Hlöðuteymi, ásamt tæknilegum sérfræðingum borgarinnar við að skilgreina helstu þarfir og kortleggja tæknihögun verkefnis. Tímalína þess er hins vegar háð annarri virkni á Mínum síðum sem er í þróun.

Hvað er í boði fyrir börn?

Reykjavíkurborg býður upp á fjölbreytt úrræði og frístundarstarf fyrir börn en upplýsingar um hvað er í boði eru dreifðar og jafnvel erfitt að finna nema viðkomandi viti af þeim. Verkefninu er ætlað að einfalda aðgengi að upplýsingum um flest sem tengist þjónustu fyrir börn og ungmenni. Hugmyndin byggir á fyrri verkefnum frá Íþrótt- og tómstundarsviði, sem hafa lengi haldið úti vefnum fristund.is. Þar get foreldrar skoðað yfirlit yfir námskeið og frístundarstarf eftir aldri eða hverfum. Reynslan hefur sýnt að þörf sé á betri upplýsingagjöf, bæði til foreldra og fagfólks. Markmið þessa verkefnis er að greina tækifæri til að miðla þjónustu og tilboðum fyrir börn með fjölbreyttar þarfir, í samráði við notendur og fagfólk, á sameiginlegum vettvangi. Stefnt er að því að byggja á því besta af vefnum fristund.is, en vefumsjónarkerfi þar uppfyllir ekki öryggiskröfur og því nauðsynlegt að finna nýjan vettvang. Þá er til skoðunar að hagræða með því að tengja vefinn við nýjan vef Reykjavíkurborgar. Verkefnið hefur verið samþykkt og forgangsraðað og fer af stað þegar því hefur verið úthlutað verkefnastjóra. Íþrótt- og tómstundarsvið er eigandi verkefnisins en hagsmunaaðilar í verkefnahóp verða einnig Skóla- og frístundarsvið, Velferðarsvið og Menningar- og ferðamálasvið, sem öll hafa þjónustu, námskeið og framboð til barna og unglunga sem væri hægt að miðla á sama stað.



Innritunarferli leikskóla

Skóla- og frístundaráð hefur samþykkt að fara í endurskoðun á ferli innritanna í þjónustur sviðsins. Í framhaldi af verkefni innritunar í grunnskóla hefur verið ákveðið að ferlið við innritun í leikskóla verði endurskoðað heildrænt í samvinnu við foreldra, starfsfólk og aðra hagsmunaaðila. Þeir grunntækniinnviðir sem eru til staðar verða samnýttir og tryggt verður að sú þekking sem skapaðist við verkefnið innritun í grunnskóla nýtist í verkefninu. Verkefnið verður unnið af Skóla- og frístundasviði og Þjónustu- og nýsköpunarsviði. Markmið verkefnisins er að veita betri þjónustu, styðja við starfsfólk, bæta skilvirkni, upplýsingagjöf, auka gagnsæi og stuðla að aukinni hagnýtingu gagna við ákvarðanir og stýringu.

Rafrænar umsóknir um byggingarleyfi

Haustið 2022 er áætlað að fari í gang verkefni sem snýr að því að umbreyta ferli byggingarleyfisumsókna til að bæta þjónustu, aðgengi og samskipti í tengslum við útgáfu byggingarleyfa auk þess að bæta umsýslu byggingarleyfisumsókna með rafrænum umsóknum, rafrænum gagnaskilum og rafrænum samskiptum. Markmið verkefnisins er að umsýsla og útgáfa byggingarleyfa verði pappírslaus og að umsóknarferlið verði aðgengilegra, einfaldara og notendavænna. Þannig mun verkefnið stytta þann tíma sem tekur að afgreiða byggingarleyfisumsóknir þar sem umsóknarferlið er einfaldara, gagnaskil skilvirkari og yfirferð gagna sem berast byggingarfulltrúa er auðveldari. Verkefnið felur í sér ýmsar breytingar á verkferlum innanhúss hjá Reykjavíkurborg og undirbúningsvinna við kortlagningu þeirra er í fullum gangi enda um flókið ferli að ræða og margt sem þarf að huga að. Í verkefninu felast líka úrbætur á upplýsingagjöf til íbúa, útgáfa nýrra leiðbeininga vegna rafrænna byggingarleyfisumsókna og ýmsar leiðbeiningar sem byggingarfulltrúi veitir íbúum og hagaðilum varðandi byggingarreglugerð og byggingarframkvæmdir. Áætluð lok verkefnisins eru haustið 2023.

Hlaðan fyrir byggingarfulltrúa- og skipulagsfulltrúa (BORG hluti Hlöðunnar)

Samkvæmt þarfagreiningu sem gerð var fyrir starfsemi byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa við kaup og innleiðingu á Hlöðunnar þarf að laga hluta Hlöðunnar (nefndur BORG) að þessari starfsemi og verkferlum. Þetta verkefni er í fullum gangi með hagaðilum frá byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa og er áætlað að BORG hluti Hlöðunnar verði innleiddur í haustið 2022. Innleiðing á BORG hluta Hlöðunnar er forsenda þess að hægt verði að taka á móti rafrænum umsóknum, rafrænum gögnum og gera útgáfu byggingarleyfa rafræna.

Samráðsgátt

Reykjavíkurborg leggur áherslu á aukið samráð við íbúa og bætta leiðir til virkrar þátttöku. Margar lausnir hafa verið í gangi en samhliða lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var haustið 2021 var farið í endurskoðun á núverandi lausnum til að einfalda og bæta aðgengi íbúa að þátttöku sem og að einfalda umsýslu og eftirfylgni starfsfólks. Samráðsgáttin var í greiningu samhliða “Hverfinu mínu”. Markmiðið er að gera umsýslu skilvirkari, bæta aðgengi og yfirsýn og auðvelda íbúum og hagaðilum að koma umsögn til skila til Reykjavíkurborgar. Verkefnastjóri hefur verið í undirbúningsvinnu með eiganda verkefnis frá sviðinu og vinnuhóp sem samanstendur af starfsfólki fagsviðsins. Í framhaldi af þeirri vinnu mun eigandi taka ákvörðun um útfærslu eða lausn. Einnig er verið að skoða hvort unnt sé að tengjast eða innleiða samráðsgátt ríkisins.



Framkvæmdasjá

Framkvæmdasjá er gagnvirk veflausn. Með framkvæmdasjónni er hægt að gera upplýsingar um allar framkvæmdir í borgarlandinu aðgengilegar á einum stað og auðvelda yfirsýn yfir allar framkvæmdir, hvort sem þær eru á vegum Reykjavíkurborgar, einkaaðila sem sækja þurfa um leyfi hjá borginni eða annarra opinberra aðila (s.s. Vegagerðin og Faxaflóahafnir). Með framkvæmdasjá verður auðveldara að tryggja gott upplýsingaflæði til allra hagsmunaaðila sem og koma auga á hvar framkvæmdir geta skarast og hvar gætu komið upp vandamál tengd framkvæmdum í borgarlandinu. Notendarannsóknir sýna að íbúum er mjög annt um nærumhverfi sitt og vilja fá meiri upplýsingar um hvað er í gangi og hvað stendur til að gera í þeirra nærumhverfi, enda geta oft verið miklir hagsmunir í húfi ef framkvæmdir hafa áhrif á nærumhverfi íbúa og lögaðila. Framkvæmdasjónin er til á vef Reykjavíkurborgar en lausnin uppfyllir ekki allar þarfir í dag. Markmiðið er að gera hana notendavænni og einfaldari í notkun ásamt því að hún verði notendavænt tól sem veiti íbúum, hagaðilum og starfsfólki borgarinnar yfirsýn yfir allar framkvæmdir ásamt tímalínunum og áætlunum. Ekki er komin tímasetning á verkefnið, en það veltur á gengi og verklokum í verkefni er varðar Hverfasjá og fjallað erum hér að neðan.

Betri borg fyrir börn: Skólaþjónusta

Verkefnið Betri borg fyrir börn: Skólaþjónusta miðar að því að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Verkefnið er unnið í samstarfi starfsfólks Velferðarsviðs, Skóla- og frístundasviðs, Þjónustu og nýsköpunarsviðs og i-teymisins en eigandi þess er verkefnastjóri borgarinnar um farsæld barna. Verkefnið er hluti af svokölluðum ÍSAKS tillögum sem kynntar voru á sameiginlegum fundi Velferðarráðs og Skóla- og frístundaráðs þann 8. júní 2021 og snýr að einföldun á aðgengi að þjónustu með rafvæðingu umsóknarferils skólaþjónustu og endurskoðun verklags og verkferla út frá notendamiðaðri hönnun. Með verkefninu er leitast við að færa skólaþjónustu í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna, veita viðeigandi stuðning sem fyrst og þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustumiðstöð hverfisins. Markmiðið er að styðja betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi í hverfinu, færa stjórnun stofnana Skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs. Verkefnið hófst í janúar 2022 og vinnur nú þverfaglegt teymi Velferðarsviðs, Skóla- og frístundasviðs, Þjónustu og nýsköpunarsviðs og i-teymis greiningar- og þróunarvinnu.

Nokkrum áföngum í verkefninu er þegar lokið. Í undirbúningsfasa var áskorunin afmörkuð og gerð verkefnaáætlun. Í uppgötvunarfasa var gerð rannsóknaráætlun, fyrsta tillaga að árangursmælikvörðum og notendarannsóknir framkvæmdar. Helstu sársaukapunktur í þjónustuferlinu hafa verið kortlagðir og hvaða þætti þjónustunnar er mikilvægast að bæta. Í skilgreiningafasa verkefnisins voru tillögur að lausnum mótaðar, og tengjast þær bæði stafrænum lausnum, verklagsbreytingum og ferlabreytingum. Í dag er verið að kortleggja hvernig kerfi innan borgarinnar og utan geta mætt þeim þörfum sem lausnirnar kalla á, og hvernig hægt sé að bæta verklag og ferla til að bæta þjónstuna. Þetta er mikilvægur grundvöllur fyrir næstu skref sem er val á lausnum, frumgerðir af lausnum, þróun lausna og innleiðing lausna. Úr þessu verkefni má vænta að margar lausnir verði innleiddar, og að sumar þeirra megi sjá árangur af innan skamms tíma á meðan aðrar eru kerfislægar lausnir sem tekur lengri tíma að undirbúa og innleiða.



Vefverkefni fyrir Borgarsögusafn og Listasafn Reykjavíkur

Verkefnið snýst um nýja vefi fyrir Borgarsögusafn annars vegar og Listasafn Reykjavíkur hins vegar. Núverandi staða er sú að bæði söfnin eru að læsast inni í úreltum kerfum sem hamla orðið starfsemi þeirra miðað við þær kröfur sem gerðar eru um öryggi vefja borgarinnar. Þetta hefur einnig áhrif þjónustu við borgara og aðra notendur safnanna. Ákall hefur verið um stuðning við að færa vefmál í bætt horf. Verkefnið er hafið og vinnustofur verða haldnar með verkefnahópum til að skilgreina þarfir áður farið er í hönnun og forritun. Í þessu verkefni er verið að skoða að þróa einn bakenda í stað tveggja eins og venjan er. Hér á að nýta samlegðaráhrif starfseminnar og líkindi hennar og vinna á hagkvæman hátt að lausn sem þjónar starfseminni, kröfum borgarinnar og notandanum. Stefnt er að því að nýta sameiginlegan grunn og þróa ólíka birtingarmynd gagnvart notandanum. Þannig er æltunin að skapa aukna hagkvæmni í þróun og viðhaldi auk þess að þekking og hæfni starfsmanna nýtist betur þvert á stofnanir borgarinnar.

Ábendingavefur

Ábendingavefur Reykjavíkurborgar er gátt sem íbúar geta notað til að senda inn alls kyns ábendingar um ýmislegt sem mætti betur fara, hvort sem er í þjónustu, þeirra nánasta umhverfi eða öðrum málaflokkum. Stefnt er að endurskoðun og umbótum á gáttinni og bættri úrvinnslu mála sem berast í gegnum hana. Tækifæri eru til að auka sjálfsafgreiðslu íbúa, auðvelda þeim að koma ábendingum á framfæri og fá úrlausn sinna mála. Þannig mætti einnig minnka álag á framlínuþjónustu, sérstaklega þegar álagspunktur koma upp eins og gerist reglulega. Endurskoðað verður hvernig ábendingar skila sér í verkbeiðnum, tryggja meira gagnsæi í ferlinu og að íbúar geti séð farveg ábendinga, stöðu þeirra og hver niðurstaða máls verður þegar ákvörðun hefur verið tekin. Þetta verkefni er í undirbúningi hjá stafrænum leiðtoga Umhverfis- og skipulagssviðs og vörustjóra ábendingavefjar hjá Þjónustu- og nýsköpunarsviði en öll svið borgarinnar munu þurfa að koma að þarfagreiningu síðar í ferlinu.

Atvikaskráning / áhættumat / vinnsluskráning

Verkefnið snýr að samræmingu fyrir atvikaskráningar og áhættumat auk verklags fyrir Reykjavíkurborg í heild sinni. Mikilvægt er að slík skráning sé með samræmdum hætti á rafrænu formi og verklag og þjálfun verði bætt í þeim málum. Það mun gera áhættustýringu markvissari og bæta eftirlit. Verkefnið hefur verið sett í forgang af sviðstjórn Fjármála- og áhættusviðs og verið lagt fyrir og samþykkt af verkefnaráði Þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Verkefninu var úthlutað verkefnastjóra ásamt vinnuhóp sem samstendur af starfsfólki fagsviða, eigendum þjónustu frá Fjármála- og áhættustýringu og öðrum sérfræðingum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði. Farið var í sameiginlega greiningu og stöðumat fyrir atvikaskráningu, áhættumat og vinnsluskráningu sem var unnin með öllum sviðum og er lokið. Vinna er í fullum gangi við þarfagreiningu, kortlagningu ferla og útfærslu með lykilotendum. Verið er að stilla upp kerfismynd bakvinnslu og stefnt að því að hefja þróun viðmóts og hefja innleiðingu með hagsmunadílum haustið 2022.

Styrkjagátt

Enginn samræmdur staður hefur verið til að halda utan um móttöku, umsýslu og afgreiðslu styrkja hjá borginni. Verkefnið mun auðvelda umsýslu og afgreiðslu og skapa hagræði fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar sem og að auka gagnsæi. Markmiðið er að öll svið geti nýtt sér gáttina og aðlagð fyrir sig. Þetta mun bæta yfirsýn og eftirfylgd sem og notendaupplifun umsækjandans. Verkefnið var sett í forgang af sviðstjórn Fjármála- og áhættustýringar og hefur verið lagt fyrir og samþykkt af verkefnaráði Þjónustu- og nýsköpunarsviðs.



Verkefninu hefur verið úthlutað verkefnastjóra ásamt vinnuhóp sem samanstendur af starfsfólki fagsviða, eigendum þjónustu og öðrum sérfræðingum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði úr umbreytingarteymum ásamt vöru- og verkefnastýringu. Greiningarvinna var unnin með aðkomu fulltrúa allra sviða í janúar og febrúar 2022. Niðurstaða greiningarvinnuna gerir verkefnið markvissara og hefur verkefnastjóri tekið við niðurstöðunum og verið er að móta tillögu að útfærslu.

Gagnsjá

Gagnsjá er heiti á safni verkefna sem miða að því að auka gagnsæi og aðgengileika að gögnum borgarinnar. Verkefnið er mjög umfangsmikið og hefur því af þeim sökum verið skipti í nokkra hluta. Fyrsti hluti þess lítur að umhverfi og aðgengi að gögnum t.d. í fundargerðum borgarinnar en það hefur verið flókið eða óþarflega tímafrekt að leita að upplýsingum, sérstaklega í eldri fundargerðum. Þessi hluti verkefnisins snýr að því að þróa upplýsingagátt sem bætir aðgengi íbúa, kjörinna fulltrúa og starfsfólks Reykjavíkurborgar að upplýsingum, s.s. fundargerðum. Verkefninu var úthlutað verkefnastjóra og settur saman vinnuhópur sem samstandur af starfsfólki fagsviða, eigendum þjónustu og öðrum sérfræðingum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði. Umtalsverð greiningarvinna hefur verið unnin og verkefnahópur er með verkefnið til frekari útfærslu.

Stafræn kort - sala aðgangskorta á vef

Sundlaugar Reykjavíkur og Fjölskyldugarðurinn nýta í dag sama kerfi í afgreiðslu og aðgangsstýringu hliða. Verkefnið snýr að því að taka upp sölu á stafrænum kortum á vef og mínum síðum Reykjavíkurborgar fyrir allar kortategundir sem Sundlaugar Reykjavíkur bjóða auk árskorta Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Lausnin mun einnig bjóða upp á möguleika að geta nýtt snjallsímann með smáforriti sem aðgangskort og sleppa þar með við útgáfu plastkorta að mestu. Óskað hefur verið eftir slíkri lausn af íbúum og mun verkefnið skapa hagræði og auðvelda sjálfsafgreiðslu sem og að minnka plastnotkun verulega. Það mun einnig minnka álag á starfsfólk í afgreiðslu og bæta upplifun gesta með því að bjóða upp á möguleika til að komast hjá biðröðum á álagstímum. Undirbúningur með hagsmunaaðilum hefur verið í gangi síðustu mánuði en verkefnið er komið af stað með verkefnastjóra og verkefnahópi og eigenda verkefnis frá Íþrótt- og tómsfundasviði og aðkomu sérfræðinga frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði. Byggt verður á því kerfi sem er í notkun nú þegar, en afgreiðslukerfið var uppfært nýlega í skýjalausn. Nú er unnið að þjónustuhönnun og samráði við notendur til þess að hanna góða upplifun en þróun verður útvistað. Hluti af verkefninu er einnig undirbúningur fyrir samþættingu við önnur kerfi á borð við Mínar síðar, rafræn skilríki, greiðslugáttir og annars konar vefþjónustur.

Sjálfsafgreiðsla og sjálfvirknivæðing ókeypis sundkorta

Reykjavíkurborg býður fólki á atvinnuleysisráði, öryrkjum, eldri borgurum og þeim sem þiggja fjárhagstaðstoð að fá sundkort án endurgjalds. Það ferli er í dag handvirkt og ógagnsætt fyrir notendur. Verkefnið miðar að aukinni sjálfsafgreiðslu og þar með minnka handavinnu og spara tíma starfsfólks í umsýslu en ekki síður skapa betri upplifun og auðvelda notendum sem eiga rétt á þjónustunni að nýta hana. Verkefnið hefur verið sett í forgang af sviðstjórn Íþrótt- og tómsfundasviðs og verið lagt fyrir og samþykkt af verkefnaráði Þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Tæknileg greining er hafin sem er undirbúningur fyrir samþættingu við ýmis kerfi eða vefþjónustur til að sjálfvirkni verði möguleg. Verkefnið er háð því að sala rafrænna aðgangskorta á vef klárast og er beint framhald af því verkefni.



Hverfið mitt 2.0

Reykjavíkurborg leggur áherslu á aukna íbúapátttöku og virkt lýðræði, sbr. lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var haustið 2021. Verkefnið snýr að uppfærslu og þróun á ferlum og kerfum ásamt veflausn sem kölluð hefur verið *Hverfið mitt* með það að markmiði að bæta upplýsingagjöf og viðmót fyrir íbúa ásamt því að auka skilvirkni fyrir starfsfólk og minnka tímafreka handavinnu. Veflausnin *Hverfið mitt* hefur gert íbúum borgarinnar kleift að setja inn hugmyndir að umbótum og ýmiskonar verkefnum sem efla, bæta, fegra og styðja við nærsamfélagið. Íbúar hafa kosið um verkefnin og þau sem fá mest fylgi fara í framkvæmd innan borgarinnar. Bakvinnslu, eftirfylgd og yfirsýn er ábótavant fyrir bæði notendur og starfsfólk. Umbætur á ferlinu var sett í forgang af stjórnendateymi miðlægrar stjórnsýslu en eigandi verkefnis er Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa. Verkefnastjóri, stafrænn leiðtogi og verkefnahópur frá miðlægrri stjórnsýslu og Umhverfis- og skipulagssviði hafa unnið að því að móta tillögur um framhald. Stefnt er að því að nýta innri kerfi sem borgin hefur þegar aðgang að fyrir bakvinnslu og farið verður í innkaup á lausn fyrir framenda.

Hvaða af þessum lausnum eru rétt ókomnar?

Erfitt getur reynst að skilgreina hvað teljist sem „rétt ókomnar“ í stafrænum þróunarverkefnum en eftirfarandi verkefni eru í innkaupaferli eða gengið hefur verið frá samningum um verkefnið og innleiðing er annað hvort að hefjast eða hefur verið hafin.

Hvirfill

Verkefnið snýr að því að bæta miðlægan gagnagrunn og viðburðadagatal fyrir Reykjavíkurborg svo hægt verði að nýta gagnagrunninn í fjölbreyttri miðlun og eru mikil samlegðaráhrif af verkefninu fyrir ýmsa þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar. Greining með verkefnastjóra og starfsfólki borgarinnar sem kemur að viðburðum hjá þremur sviðum borgarinnar var gerð í febrúar 2022. Gert er ráð fyrir að kerfið geti gegnt fjölbreyttu hlutverki í miðlun viðburða og sem undirliggjandi kerfi fyrir fjölbreyttar vefsíður sem miðla efni svo sem hátíðarsíðurnar og fjölmargt annað. Stefnt er að því að verkefninu ljúki fyrir haustið 2022.

Eldhúsumsjónarkerfi

Velferðarsvið er með starfandi framleiðslueldhús sem býður vistmönnum í samfélagshúsinu Vitatorgi og fleiri stöðum eldaðan mat ásamt því að bjóða þeim aðilum heimsendan mat sem ekki geta eldað mat sjálfir. Núverandi umsjónarkerfi eldhússins uppfyllir ekki nútíma þarfir og nauðsynlegt er að uppfæra kerfið með það að leiðarljósi að bæta þjónustu, auka sjálfvirkni og skapa tækifæri á hagræði í innkaupum á hráefni. Verkefnið snýr að því að setja upp stafrænt og gagnvirt umsjónarkerfi fyrir framleiðslueldhús sem og önnur eldhús á Skóla- og frístundasviði og Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Það er í takt við matarstefnu Reykjavíkurborgar og mun skila hagræði og einföldun fyrir starfsstaði sem nýta matarþjónustur. Verkefnið var sett í forgang af sviðstjórn sviðanna og hefur verið lagt fyrir og samþykkt af verkefnaráði Þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Greiningu með öllum hagsmunaaðilum er lokið og undirbúningur vegna innkaupa langt kominn.

Hverfasjá

Hverfasjá er vefgátt og vettvangur til að miðla upplýsingum til íbúa um skipulagsgögn hverfisskipulags. Þar koma fram skipulagsheimildir og leiðbeiningar um hvernig megi sækja um leyfi, t.d. byggingarleyfi eða beiðni um breytingu á deiliskipulagi. Mikil þörf hefur verið á að auka aðgengi íbúa að upplýsingum og auðvelda sjálfsafgreiðslu þegar kemur að því að finna út hvað íbúar og byggingaraðilar mega aðhafast innan gróinna hverfa borgarinnar.



Verkefnið snýr að uppfærslu og frekari þróun á Hverfasjóni, gera hana notendavænni og auðvelda íbúum og hagaðilum að finna upplýsingar um það sem snýr að þeirra húsnæði og hverfisskipulagi eða byggingaheimildir, t.d. hvort það megi byggja við húsnæði, bæta við íbúðum, kvistum, svölum, bílskúrum o.fl.. Markmiðið er að í gegnum Hverfasjá geti íbúar fundið á einfaldan og aðgengilegan hátt upplýsingar um hvað sé heimilt og hvað ekki á lóð þeirra eða húsi svo dæmi sé tekið. Þetta sparar íbúum sporin, minnkar þörf á að senda formlegar fyrirspurnir til byggingar- og skipulagsfulltrúa þar sem svar við spurningum þeirra má finna í gegnum Hverfasjá. Verkefninu er einnig ætlað að stytta ferli um afgreiðslutíma umsókna og fyrirspurna sem berast bæði byggingar- og skipulagsfulltrúa þar sem skipulagsgögn verða aðgengilegri öllum. Verkefnið er hjá verkefnastjóra í forgreiningu og nánari mótun í samvinnu við sérfræðinga og eigenda verkefnis á sviðinu. Grunnurinn að lausninni og skipulagsgögnunum er til en markmiðið er að hanna notendavænt viðmót fyrir Hverfasjóna til að auðvelda þeim sem leita sér upplýsinga í gegnum lausnina.

Kerfi fyrir heima-, stuðnings- og búsetuþjónustu Velferðarsviðs

Markmið verkefnisins er að bæta þjónustuveitingu með því að taka upp þjónustukerfi til þess að halda utan um beina veitingu og umsýslu á heima-, stuðnings- og búsetuþjónustu á Velferðarsviði. Kerfið mun vera notað af mjög stórum hópi starfsfólks sem veitir þjónustu á sviðinu og er ætlað að auðvelda utanumhald á daglegum rekstri og skapa tækifæri til hagræðingar. Jafnframt að auka yfirsýn starfsmanna, stjórnenda, notenda og eftir atvikum aðstandenda. Greining og vinna útboðsgagna er nú gangi með verkefnastjóra og starfsfólki Velferðarsviðs og mun útboðsferli hefjast í framhaldi.

Fræðslukerfið Torgið

Í júní 2021 fór fram útboð á evrópska efnahagssvæðið og gerði Reykjavíkurborg samning í kjölfarið við fyrirtækið eloomi a/s í desember 2021. Eftir að innkaupaferli lauk hefur verið unnið að samþættingu við önnur kerfi borgarinnar ásamt því að undirbúa innleiðingu kerfisins þvert á borgina. Allt starfsfólk borgarinnar mun hafa aðgang að fræðslukerfinu og verður kerfið gangsett á haustmánuðum 2022. Innleiðing á kerfinu mun auðvelda til muna alla umsýslu, eftirlit og miðlun á fræðslu. Kerfið mun veita starfsfólki auðveldara og jafnara aðgengi að þjálfun og fræðslu og stjórnendur geta úthlutað fræðslu til starfsfólks til að styðja við starfsþróun, fylgja eftir fræðsluskyldu og að stefnur, breytingar og ferli séu innleidd. Ný fræðslustefna mannaúts- og starfsumhverfissviðs er í samþykktarferli og Torgið er stór þáttur í að uppfylla markmið sem sett eru fram þar.

Starfsumsóknarkerfi

Reykjavíkurborg er stærsti vinnustaður landsins og telur starfsfólk yfir 11.000. Umsýsla ráðninga fyrir stjórnendur og mannaútsérfræðinga sem og umsækjendur var bæði flókin og tímafrek. Þjónustu- og nýsköpunarsvið ásamt Mannauðs- og starfsumhverfissviði unnu þarfagreiningu með það að markmiði að auðvelda starfsumsóknarferlið, bæði fyrir umsækjendur og starfsfólk. Innkaupum er lokið og hefur kerfið 50skills verið innleitt fyrir öll svið Reykjavíkurborgar. Með verkefninu hefur ráðningaferlið verið einfaldað fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Unnið er að samþættingu kerfisins við ýmis önnur innri kerfi Reykjavíkurborgar með það að markmiði að spara tíma starfsfólks sem og að bæta upplifun nýs starfsfólks af því að hefja störf hjá Reykjavíkurborg. Verkefnið er því komið í gang en áframhaldandi vinna fer fram við frekari samþættingar til að tryggja aukið hagræði og sjálfvirkni.



Eignaumsjónarkerfi

Innleiðing á eignaumsjónakerfinu frá Main manager er vel á veg komin hjá Umhverfis- og skipulagssviði og þvert á önnur svið borgarinnar hjá umsjónarmönnum fasteigna Áætluð lok innleiðingar eru 15. desember 2022. Settur hefur verið vörustjóri sem heldur utan um lausnina, svo samhliða því að ljúka innleiðingu verður unnið með öllum sviðum í að nýta kerfið sem best. Í eignaumsjónakerfinu er haldið utan um allt viðhald mannvirkja og lóða Reykjavíkurborgar, ef frá eru taldar umferðargötur og lýsing, hvort sem um er að ræða áætlað, fyrirbyggjandi eða tilfallandi viðhald. Markmið með notkun kerfisins er m.a. að fá betri yfirsýn yfir viðhaldsþörf eigna, viðhaldskostnað, líftíma bygginga eða byggingarluta og gæði þjónustunnar sem veitt er. Notkun eignaumsjónarkerfisins skerpir á verkferlum í viðhaldi eigna. Sagan er skráð í kerfið frá því að áætlun eða beiðni um viðhald er skráð og þar til verki lýkur. Auðveldara verður að viðhafa kostnaðargát, auka hagræði og gæði viðhaldsins auk þess sem verkefnastjórar viðhaldsframkvæmda, stjórnendur Reykjavíkurborgar, notendur eigna og þjónustuaðilar munu fá betri yfirsýn yfir framkvæmdir, kostnað og framgöngu verkefna. Kerfið býður upp á fjölbreytta virkni sem mun nýtast vel á mörgum sviðum og samhliða innleiðingu er greining í gangi um hvernig nýta megi möguleika kerfisins enn betur til að bæta rekstur, ut anumhald og yfirsýn.

Rafrænar jafnréttisskimanir

Krafa er um að unnin sé jafnréttisskimanun eða jafnréttismat fyrir öll verkefni sem Reykjavíkurborg úthlutar fjármagni til. Verið er að útfæra stafrænt ferli og gagnasöfnun sem skapar yfirsýn yfir jafnréttisskimanir á einum stað auk þess að geta í fyrsta skipti safnað tölfraði um hvernig og hvort svið vinna þessar skimanir og greina þar með tækifæri til úrbóta ef þörf er á.

Hátíðarvefir

Í dag rekur borgin sérstakt vefsvæði fyrir stóru hátíðir borgarinnar þ.e. Þjóðhátíðardaginn, Menningarnótt, Barnamenningarhátíð og Vetrarhátíð. Með nýjum vef borgarinnar gefst tækifæri á að loka þessum sérvefum og færa upplýsingarnar inn á vefinn reykjavik.is þar sem upplýsingar um hátíðirnar, dagskrá þeirra og annað þeim tengt verður rekið samkvæmt öryggiskröfum borgarinnar og á notendavænan og hagkvæman hátt fyrir alla notendur.

Aðsóknartölur fyrir sundlaugar

Gagnateymi Reykjavíkurborgar tengdi upplýsingar um aðsókn úr afgreiðslukerfi og aðgangshliðum við gagnalausn og gerðu það þannig kleift að birta rauntölur um aðsókn í sundlaugarnar beint á vef. Virknin er tilbúin og hefur verði tengd síðan í lok desember 2021. Sökum tíðra breytinga á aðgangstakmörkunum í Sundlaugarnar var lausnin talin óáreiðanleg til að stýra aðgangi í sundlaugarnar og var hún tekin af vefnum. Stefnt er að því að lausnin verði virkjuð aftur á árinu 2022.

Gagnadrifinn rekstur

Sundlaugar Reykjavíkur og Fjölskýldu og húsdýragarðurinn nýta sama afgreiðslu- og birgðakerfi. Reglulega er kallað eftir upplýsingum um aðsókn, meðal annars frá fjölmiðlum og kjörnum fulltúrum. Einnig eru gögn um nýtingu korta notuð í rekstri til að dreifa fjármagni á starfstaði og við innkaup og skipulag birgða sem og vakta á hverjum stað. Til þess að forstöðumenn eða fjármálastjóri geti séð tölfraði um aðsókn, dreifingu og nýtingu allra sundlauga, krefst það tímafrekrar handavinnu að sækja gögnin handvirkt úr bakenda og setja upp í töflur. Til þess að geta nýtt gögn við ákvarðanatöku er nauðsynlegt að þau séu aðgengileg hratt og í rauntíma.



Verkefnið sneri að því að tengja vefþjónustur úr afgreiðslu og birgðarkerfinu í PowerBI tól og útfæra þannig sjálfvirkar skýrslur og spara mikinn tíma starfsfólks. Gagnateymi Reykjavíkurborgar hóf útfærslu apríl í samvinnu við eiganda verkefnis frá Íþróttta og tómstundarsviði og var hún tilbúin í maí og er komin í notkun.

Sorphirðudagatal

Stefnt er að því að taka í notkun nýtt og uppfært sorphirðudagatal fyrir byrjun næsta árs þegar nýtt sorphirðudagatal er venjulega birt borgarþúum en núverandi dagatal er mjög mikið notað. Þá á einnig að birta áætlun um losun grenndargáma í nýju sorphirðudagatali. Stefnt er á að nýtt sorphirðudagatal verði aðgengilegt á nýju vefsvæði sorphirðunnar innan reykjavik.is fyrir áramót 2022/2023.

Rafrænar umsóknir um starfsleyfi

Verið er að útbúa rafræna umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til að einfalda umsóknarferlið fyrir íbúa og lögaðila. Vinna er langt komin og stefnt er að því að umsóknin verði aðgengileg á Mínum Síðum Reykjavíkurborgar fyrir haustið 2022. Samhliða er verið að setja upp rafrænt form fyrir ábendingar og kvartanir til Heilbrigðiseftirlitsins er varða leyfisskylda og eftirlitsskylda starfsemi. Markmið verkefnisins er að einfalda umsóknir um starfsleyfi og gera þær aðgengilegri fyrir umsækjendur, auk þess að auðvelda umsýslu umsókna hjá Heilbrigðiseftirlitinu. Heilbrigðiseftirlitið tekur á móti miklum fjölda starfsleyfisumsókna á hverju ári og hagsmunir umsækjenda geta verið miklir þegar kemur að hraðri afgreiðslu umsókna og veitingu starfsleyfa. Heilbrigðisfulltrúar verja miklum tíma í yfirferð starfsleyfisumsókna og skráningu þeirra inn í umsýslukerfi en með rafrænum umsóknum verður þessi skráning sjálfvirk, sem sparar heilbrigðisfulltrúum mikinn tíma og vinnu auk þess að flýta fyrir afgreiðsluferlinu gagnvart umsækjendum. Þá ber Heilbrigðiseftirlitinu einnig skylda til að birta yfirlit yfir öll útgefin starfsleyfi en rafræn umsýsla starfsleyfa gerir birtinguna einfaldari og í framtíðinni verður birtingin sjálfvirk.

Ráðgjafinn

Kerfi fyrir ráðgjöf, samskipti, mat og útfærslu á þjónustu við fatlað fólk. Verkefnið er umbylting í þjónustu við fatlaða íbúa borgarinnar sem sækja sér velferðarþjónustu og eykur yfirsýn bæði umsækjenda og starfsfólks til muna. Kerfið er komið í loftið og stendur nú yfir innleiðing og áframhaldandi umbætur. Kerfið er fjórþætt, 1) símabókun fyrir íbúa borgarinnar, 2) viðmót símaráðgjafa í Rafrænni þjónustumiðstöð velferðarsviðs, 3) viðmót ráðgjafa á þjónustumiðstöðvum og 4) gagnvirk íbúagátt fyrir íbúa þar sem þeir geta nálgast gögn, sent inn upplýsingar rafrænt o.fl. Stefnt er að því að færa fleiri þjónustubætti velferðarsviðs inn í Ráðgjafann t.d. í málaflokki barna og fjölskyldna, eldra fólks, félagslegrar ráðgjafar og virkni.

S5

Tekið hefur verið í notkun húsnæðisumsjónarkerfið S5 sem gerir Velferðarsviði kleift að afgreiða húsnæðisumsóknir með skilvirkari hætti. Kerfið sparar mikla vinnu, skapar yfirsýn og samræmir verklag. Kerfið var innleitt fyrir umsóknir um almennt félagslegt leiguhúsnæði hjá Reykjavíkurborg í febrúar 2022. Nú er unnið að tengingu rafrænna umsókna á mínum síðum við kerfið og uppsetningu fyrir þjónustuíbúðir aldraðra, húsnæði fyrir fatlað fólk og húsnæði fyrir heimilislausa.



Og hvaða raf/stafrænar lausnir, ef einhverjar, sem áttu að vera tilbúnar núna eru ekki fyrirjáanlegar að komist í virkni á þessu ári?

Eftirfarandi verkefni eru vel á veg komin í greiningu og undirbúningi útboða. Tafir hafa oftast tengst vandamálum í aðfangalínnum og flutningum vegna heimsfaraldurs sem hafa t.d. tafið framleiðslu á búnaði. Einnig vegna tafa og áskorana við að afla þeirra lausna sem henta best sem einnig er afleiðing heimsfaraldurs og hefur t.d. skapast vegna fjarveru og skorti á starfsfólki. Af þeim sökum hefur tímalína þeirra riðlast en innleiðing er fyrir séð á árinu 2022.

Prentun í skýið

Farið var í útboð á prenturum og prentumhverfi borgarinnar með það að markmiði að skapa hagræði með einföldun, fækkun prentara og samræmingu á tegundum prentara. Einnig að innleiða prentun með skýjalausn og auka þægindi og öryggi svo starfsfólk geti sent í prentun og sótt í þann prentara sem hentar óháð starfsstöð viðkomandi. Eftir greiningu og samráð var send út markaðskonunnun í upphafi 2022 en ekkert tilboð uppfyllti kröfur í kröfulýsingu. Kröfulýsing er í endurskoðun með verkefnahóp og útboð í undirbúningi.

Teams símakerfi

Stefnt er að því að öll svið Reykjavíkurborgar noti samræmt Teams símakerfi. Tilraunainnleiðingu var lokið haustið 2021 á fimm starfsstöðvum og er undirbúningur fyrir innleiðingu í skrefum langt kominn, samhliða undirbúningi á útboði á tengdum búnaði. Innleiðing mun vera samhliða Office365 sem útskýrt var hér að ofan.

Innleiðing á fjarfundabúnaði á starfstöðvum

Í græna planinu voru tilgreind umbótaverkefni og áhersla lögð á að styrkja innviði Reykjavíkurborgar í upplýsingatækni. Eitt slíkt verkefni var innleiðing á fjarfundabúnaði á starfstöðvum borgarinnar. Fyrsti fasi verkefnisins var að uppfæra og setja upp fjarfundabúnað þar sem hann vantaði í stjórnsluhúsum borgarinnar. Næsti fasi var að bjóða fjarfundabúnað víðar á starfstöðvum borgarinnar með það að markmiði að auðvelda samstarf þvert á borgina, spara tíma og umferð við að ferðast á milli staða þegar möguleiki er á fjarfundi. Sá hluti hefur tafist, en greining var unnin á þeim stöðum á sviðunum sem helst væri þörf á slíkum búnaði. Seinni fasi er að hófst í apríl 2022 þar sem svið geta pantað búnað, en vegna tafa og skort á búnaði á heimsvísu gæti afhending tekið allt að fjóra til sex mánuðir. Verkefnið mun halda áfram í samvinnu við stjórnendur sviða og skrifstofa árið 2022 og 2023.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Pröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavík



Reykjavík, 30. ágúst 2021
PON21080023

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda og afköst stafrænna leiðtoga - R21080162.

Vísað er til bréfs, dagsett 27. ágúst 2021, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um fjölda og afköst stafrænna leiðtoga.

Virðingafyllst,

Þróstur Sigurðsson,
Skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur

Reykjavík, 30. ágúst 2021
PON21080023

SVAR

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Pröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda og afköst stafrænna leiðtoga - R21080162.

Á fundi borgarráðs þann 26. ágúst 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 41 lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Þrátt fyrir gríðarleg ráðgjafarkaup sviðsins, er alltaf verið að auka í hugmyndavinnuna sem ætlar greinilega engan endi að taka. Það þarf auðvitað ekki að koma á óvart að óstjórn á hinu stafræna sviði hjá þjónustu- og nýsköpunarsviðs auki enn á útgjöldin enda heilar tíu þúsund milljónir, þetta og næsta ár sem sviðið vill klárlega ná að eyða. Borgarfulltrúi Flokks fólksins spyr þess vegna: hversu mörgum stafrænum leiðtogum þarf þjónustu og nýsköpunarsvið á að halda ofan á allt annað sem búið er að eyða í allskyns hugmyndavinnu og tilraunastarfsemi og hvað munu borgarþátttakar fá í hendurnar fyrir þann pening sem þessar ráðningar stafrænna leiðtoga munu kosta?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsett þann 27. maí 2021.

Svar:

Hversu mörgum stafrænum leiðtogum þarf þjónustu- og nýsköpunarsvið á að halda ofan á allt annað sem búið er að eyða í allskyns hugmyndavinnu og tilraunastarfsemi?

Þjónustu- og nýsköpunarsvið þarf ekki á stafrænum leiðtogum að halda. Þeir eru svar við ákalli stjórnenda og starfsfólks fag- og kjarnasviða borgarinnar um öflugri stuðning inn á sviðin svo að markmiðum borgarinnar í stafrænni vegferð verði náð. Stafrænir leiðtogar starfa inn á fag- og kjarnasviðum borgarinnar og veita yfirstjórn þeirra stuðning og ráðgjöf vegna stafrænnar umbreytingar í starfsemi þeirra. Þeir forgangsraða m.a. verkefnum sviða og stjórna gerð verkefnatillagna. Þannig vinna þeir mjög mikilvægt starf sem krefst sérþekkingar sem ekki hefur verið til staðar innan borgarinnar.

Stafræn umbreyting fylgir hefðbundnu breytingastjórnunarferli og því er mikilvægt að líta á hana heildrænt. Samhliða vinnu við gerð og framlagningu fjárhags- og fjárfestingaráætlunar í borgarráði seinni hluta árs 2020 voru haldnar vinnustofur með yfir 40 sviðsstjórum, skrifstofustjórum ásamt völdum fulltrúum af fag- og kjarnasviðum borgarinnar. Stuðst var við 360° endurgjöf (e. 360° feedback) sem er frammistöðumatskerfi sem felur í sér endurgjöf frá mörgum matsmönnum. Með vinnustofunum gafst þjónustu- og nýsköpunarsviði tækifæri til að



fá mikilvægar upplýsingar um afstöðu þeirra sem þátt tóku til framgöngu verkefna sviðsins að loknu fyrsta starfsári þess. Þetta var nauðsynlegt með hliðsjón af því að sviðið hafði þá þegar fengið það verkefni að leiða stafræna vegferð borgarinnar og hafði unnið að framgangi tengdra verkefna árin á undan. Á vinnustofunum fékkst gagnleg yfirsýn og fram komu upplýsingar um helstu styrkleika og veikleika starfseminnar eins og hún hafði verið rekin sem og hugmyndir að umbótataækifærum. Niðurstöðurnar voru nýttar til umbóta í skipulagi og starfsemi sviðsins sem komu til framkvæmda í byrjun árs 2021. Á framangreindum vinnustofum kom fram skýrt fram að svið borgarinnar voru vanbúinn þekkingarlega séð til þess að takast á við þær breytingar sem stafræn vegferð krefst. Þetta gerði það að t.d. aðverkum að verkefni gengu hægar en vonir stóðu til.

Hlutverk stafræns leiðtoga hjá Reykjavíkurborg er ekki uppfinning Þjónustu- og nýsköpunarsviðs heldur hlutverk sem verið hefur að þróast í starfsemi stofnana og fyrirtækja um allan heim. Stafræn umbreyting og allt sem henni fylgir er enda verkefni sem allir eru að fást við um þessar mundir. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, sem er það svið sem hvað lengst er komið í stafrænni umbreytingu, kom auga á þörf fyrir þetta hlutverk mjög snemma og þar kom fyrsti stafræni leiðtogi borgarinnar til starfa. Með ráðningu stafræns leiðtoga sýndi sviðið einstaka framsýni enda var það tilbúið að leiða þjónustu sína inn í nýja tíma með gagngerri endurskoðun allra ferla. Stafrænni leiðtogi vann að því að undirbúa jarðveginn á sviðinu, leiða saman ólíka hagaðila, hlusta og skilja þarfir notenda og starfsfólks, spyrja gagnrýnna spurninga, koma auga á tækifæri til umbóta, forgangsraða og úthluta verkefnum og sjá til þess að hjólin væru að snúast. Viðkomandi varð einskönar sameiningatákn sem talaði fyrir nýjum leiðum til að bregðast við áskorunum.

Reynsla Velferðarsviðs af þessu nýja hlutverki var því mjög jákvæð og þörf annarra sviða fyrir sambærilegt hlutverk lá skýrt fyrir í kjölfar ofangreindra vinnustofa. Því var lagt til að farin yrði sú leið að setja sambærilegt hlutverk inn á öll svið borgarinnar. Svið Reykjavíkurborgar hafa því þegar þetta svar er skrifað hvert um sig einn stafrænan leiðtoga sem starfar í þeirra þágu og vinnur náið með sviðstjóra, stjórnendum og starfsfólki sviðsins í stafrænum verkefnum, þróun og breytingarstjórnun. Stafrænir leiðtogar eru sjö samtals: 100% staða á Velferðarsviði, 50% staða á Íþrótt- og tólmundarsviði, 50% staða á Menningar- og ferðamálasviði, 100% staða á Skóla- og frístundarsviði, 100% staða á Umhverfis- og skipulagssviði, 100% staða á Fjármála- og áhættustýringasviði og 100% staða fyrir miðlæga stjórnsýslu, 50% staða á Mannauðs- og starfsumhverfisviði og 50% staða teymisstjóra. Stafrænir leiðtogar starfa því allir úti á sviðunum en einnig sem teymi þvert á sviðin með það að markmiði að tryggja yfirsýn stafrænna verkefna sín á milli og skapa tengingu á milli sviða og verkefna þvert á borgina, sem og milli viðkomandi sviðs og þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Hvað munu borgarþágar fá í hendurnar fyrir þann pening sem þessar ráðningar stafrænna leiðtoga munu kosta?

Hafið er er eitt mesta umbreytingarskeið atvinnusögu heimsins sem kennt hefur verið við fjórðu iðnbyltinguna. Stafræn umbreyting er sú breyting sem knýr fjórðu iðnbyltinguna og mun hafa áhrif á nánast öll störf og starfsaðferðir heimsins á næstu áratugum. Atburðir eins og loftslagsváin og yfirstandandi heimsfaraldur hafa síðan þrýst á hröðun á stafrænni umbreytingu verkferla og starfa. Það er þó þannig að þekking og skilningur fólks, fyrirtækja og stofnana á eðli stafrænnar umbreytingar og þeim tækifærum er henni fylgja er mjög mismunandi. Stafræn umbreyting byggir enda á því að virkja tæknilausnir eins og gervigreind, forritaskil og sjálfvirkni til að sinna ákveðnum verkefnum sem starfsfólk hefur fram að þessu sinnt. Mikill



Skilningur á tækni er því nauðsynlegur en ekki síður djúpur skilningur á þeim verkefnum eða þjónustuferlum sem umbreyta á. Sömuleiðis er þörf á mikilli hæfni í mannlegum samskiptum og þekkingu á breytingarstjórnun svo eitthvað sé nefnt. Stafrænir leiðtogar eru því talsmenn breytinganna og skapa fyrst og fremst huglægt virði fyrir sviðin sem kjarnst að lokum í hlutlægu virði í formi stafrænna vara og framúrskarandi þjónustu íbúa á þeirra forsendum.

Hlutverk stafrænna leiðtoga er þannig að hafa yfirsýn yfir stafræn verkefni á sínu sviði sjá ný tækifæri og forgangsraða mikilvægustu verkefnum í samvinnu við stjórn sviðsins. Þeir móta áskoranir borgarbúa og starfsfólks, tengja saman rétta fólkið og koma verkefnum í framkvæmd. Markmiðið er að skapa virðisauka með framsækinni þróun, koma á móts við auknar þarfir og kröfur notenda um aðgengi að stafræna þjónustu og upplýsingum, mæta þörf á uppfærslu innviða, auka skilvikni og yfirsýn, draga úr pappírsmarkaði og fleira. Stafrænn leiðtogi skapar einnig virði með því að vera öflugur tengiliður og talsmaður, tala fyrir og styðja við stafræna nýsköpun og sjá tækifæri og áskoranir sem og að vera lykilaðili í innleiðingu stórra verkefna sem krefjast mikilla breytinga.

Stafræn samskipti og upplýsingatækni verður sífellt samtvinnuðra við alla þjónustuveitingu, bakvinnslu og grunnkerfi borgarinnar en hvert og eitt svið hefur mörg viðamikil undirliggjandi kerfi sem styðja við þá þjónustu sem þau veita. Stafrænir leiðtogar eru því til viðbótar einskonar vöruskrárstjórar og halda utan um áframhaldandi þróun á stafrænni þjónustu sem sett er í loftið og tryggja faglega nálgun og stöðugar endurbætur í takt við þarfir borgarbúa sem gera sífellt auknar kröfur til starfseminnar.

Stafrænir leiðtogar á hverju sviði hafa yfirsýn og þekkingu á þeim kerfum, þjónustu og áskorunum sem mæta borgarbúum og starfsfólki sviðsins. Með öflugri samvinnu verður því bæði aukið virði í bættri og hraðari þjónustu við borgarbúa, en einnig stóraukið tækifæri á að minnka sóun og auka hagræði. Stafrænir leiðtogar eru því mikilvægir hlekkir í því öfluga samstarfi sem verður að eiga sér stað á milli sviða, sérþekkingar starfsmanna og upplýsingatækninnar til þess að skapa lausnir sem ávallt hafa þarfir borgarbúa að leiðarljósi og leitast við að skapa virði fyrir þá sem og einfalda eða skapa hagræði til lengri tíma í innviðum borgarinnar.

Hlutverk Þjónustu- og nýsköpunarsviðs er að vera sameiginlegur snertipunktur stafrænna leiðtoga, vettvangur þar sem bættir innviðir og undirliggjandi kerfi, miðlæg upplýsingatækni og ferlar í þróun og nýsköpun koma saman. Þessi nálgun miðar að því að gera borginni kleift að takast á við flóknar stafrænar áskoranir af mun meiri hraða en annars og tryggja í leiðinni samræmi og að nýting sameiginlegra tækniinnviða á sem hagkvæmastan hátt.

Virðingafyllst,

Pröstur Sigurðsson,
Skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur


Reykjavík, 20. janúar 2022
PON22010019

Til Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

***Efni: Kynning stafrænna leiðtoga um stafræna vegferð og stöðu á sviðum borgarinnar -
PON22010019***

Meðfylgjandi er kynning sem fer fyrir Mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráð ráðið þann 27. janúar 2022. Óskað var eftir kynningu frá stafrænum leiðtogum sviða borgarinnar og farið yfir hlutverk og fyrstu mánuðina í starfi og stöðu verkefna í vinnslu, undirbúningi og áherslur. Leiðarljós PON um stafræna vegferð, umbreytingu þjónustu og kúltúrhakkið ramma inn áherslurnar í starfinu og þá vegferð að breyta innviðum og bæta þjónustu með stafrænni tækni auk þess að virkja þekkingu mannauðsins og stuðla að breytingum sem skapa virði og minnka sóun.

Virðingafyllst,



Ásta Þöll Gylfadóttir,
Teymisstjóri Stafrænna leiðtoga

Meðfylgjandi er PON22010019 kynning stafrænna leiðtoga um stafræna vegferð og stöðu á sviðum borgarinnar



Stafræn vegferð sviðanna

Stafrænir leiðtogar
segja sögur úr borginni





Hverjir eru stafrænir leiðtogar?



Áslaug Eva Björnsdóttir
MOS+MSS



Jón Hafsteinn Jóhannsson
SFS



Velina Apostolova
USK



Styrmir Erlingsson
VEL



Lára Aðalsteinsdóttir
MOF



Stefán Viðar Grétarsson
FAS



Ásta Þöll Gylfadóttir
Teymistjóri + ÍTR



Edda Jónsdóttir
Teymisstjóri
Fæðingarorlof





Leiðarljós



STAFRÆN
VEGFERÐ

NOTENDAMIÐUÐ
ÞJÓNUSTA

KÚLTÚRHAKK

Breyta innviðum

Í því felst meðvituð ákvörðun um að breyta innviðum og bæta þjónustu í gegnum stafrænar lausnir



Umbreyta þjónustu

út frá þörfum borgarbúa þar sem stafrænar lausnir verða fyrsta val í þjónustu



Aðlaga störf

í samtali og samvinnu með starfsfólki borgarinnar með því að virkja þekkingu mannauðsins og stuðla að breytingum sem skapa virði





Af hverju stafrænir leiðtogar?

- Stafrænir leiðtogar: ný hlutverk, hluti af átaki um stafræna umbreytingu
- Ákall úr borginni í kjölfar skipulagsbreytinga
- Þróast hratt í takt við þörf hverju sinni



Starfa náið með sínu sviði



Tryggja góð tengsl, yfirsýn og tækifæri þvert á borgina



Þekking og skilningur á ferlum verkefna innan ÞON



Bakland - Stuðningur og faglegt samstarf



Þekkingarmiðlun og eftirfylgni við innleiðingar



Fjölbreytt hæfni og sérþekking



Hvað gera

Stafrænir leiðtogar?



- Móta sýn og hafa yfirsýn yfir stafræn tækifæri og verkefni
- Millistykki – einfalda, tengja, miðla og móta
- Starfa með vörustjórum í áframhaldandi þróun
- Smíða brýr og tengja saman fólk um alla borg
- Eru auðveldarar (facilitators) Hlusta - skilja
- Forgangsráða verkefnum í samvinnu við sviðsstjórn
- Virkja skapandi hugsun, snúa öllu á hvolf og hvetja fólk til að fá hugmyndir



Hvar erum við stödd?

STAFRÆN VEGFERÐ

2021

2023



Við erum hér



Ferli verkefna

Greina áskoranir, kafa á dýptina með starfsfólki sviðanna, móta virði, markmið og æskilega útkomu verkefna

Greina tækifæri fyrir stafræna tækni, nýtingu gagna og sjálfvirknivæðingu

Styðja við innleiðingar, vinna með verkefnastjórum og vörustjórum og fylgja eftir verkefnum inn á sviðin

Bæta verklag inni á fagsviðum Aðlaga störf

Uppstilling teymis

Móta sýn og vegvísi verkefna fyrir næstu árin

Ákvörðun sviðsstjórnar um forgangsröðun

Verkefnaráð þON raðar inn í framleiðslu

Sitja í stýrihópum verkefna


Verkefni og starfsfólk sjálfbært innan fagsviða

UPPGÖTVUN

MÓTUN

FRAMLEIÐSLA

REKSTUR





FRAMSÆTIÐ
HANDLEIÐSLA STAFRÆNNA LEIÐTOGA

LÝKUR

STAFRÆNIR LEIÐTOGAR

→ Upphaf, mótun & stuðningur ←

UPPGÖTVUN

Greiningar

- Uppstilling
- Núverandi staða
- Helstu notendur & hagaðilar

Viðmið

- Stefnur & Græna planið
- Aðgengi, jöfnuður, umhverfismál
- Lög & reglugerðir

Kúltúrhakk- umbreyting þjónustu

- * Áhrif á störf
- * Áskoranir & tækifæri
- * Notendasögur
- * Upplifunarferli - notenda/starfsfólks

MÓTUN

Úrvinnsla

- Leggja til notendaránnsóknir
- Hugmyndun & samhengi
- Frumgerðir
- Kortlagning
- Samráð við UT arkitekta

Þróun

- Prófanir með notendum
- Ítranir eftir prófanir

VERKEFNARÁÐ

→ mat & val ←

VARÐA

- Verkefnamat
- Grófar áætlanir
- Vöruskrárstjóri og teymi sérfræðinga

- * Mission model canvas
- * Mat á stærð verkefna
- * Mini sprettir

SVIÐ OG SKRIFSTOFUR

→ framkvæmd & viðhald ←

FRAMLEIÐSA

- Stærð og umfang verkefna
- Verkáætlun
- Kostnaðarmat
- Áhættugreining

Ólíkar þróunarleiðir

- * Verkefnateymi
- * Umbreytingarteymi
- * Verkefnastofa
- * Úvistun
- * Útboð

REKSTUR

- Ný hlutverk/störf starfsfólks
- Eftirfylgni
- Stöðugar umbætur
- Mælingar
- Gagnadrifin nálgun

VERKLAG VERKFÆRI

ÚTKOMA AFURÐ

SAMSTARF MILLI SVIÐA

FJÁRMAGN

- Áskorunarstrigi og FYLKID fyllt út
- Forgansröðun verkefna
- Skilningur & skuldbinding
- Raunsæ markmið
- Sýn - Lykilþættir helstu áskorana
- Grófur tímarammi & leiðarkort

- Val á rétttri áskorun
- Tæknilegir möguleikar
- Eignarhald & ábyrgð verkefna
- Ákvörðun sviðsstjórnar um forgangsröðun

- Forgangur verkefna heilt yfir svið & skrifstofur
- Ákvörðum um framgang
- Verkefnum stýrt í ólíkar þróunarleiðir
- Verkefnaráð raðar inn í framleiðslu

- Vara eða þjónusta tilbúin í innleiðingu
- Rekstraráætlun
- Viðhaldsáætlun
- Áhrif á þjónustu / starfsfólk

- Rekstraráætlun
- Viðhaldsáætlun inn í ÞON
- Endurmat/aukið fjármagn
- Sýn → markmið → aðgerðir
- Vörustýring

Eigendur þjónustu & stafrænir leiðtogar
+ tækni sérfræðingar & hönnuðir (innan húss/útvistað)

Vöruskrárstjóri &
sérfræðingar ÞON

Sérfræðingar ÞON + svið & skrifstofur
Stafrænir leiðtogar sitja í stýrihópum

Svið, skrifstofur & ÞON

ÞON

ÞON

ÞON, svið & skrifstofur

Svið & skrifstofur



FRAMSÆTIÐ
HANDLEIÐSLA STAFRÆNNA LEIÐTOGA

LÝKUR

STAFRÆNIR LEIÐTOGAR

→ Upphaf, mótun & stuðningur ←

UPPGÖTVUN

MÓTUN

Greiningar

- Uppstilling
- Núverandi staða
- Helstu notendur & hagaðilar

Viðmið

- Stefnum & Græna planið
- Aðgengi, jöfnuður, umhverfismál
- Lög & reglugerðir

Kúltúrhakk - umbreyting þjónustu

- * Áhrif á störf
- * Áskoranir & tækifæri
- * Notendasögur
- * Upplifunarferli - notenda/starfsfólks

Úrvinnsla

- Notendaránnsóknir
- Hugmyndun & samhengi
- Frumgerðir
- Kortlagning ferla
- Samráð við UT arkitekta

Þróun

- Prófanir með notendum
- Ítranir eftir prófanir

Greiningar

- Uppstilling
- Núverandi staða
- Helstu notendur og hagaðilar



VERKLAG
VERKFÆRI

ÚTKOMA
AFURÐ

- Áskorunarstrigi og FYLKIÐ fyllt út
- Forgangsröðun verkefna
- Skilningur & skuldbinding
- Raunsæ markmið
- Sýn - Lykilþættir helstu áskorana
- Grófur tímarammi & leiðarkort

- Val á réttri áskorun
- Tæknilegir möguleikar
- Eignarhald & ábyrgð verkefna
- Ákvörðun sviðsstjórnar um forgangsröðun

Forgangsröðun sviða

- Vinna með stjórnendum og velja rétt verkefni
- Móta sýn fyrir stafræna vegferð
- Undirstaða leiðarkorts verkefna framundan


SAMSTARF
MILLI SVIÐA

Eigendur þjónustu & stafrænir leiðtogar
+ tækni sérfræðingar & hönnuðir (DPS/innan húss)

FJÁRMAGN

Svið, skrifstofur & ÞON

ÞON



FRAMSÆTIÐ
HANDLEIÐSLA STAÐFÆRNI LEIÐTOGA

LÝKUR

STAÐRÆNIR LEIÐTOGAR

→ Upphaf, mótun & stuðningur ←

**VERKLAG
VERKFÆRI**

UPPGÖTVUN	MÓTUN
<p>Greiningar</p> <ul style="list-style-type: none"> → Uppstilling → Núverandi staða → Helstu notendur & Hagaðilar <p>Viðmið</p> <ul style="list-style-type: none"> → Stefur & Græna planið → Aðgengi, jöfnður, umhverfismál → Lög & reglugerðir 	<p>Úrvinnsla</p> <ul style="list-style-type: none"> → Notendaránnsóknir → Hugmyndun & samhengi → Frumgerðir → Kortlagning ferla → Samráð við UT arkitekta
<p>Kúltúrhack - umbreyting þjónustu</p> <ul style="list-style-type: none"> * Áhrif á störf * Áskoranir & tækifæri * Notendasögur * Upplifunarferli - notenda/starfsfólks 	<p>Þróun</p> <ul style="list-style-type: none"> → Prófanir með notendum → Ítranir eftir prófanir

**ÚTKOMA
AFURÐ**

<ul style="list-style-type: none"> → Áskorunarstrigi & FYLKID fyllt út → Forgansröðun verkefna → Skilningur & skuldbinding → Raunsæ markmið → Sýn - Lykilþættir helstu áskorana → Grófur tímarammi & leiðarkort 	<ul style="list-style-type: none"> → Val á réttri áskorun → Tæknilegir möguleikar → Eignarhald & ábyrgð verkefna → Ákvörðun sviðsstjórnar um forgansröðun
---	---

**SAMSTARF
MILLI SVIÐA**

Eigendur þjónustu & stafrænir leiðtogar
+ tækni sérfræðingar & hönnuðir (DPS/innanhúss)

FJÁRMAGN

Svið, skrifstofur & ÞON

ÞON

Starfsfólk sviða virkjað - vinnustofur


- * Samstarf um að skilgreina tækifæri
- * Þátttakendur í þverfaglegum greiningum
- * Samstarf í innleiðingum
- * Breytt verklag og tileinka sér nýja tækni
- * Áhrif á störf
- * Áskoranir og tækifæri
- * Sá hugmyndafræum
- * Notendasögur og kortlagning þarfa
- * Upplifunarferli - notenda/starfsfólks
- * Breytingarstjórnun






Skapa yfirsýn - borgin í heild

- Þjónusta og tækifæri þvert yfir borgina – brjóta niður síló
- Tækifæri fyrir samlegðaráhrif og breytta þjónustu í þágu borgarbúa
- Miðla og tengja fólk og verkefni
- Minnka síló, byggja brýr og skapa tækifæri og nýtt samstarf





Miðlæg verkefni þvert á borgina



- Nýr vefur Reykjavíkurborgar
- Nýjar mínar síður 2.0
- Uppfærð þjónustustefna og aðgerðaáætlun
- Rfrænar undirritanir 2.0 í innleiðingu
- Atvikaskráning / áhættumat / vinnsluskráning
- Styrkjagátt - greining
- Fræðslukerfi að fara í innleiðingu
- Ráðningakerfi
- Eignaumsjónarkerfi
- Microsoft 365 í innleiðingu
- Hlaðan skjalakerfi í innleiðingu
- Prentun í skýið
- Teams símkerfi + fjarfundabúnaður

Miðlægð stjórnsýsla og Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Áslaug Eva Björnsdóttir, stafrænn leiðtogi






Verkefni í gangi



- **Fræðslukerfi - Torgið**
Stafrænt fræðslukerfi sem gefur öllum starfsmönnum borgarinnar auðvelt og jafnt aðgengi að þjálfun og fræðslu.
- **Ráðningakerfi**
Miðlægð lausn til að einfalda ráðningaferlið, bæði fyrir stjórnendur sem og umsækjendur.
- **Gagnsjá**
Aðgengileg og þægileg upplýsingagátt sem auðveldar íbúum, kjörnum fulltrúum og starfsmönnum aðgengi að upplýsingum ss. fundargerðum og fl.
- **Samráðsgátt**
Uppfærsla á samráðsgátt borgarinnar og innleiðing á öllum sviðum borgarinnar.
- **Hverfið mitt 2.0**
Uppfærsla og þróun á kerfi fyrir hverfið mitt verkefnið til að bæta aðgengi og sjálfvirkni fyrir íbúa og minnka sóun og auka skilvirkni fyrir starfsfólk.
- **Rafrænar jafnréttisskimanir**
Miðlægð lausn fyrir starfsmenn borgarinnar til að auka skilvirkni og aðgengi að gögnum um skimanir.



Verkefni í undirbúningi



- **Lóðaumsóknir**
Auka yfirsýn, aðgengi og rekjanleika að umsóknum um lóðum borgarinnar fyrir umsækjendur og starfsmenn.
- **Humarinn**
Starfsmannaviðmót gangvart gagnsjá, saltfisk 2.0 með fundarumsjónarkerfi í grunninn.
- **Starfsmannagátt**
Mínar síður starfsmanna sem gefur m.a. yfirsýn og aðgengi að réttindum, hlunnindum og öllum innri umsóknum.
- **Fyrirspurnir frá atvinnulífinu**
Rafræn gátt þar sem hagaðilar úr atvinnulífinu geta haft aðgengi að þjónustu borgarinnar sem tengist atvinnulífinu.
- **Máltæknilausn**
Rauntímatextun á fundum borgarstjórnar fyrir fundargerð fyrir betra aðgengi að upplýsingum og skilvirkari vinnuháttum fyrir starfsmenn.



Í brennidepli

- Uppfærð **þjónustustefna** og **notendamiðuð hönnun** innleidd í starfsemi sviðanna þar sem á við í samvinnu við ÞON
- Byggja grunninn að **stafrænni framtíð** hjá MSS og MOS
- **Tækifærisvinnustofur** fyrir teymi frá MSS og MOS með áherslu á stafræna framtíð og sjálfbærni
- Styðja við innleiðingu á **stefnum borgarinnar** þar sem áhersla er á stafræn tækifæri
- Erum **ráðgefandi inn í verkefni** eins og máltæknilausnaverkefnið hjá SBS



Fjármála- og áhættustýringarsvið

Stefán Viðar Grétarsson, stafrænn leiðtogi






Verkefni í gangi

- **Styrkjagátt**
Einn staður fyrir alla styrki borgarinnar
- **Ferlagreining**
Þjónustur FAS greindar s.s.
ferðaheimildir, útlagður kostnaður o.fl.
- **Atvikaskráningarkerfi**
Miðlæg lausn fyrir skráningar á atvikum
- **Starfsvottorð**
Núverandi og fyrrum starfsmenn sækja starfsvottorð með einföldum hætti
- **Auka hlutfall rafrænna reikninga**
Hluti af sjálfvirknivæðingu
- **Rafrænar undirritanir í útboðskerfi**





Verkefni í undirbúningi



- **Útfösun beiðnabóka**
Áhersla á rafræna lausn
- **Innleiðing á beiðnakerfi (Jira)**
Betri yfirsýn yfir verkefni á skrifstofum FAS
- **Vörustýring grunnkerfa**
- **Útfösun mótuneytiskerfis**
- **Rafvæðing mannauðsferla**
- **Útboð á færsluhirðingu**
- **Mælaborð**
 - ISO37120
 - Rekstrarkennitölur
- **Útfösun Unit4 biðlara**



Í brennidepli

- Við erum öll að vinna í því saman að gera úrbætur til að **bæta þjónustuna**
- Undirbúningur við nýja **innkaupagátt**
- Mikilvægt að framkvæma **áhættumat þjónustusamninga FAS** til að tryggja óslitinn rekstur grunnkerfa borgarinnar
- **Samvinna** við stjórnendur grundvöllur að árangursríkum breytingum í stafrænni vegferð borgarinnar



Menningar- og ferðamálasvið

Lára Aðalsteinsdóttir, stafrænn leiðtogi





Verkefni í gangi

Miðlun mikilvæg fyrir stofnanir sviðsins og endurspegla verkefni það:

- Vefverkefni fyrir Borgarsögusafn og Listasafn Reykjavíkur
- Miðlægt viðburðadagatal fyrir borgina
- Hátíðarvefir verða hátíðarsíður á Reykjavik.is
- Afgreiðslu og birgðakerfi - BRP
- Nýjar útlánavélar Borgarbókasafnsins





Verkefni í undirbúningi

- **Stefnumiðuð stjórnun:** Vinnustofur með starfsfólki og stjórnendum.
- **Samlegð með öðrum sviðum:** Eignarumsjónarkerfi, yfirsýn og samlegð með USK í Mainmanager.
- Hvað er í boði fyrir börn? Allar þjónustur á einn stað (MOF, SFS, ÍTR, VEL)
- **Gögn og miðlun:** Skráning, geymsla og miðlum opinberar myndir frá viðburðum borgarinnar.
- Endurskoðun á mælikvörðum og mælitæki. Miðlun gagna frá MOF.






Í brennidepli

- **Innleiðing nýrrar menningastefnu** og munu verkefni tengd stafrænni umbreytingu styðja við innleiðinguna.
- Áframhaldandi vinna að þeim sviðlægu og miðlægu verkefnum sem við höfum sett í forgang.
- Vinna áfram með stjórnendum og starfsfólki við að eygja stafrænar lausnir til að bæta þjónustu við borgarbúa.




Íþróttá- og tómstundasvið

Ásta Þöll Gyöfadóttir, stafrænn leiðtogi





Verkefni í gangi



- **Aðsóknartölur fyrir sundlaugar**
Rauntölur um aðsókn birt á vef
- **Frístundarstyrkur**
Gögn og tölfræði úr nýju kerfi fyrir frístundarstyrk aðgengileg. Yfirlit og umsýsla fyrir foreldra endurgert á mínum síðum
- **Gagnadrifinn rekstur**
Birta og nýta gögn úr undirliggjandi kerfum á auðveldari máta fyrir sundlaugar og fjölskyldugarð
- **Rafræn kort - sala aðgangskorta á vef**
Hefja sölu sundkorta og fjölskyldugarðs á mínum síðum og geta nýtt símann sem kort
- **Músíktílaunir** – uppfærður vefur
- **Gjaldtaka á ylströnd**
Notendarannsóknir og mótun sviðsmynda
- **Samkeppni Laugardagslaug**
Lendingarsíða um hugmyndasöfnun borgarbúa



Verkefni í undirbúningi



- **Hvað er í boði fyrir börn?**
Greina tækifæri fyrir sameiginlegan vettvang fyrir yfirlit frístundarstarfs og þjónustuframboðs (ÍTR / SFS / VEL / MOF)
- **Sjálfsafgreiðla + sjálfvirknivæðing á**
umsóknum um ókeypis kort fyrir atvinnulausa, öryrkja og þiggjendur fjárhagsaðstoðar auk starfsmanna
- **Dýraþjónustan**
Sjálfvirknivædd hundaskráning + rukkun gjalda og uppfletting á vef í samræmi við nýja reglugerð
- **Snjallmælar í sundlaugar og upphitun gervigrasvelli**
Gagnasöfnun og vöktun eða spálíkun skili hagræði og bættri nýtingu á heitu vatni (samstarf við Veitur í skoðun)



Í brennidepli



- **Móta verklag samstarfs:** Verklag og nýting Microsoft 365 – nýta teams, forms í utanumhaldi og eftirliti m. vöktun á klórmælingum o.s.frv.
- **Þróa þjónustu:** mæta þörfum notenda, finna tækifæri og byggja á möguleikum kerfisins um td sundkort í áskrift, minnka raðir og bóka “slot” í fjölskyldugarð.
- **Nýta gögn:** í rekstri, spám og markvisst t.d. í hagræðingu orkusparnaði.
- **Eignaumsjónarkerfi:** innleiðing í umsýslu og viðhald sundlauga. - Rýna ferla og skipulag utanumhald í rekstri og viðhaldi.
- **Rafræn kort borgarinnar:** Í skoðun að MOF gæti nýtt sama afgreiðslu/birgðar/aðgangsstýringarkerfi og ÍTR.
- **Bæta innra skipulag:** Vaktakerfi, bæta stafræna innri miðlun starfsmanna sviðsins, rýna aðbúnað og uppfæra m fjarfundarbúnað þar sem það er ekki til staðar.
- **Rafræn fræðsla og upplýsingar** fyrir fjölskyldur og skólaheimsóknir í Fjölskyldugarði.

Skóla- og frístundasvið

Jón Hafsteinn Jóhannsson, stafrænn leiðtogi





Verkefni í gangi




- **Stafræn gróska** - 1:1 innleiðing á námstækjum
- **Innritun í grunnskóla** - Umbreyting á öllu ferlinu við innritun í grunnskóla
 - Starfsmannaviðmót
 - Umsóknarvefur
 - Upplýsingasíða
 - Fræðsluefni
- **Nemendagrunnur SFS** - Samræmd nemendaskráning
- **Skólaþjónustan/BBB** - Nýtt kerfi (SFS/VEL)
- **Heimasíður SFS** - Ný nálgun í miðlun
- **Teams símkerfi** - Símkerti set upp í alla skóla sviðsins



Verkefni í undirbúningi

- Eldhúsumsjónakefi (SFS/VEL)
- Innleiðing miðlægra verkefna (PON)
- Innritunarferli leikskóla
- Klappir - samstarf
 - Vistspor skólanna, nýting til kennslu.
- Umsókn í skólahljómsveit
- Kerfi fyrir félagsmiðstöðvar
- Úrræðakort





Í brennidepli

- **Betri borg fyrir börn** - Nýtt skipurit SFS, stjórnun færð nær vettvangi og þjónusta sviðsins nær borgarbúum.
- **Stafrænt skipulag SFS** - Skipuleggja þarf til famtíðar strúktúr allra tæknilegra innviða sviðsins.
- **Þjónustustig** - Skoða á möguleika til að auka þátttöku þjónustuver (1.stig).
- **Miðlun upplýsinga** - Nýting gagna úr skólastarfi með því að markmiði að skólastjórnendur nýti gögn markvisst til umbóta í skólastarfi.
- **Menntastefna Reykjavíkur** - Aðgerðaáætlun 2022-2024.



Umhverfis- og skipulagssvið

Velina Apostolova, stafrænn leiðtogi





Verkefni í gangi



- **Innleiðing á nýrri stefnu USK**
 - Grunnur að þjónustumiðaðri hugsun og nálgun, stoð undir stafræna þróun, styrking á stefnumiðaðri stjórnun.
 - Ýmsar breytingar, t.d. stofnun Verkefnastofu innan USK.
- **Eignaumsjónakerfi**
Innleiðing á kerfi frá MainManager
- **Hverfasjá**
Uppfærsla og frekari þróun
- **Rafrænar byggingarleyfisumsóknir**
Undirbúningur fyrir rafrænt ferli byggingarleyfisumsókna
- **Hlaðan fyrir Skip&Bygg**
Aðlaga lausn að starfseminni til að auðvelda samræmt verklag og bæta úrvinnslutíma umsókna og fyrirspurna
- **Bílastæðasjóður**
Alagninga- og málakerfi. Íbúakortakerfi.



Verkefni í undirbúningi



- **Framkvæmdasjá**
Ásamt heildarsýn fyrir allar kortasjár Reykjavíkur.
- **Sorphirðudagatal**
Nýtt og gagnvirkt, notendavænna sorphirðudagatal.
- **Ábendingavefur**
Endurskoða gáttina og úrvinnslu mála sem berast í gegnum hana.
- **Færa vefi undir reykjavik.is**
T.d. vefur sorphirðu, Bílastæðasjóðs o.fl.
- **Allar umsóknir sviðsins verði rafrænar**
Tryggja að allar umsóknir sem USK ber ábyrgð á verði rafrænar inni á mínum síðum.
- **Rafrænir verkferlar og breytt vinnulag í samræmi við rafræna útgáfu byggingarleyfa.**
Ýmsar breytingar á þjónustu, t.d. síma- og viðtalstímar, eftirlit og úttektir, búnaður o.fl.
- **Græna bókhaldið**



Í brennidepli



- **Stefna USK** og áhersla á þjónustu, notendavænar, snjallar og stafrænar lausnir.
- **Notandinn settur í forgrunn** við þróun þjónustu, lausna, verkferla og ákvörðunartöku.
- Áframhaldandi innleiðing og aðlögun sem fylgir miðlægum verkefnum.
- Verkefnastofa USK.
- Opín fyrir tækifærum og samstarfi við önnur svið.

Velferðasvið

Styrmir Erlingsson, stafrænn leiðtogi






Verkefni í gangi

- **Ráðgjafinn** - Kerfi fyrir ráðgjöf og mat á þjónustu fyrir fatlað fólk.
- **Þjónustukerfi** - Kerfi fyrir heima-, stuðnings- og búsetuþjónustu.
- **S5** – Kerfi fyrir félagslegt leiguhúsnæði.
- **Framleiðslueldhús** - Kerfi fyrir eldhús.
- **BBB** – Kerfi fyrir skólaþjónustuna.





Verkefni í undirbúningi



- **Ósk/Veita** - Umbætur
- **Rafræn þjónustumiðstöð** - Umbætur, innleiðing stafrænna lausna og yfirfærsla á þjónustu frá þjónustumiðstöðvum yfir á rafræna þjónustumiðstöð
- **Símsvörun og rafræn erindi** - Greining
- **Félagsleg ráðgjöf og virkni** - Greining
- **Heimastuðningur** - Greining



Í brennidepli

- Velferðarstefnan, skipulagsbreytingar og rafræn þjónustumiðstöð VEL.
- Áhersla m.a. á þjónustumenningu, þarfir notenda og stafrænar lausnir.
- Jákvæðni meðal starfsfólks og stjórnenda fyrir nýjum stafrænum lausnum.
- Verkefni sem nú eru í gangi munu hafa mjög umfangsmikil áhrif fyrir notendur og starfsfólk.






Framtíðarsýn

“The biggest part of our digital transformation is changing the way we think.”

– Simeon Preston, Bupa

Takk fyrir!





Reykjavík



Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

„Látum draumana rætast“

Framtíðarsýn

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Tilgangur og áskoranir

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Menntastefna Reykjavíkurborgar er mótuð í samstarfi þúsunda borgarbúa; með aðkomu barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, foreldra, starfsfólks skóla- og frístundasviðs, kjörinna fulltrúa, innlendra og erlenda ráðgjafa og almennings.

Tilgangur stefnumótunarinnar er að ná víðtækri samstöðu um framtíðaráherslur í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík og skerpa forgangsriðun mikilvægustu umbótaverkefna. Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Stefnan hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð en um leið valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.

Það er mikilvægt verkefni að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika. Á sama tíma þarf menntun að fela í sér að auka grundvallarþekkingu barna á samfélagi og náttúru og taka mið af niðurstöðum innlendra og erlendra rannsókna á gæðum menntunar.

Leiðarljós

Barnið sem virkur þátttakandi

Menntastefnan byggir á grunnstefnum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leikskóla- og grunnskóla og nógildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar.

Uppeldi og menntun barna og unglunga er samfélagslegt verkefni og á sér stað bæði með formlegum og óformlegum hætti. Með því að byggja á menningararfi samfélagsins og árangri á margvíslegum sviðum vísinda, fræða, lista, íþróttar, jafnréttis og forvarna er skapaður frjór jarðvegur fyrir framúrskarandi menntun í skóla- og frístundastarfi. Þar eru virkni barna og lýðræðisleg þátttaka í leik og starfi mikilvæg leiðarljós. Veita þarf börnum viðeigandi stuðning og byggja á styrkleikum þeirra og bakgrunni til að þau geti haft áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi. Stafræn tækni er nýtt í skóla- og frístundastarfi til að auðga menntun og veita börnum fjölbreytt tækifæri til sköpunar og tjáningar. Menntastefnan myndar umgjörð um menntun sem byggir á farsælu skóla- og frístundastarfi í borginni en tekur um leið framtíðinni opnum örmum og veitir nýrri tækni, þekkingu, hugmyndum og fjölbreytileika farveg.

Fagmennska og samstarf í öndvegi

Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti. Hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þau undir virka þátttöku í fjölmennningarlegu, fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum. Í þessu samhengi skiptir miklu að virkja áhuga og ástríðu allra barna og unglunga en það hefur bein áhrif á árangur þeirra. Til þess að það takist sem best þarf að styðja faglegt frumkvæði starfsfólks og veita því rík tækifæri til starfsþróunar, markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Tryggja þarf að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.

Fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi eru mikilvægir samstarfsaðilar þeirra sem þar starfa og deila með þeim ábyrgð á menntun og uppeldi. Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra og vinnur að því að þróa leiðir sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra. Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða, milli starfsstaða og við stofnanir og aðila í samfélaginu stuðlar að þróun menntunar.

Meginmarkmið

Meginmarkmið stefnunnar eru að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Unnið verður að því að öll börn öðlist sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börnin lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.

Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum: **félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði.**

Félagsfærni

Samfélagsleg ábyrgð og virkni

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogaþæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

Sjálfsþing

Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu

Sjálfsþing felur í sér að barnið öðlast trú á eigin getu, lærir að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsþing byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lífa í sátt við aðra. Sjálfstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, trú á eigin getu, líðan, námsárangur og árangur í lífinu almennt.

Læsi

Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýnan hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákni. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill og forsenda að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

Sköpun

Skapandi hugur og hönd

Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi eða samfélagið.

Heilbrigði

Heilbrigður lífsstíll og vellíðan

Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspiili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.

Almennar aðgerðir 2019–2021


Rík áhersla er lögð á að fagfólk á vettvangi í skóla- og frístundastarfi útfæri stefnuna miðað við aðstæður á hverjum stað, í náinni samvinnu sín á milli, í samstarfi við aðra fagaðila og síðast en ekki síst með virkri þátttöku barna og unglinga.

Á næstu þremur árum mun Reykjavíkurborg veita nauðsynlegan stuðning í formi almennra aðgerða til að fylgja menntastefnunni eftir og ná markmiðum hennar. Að þessu tímabili loknu verður mat lagt á hvernig til hefur tekist og gerðar nauðsynlegar endurbætur í ljósi reynslunnar. Í byrjun desember 2018 verða settir af stað verkefnahópar sem skila eiga tillögum um innleiðingu neðangreindra aðgerða fyrir 1. mars 2019:


- Efla á málþroska, lestrarfærni og lesskilning allra barna. m.a. með ráðgjöf frá Miðju máls og læsis. Lögð verður áhersla á að auka færni starfsmanna til að styðja við málþroska, lestrarfærni og lesskilning barna með sérstakri áherslu á markviss inngríp m.a. vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- Einfalda á allt stoðkerfi við börn með sérstakar þarfir með það að markmiði að veita börnum þjónustu í nærumhverfi þeirra. Samþætta á í eina heild skipan og verklag skólajónustu, sérkennslu og stuðnings í skóla- og frístundastarfi. Lögð verður áhersla á snemmtæka íhlutun og markviss inngríp sem skila börnum mælanlegum framförum auk þess sem dregið verður úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga.
- Auka á vægi náttúrugreina, stærðfræði, útináms og sköpunar innan samfellds skóla- og frístundadags. Lögð verður áhersla á að efla símenntun starfsmanna, fjölga námstækifærum barna og ungmenna og bæta aðstöðu.
- Tryggja á börnum jafnari tækifæri og aðgang að fjölbreyttu list- og verknámi í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika. Lögð verður áhersla á að auka jafnræði milli borgarhluta við dreifingu fjármagns til list- og verknáms. Einnig verður unnið að því að efla starf listaskóla og auka samstarf við framhaldsskóla um kennslu list- og verknáms.
- Bæta á aðstöðu til skóla- og frístundastarfs þannig að húsnæði og búnaður auðveldi starfsfólki að vinna að framgangi menntastefnunnar, aðalnámskrám leikskóla- og grunnskóla og frístundastefnu Reykjavíkurborgar. Lögð verður áhersla á að öll aðstaða til skóla- og frístundastarfs ýti undir vellíðan og heilbrigði barna og starfsmanna.
- Innleiða á heildstæða nýtingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi í samræmi við stefnu skóla- og frístundasviðs í upplýsinga- og tæknimennt. Áhersla verður lögð á að bæta búnað og efla ráðgjöf og símenntun á sviði upplýsingatækni.
- Fjölga á fagmenntuðu starfsfólki leikskóla, grunnskóla og frístundajónustu og efla faglegt samstarf þeirra í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti, háskóla og Kennarasamband Íslands. Lögð verður áhersla á öflugt kynningarstarf og fjölbreyttar aðgerðir sem hvetja fólk til að starfa í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi í Reykjavík.
- Veita á starfsfólki skóla- og frístundasviðs ríkari tækifæri til starfsþróunar og tryggja þeim markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Lögð verður áhersla á að efla samstarf við menntavísindasvið HÍ og aðrar menntastofnanir sem koma að grunn- og símenntun starfsmanna skóla- og frístundasviðs. Þá verður unnið að því að hvetja og leiðbeina starfsstöðum við að sækja um fjármagn í innlenda og erlenda þróunarsjóði.

Menntastefna Reykjavíkurborgar – DRÖG

- Stofna á þróunarsjóð til að styðja við sjálfsprottin þróunarverkefni á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að framgangi menntastefnunnar og auka samvinnu starfsmanna og stofnana.
- Setja á fót Nýsköpunarmiðju menntamála sem veiti starfsstöðvum stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar og útfærslu á einstökum áhersluþáttum hennar í víðtækri samvinnu við stofnanir innan sem utan borgarinnar. Áherslur verður lögð á starfsþróun og kennslufræðilega ráðgjöf.




**Lýðræðisstefna
Reykjavíkurborgar
2021-2030**



Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar miðar að því að efla lýðræðislega þátttöku borgarbúa og formgera enn frekar möguleika íbúa til þess að hafa áhrif á málefni sem þá varða.

Forsenda fyrir farsælli ákvarðanatöku um borgarmálefni eru vandaðar upplýsingar, víðtæk þátttaka og samtal fulltrúa mismunandi sjónarmiða.

Tilgangur stefnunnar



Fyrir íbúa

Að styðja við öfluga lýðræðislega þátttöku íbúa og greiða götu þeirra til þess að geta haft áhrif á nærsamfélag sitt, ákvarðanatöku og stjórnun sveitarfélagsins.

Fyrir kjörna fulltrúa

Að styðja við kjörna fulltrúa í því að þekkja óskir borgarbúa hverju sinni, byggja ákvarðanir sínar á bestu mögulegu upplýsingum, svara fyrir tekningar ákvarðanir og upplýsa um grundvöll þeirra. Stefnan styður kjörna fulltrúa í því að velja með hvaða hætti og á hvaða tímapunkti þeir stunda samráð í stefnumarkandi málum.

Fyrir stjórnsýslu

Að gera stjórnsýslu Reykjavíkurborgar betur kleift að sinna, undirbúa og framkvæma samráð í samvinnu við kjörna fulltrúa og íbúa. Stefnan styður við vandaða stjórnsýslu og stuðlar að góðu samstarfi íbúa, kjörinna fulltrúa og þjónustukerfis borgarinnar.

Virkt samspil ofangreindra þátta er lykill að farsælli útkomu í lýðræðislegri borg.

**Með lýðræðisstefnu þessari
tekur Reykjavíkurborg fleiri
skref og gengur lengra í þá
átt að gefa íbúum tækifæri
til þess að hafa áhrif á sitt
nærsamfélag.**

Af hverju og hvernig?

Reykjavíkurborg er stjórnad í samræmi við gildandi lög og reglur um rekstur sveitarfélaga. Samráð við íbúa og réttur þeirra til áhrifa á stjórn sveitarfélags er áskilinn í sveitarstjórnarlögum.

Þar kemur fram að sveitarfélög skuli almennt leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar.

Ákvæði um samráð er að auki að finna í hinum ýmsu lögum og reglum í íslensku samfélagi og má þar helst nefna:

- Í lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla eru ákvæði um samráð við foreldra og nemendur og um samráð innan viðkomandi skólasamfélags í skólaráðum og skólanefndum sveitarfélaga.
- Í æskulýðslögum er að finna ákvæði um að sveitarstjórnir skuli hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð sem hafi það hlutverk að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar í málefnum ungs fólks í sveitarfélaginu.
- Í lögum um málefni aldraðra er að finna ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skuli starfa öldungaráð.
- Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um að samráð skuli haft við notendur félagsþjónustunnar og þannig verði þeir virkir þátttakendur í undirbúningi ákvarðana og stefnumörkunar.
- Í skipulagslögum eru gerðar ríkar kröfur um samráð við íbúa, notendur og hagsmunaaðila við gerð skipulagsáætlana.

Reykjavíkurborg leggur metnað í að sinna lögbundnu samráði með sem allra bestum hætti og hefur fundið því farveg á hverju málavíði eins og við á hverju sinni í samstarfi við viðeigandi hagsmunaaðila.

Sú stefna sem hér er sett fram gerir ráð fyrir að Reykjavíkurborg uppfylli öll ákvæði laga og reglna um samráð og leitist við að formgera það fyrirkomulag enn frekar og setja í samhengi til þess að styðja við lýðræðisleg vinnubrögð innan marka laganna og umfram lögbundnar kröfur.

Helstu leiðir fyrir borgarbúa til þess að eiga í samskiptum við borgina

Reykjavíkurborg hefur byggt upp ýmsar leiðir til þess að eiga samtál og samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila í helstu málum. Hér að neðan er vísað til helstu leiða sem færar eru. Annars vegar eru almennar leiðir sem standa öllum borgarbúum opnar og hins vegar sértækari leiðir fyrir hagaðila málaflokka.

Almennar leiðir sem eru öllum opnar:

Ábendingavefur Reykjavíkurborgar. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er ábendingavefur þar sem íbúar geta sent ábendingu um hvað sem er. Hvort sem það er eitthvað sem þarf að laga, eitthvað sem mætti betur fara í þjónustu borgarinnar eða annað sem íbúar vilja koma á framfæri. Ábendingavefurinn er alltaf opin.


Betri Reykjavík er samráðsvefur Reykjavíkurborgar. Vefurinn er notaður til þess að kalla eftir hugmyndum, afstöðu og álitum borgarbúa við hin ýmsu verkefni sem verið er að vinna hverju sinni, ekki síst varðandi stefnumótun.

Hverfið mitt er samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu borgarinnar. Þar gefst íbúum kostur á að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi með því að senda inn hugmyndir að nýjum og smærri verkefnum í öllum hverfum Reykjavíkurborgar sem síðan er kosið um í rafrænni íbúakosningu. Hugmyndasöfnun og kosning í kjölfarið fer fram annað hvert ár.

Hverfisskipulag Reykjavíkurborgar er gerð deiliskipulags fyrir gróin hverfi í heild sinni sem gerir þau vistvænni og sjálfbærari og þróar byggðina í takt við breyttar áherslur í samfélaginu. Áhersla er lögð á að færa mótun borgarumhverfisins nær íbúum með auknu gagnsæi og virku samráði.

Íbúaráð. Í Reykjavík eru starfandi íbúaráð í öllum hverfum borgarinnar. Hlutverk íbúaráða er að styrkja tengingu og stytta boðleiðir milli íbúa og stjórnarsýslu borgarinnar, stuðla að aukinni upplýsingagjöf til íbúa, styrkja möguleika þeirra til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og vekja athygli á áskorunum innan hverfisins. Íbúaráð eru skipuð sex fulltrúum. Borgarstjórn kys þrjá fulltrúa, einn fulltrúi er skipaður af íbúasamtökum hverfisins, einn fulltrúi er skipaður af foreldrafélögum hverfisins og einn fulltrúi er valinn með slembivali úr hópi íbúa hverfisins. Íbúaráðin funda að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartíman og eru fundirnir öllum opnir.

Þjónustuver Reykjavíkurborgar er opið alla virka daga milli kl. 8:30-16:00. Í þjónustuverinu eru veittar upplýsingar um starfsemi og þjónustu Reykjavíkurborgar. Þjónustan er veitt í gegnum síma 411-1111, vefspjall á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is, tölvupóst upplýsingar@reykjavik.is og í þjónustuveri, Borgartúni 12-14.




Sértækar leiðir þar sem fram fer samráð við hagaðila málaflokka:

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks.

Verksvið hennar er að vera borgarstjórn, og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni fatlaðs fólks. Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks er skipuð níu fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa, Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa, Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna tvo fulltrúa og NPA miðstöðin tilnefnir einn fulltrúa.

Fjölmeningarráð. Verksvið þess er að vera borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru af erlendum uppruna og hafa annað móðurmál en íslensku. Fjölmeningarráð er skipað fimm fulltrúum. Borgarstjórn tilnefnir tvo fulltrúa og kýs formann ráðsins. Samtök kvenna af erlendum uppruna W.O.M.E.N., Móðurmál, samtök um tvítýngi og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar skipa einn fulltrúa hvert.

Ofbeldisvarnarnefnd. Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs og skal vera borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um aðgerðir og viðbrögð við ofbeldi í samfélaginu. Nefndin skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess.




Ofbeldisvarnarnefnd er vettvangur samráðs borgarfulltrúa, sérfræðinga og framkvæmdaraðila á sviði ofbeldisvarna og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Nefndin er skipuð 7 fulltrúum. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa, Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu tilnefnir einn fulltrúa, Stígamót tilnefna einn fulltrúa, Samtök um kvennaathvarf tilnefna einn fulltrúa og Embætti landlæknis tilnefnir einn fulltrúa.


Skólaráð. Í lögum um grunnskóla segir að við grunnskóla skuli starfa skólaráð. Hlutverk skólaráða er að vera samráðsvettvangur skólustjóra og skólasamfélags um skóla- og frístundastarf í viðkomandi skóla. Sæti í skólaráði eiga fulltrúar kennara og annars starfsfólks, auk fulltrúa nemenda, foreldra og grenndarsamfélagsins. Skólustjóri stýrir starfi skólaráðs.

Ungmennaráð, Reykjavíkurráð ungmenna og nemendafélög grunnskólanna. Í æskulýðslögum er fjallað um að sveitarfélög hafi starfandi æskulýðsnefndir eða sambærilegar nefndir samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Sex ungmennaráð eru að störfum í Reykjavíkurborg. Ungmennaráðin hafa með sér samráðs- og samstarfsvettvang; Reykjavíkurráð ungmenna. Tveir til fjórir fulltrúar hvers ungmennaráðs eiga sæti í Reykjavíkurráði ungmenna. Reykjavíkurráðið tilnefnir áheyrnarfulltrúa sem sitja alla fundi skóla- og frístundaráðs. Ungmennaráð hafa það hlutverk að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar í málefnum ungs fólks í sveitarfélaginu og gefur unglíngum tækifæri

til að láta í sér heyra og vinna að málefnum ungs fólks. Reykjavíkurráð ungmenna fundar árlega með borgarstjórn Reykjavíkur. Nemendur grunnskóla velja fulltrúa í nemendafélög sem svo velja sér fulltrúa í skólaráð og ungmennaráð.

Öldungaráð. Öldungaráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs. Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga um málefni aldraðra. Verksvið ráðsins er að vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Öldungaráðið er skipað níu fulltrúum. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa í ráðið, Félag eldri borgara tilnefnir þrjá fulltrúa, Samtök aldraðra tilnefna einn fulltrúa, Korpúlfar, samtök eldri borgara í Grafarvogi tilnefnir einn fulltrúa, auk þess sem Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa.






Framtíðarsýn

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til þess að styrkja lýðræði í Reykjavíkurborg, **styðja við og stunda** lýðræðisleg vinnubrögð og **greiða götu íbúa** til þess að geta haft áhrif á málefni borgarinnar. Leiðarljós stefnunnar eru sjö og þau eru eftirfarandi:

- Að **virkja** alla borgarbúa til þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Að leggja grunn að **nýjungum** sem geta eft lýðræði í borginni til framtíðar.
- Að **auka traust** á stjórnýslu borgarinnar með skýrum og gegnsæjum vinnubrögðum.
- Að **efla gæði** í ákvarðanatöku með því að fá fram og taka tillit til mismunandi sjónarhorna og hagsmuna.
- Að **mæta fólki** þar sem það er með því að tryggja aðgengi ólíkra hópa að lýðræðislegri þátttöku.
- Að ætíð sé metið við **stærri ákvarðanir** hvaða viðeigandi samráðsferli geti stutt við góða ákvarðanatöku.
- Að **öll stefnumótun** fari í gegnum viðeigandi samráðsferli á öllum stígum.

Meginmarkmið



Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar skiptist í fjögur meginmarkmið. Hvert og eitt þeirra á að stuðla að umbótum og jákvæðum breytingum til þess að leiðarljós stefnunnar verði að veruleika. Meginmarkmiðin lýsa einnig hringrás lýðræðislegra vinnubragða hjá Reykjavíkurborg. Á grunni hvers meginmarkmiðs eru settar áherslur sem kynntar eru í næsta kafla.

Meginmarkmiðin eru eftirfarandi:

Við **hlustum** á raddir borgarbúa í gegnum fjölbreyttar leiðir.

Við **rýnum** í skoðanir borgarbúa með hliðsjón af samtali aðila með mismunandi sjónarmið.

Við **breytum** þar sem við á með tilliti til rökstuddra sjónarmiða sem auka gæði ákvarðana.

Við **miðlum** aðgengilegum upplýsingum til borgarbúa á öllum stigum samráðs og þegar ákvörðun liggur fyrir.

Áherslur meginmarkmiða

Eftirfarandi áherslur lýsa nánar þeim sjónarmiðum sem koma fram í meginmarkmiðum. Á grunni þeirra eru mótuð mælanleg markmið og aðgerðir.



Hlustum

1. Starfrækja skilvirkar leiðir fyrir borgarbúa til að hafa áhrif á ákvarðanir.
2. Tryggja aðgengi svo að allir hópar samfélagsins hafi jöfn tækifæri til aðkomu að ákvarðanatöku.
3. Auka vitund borgarbúa um ólíkar leiðir sem í boði eru til að koma sjónarmiðum sínum áleiðis.
4. Skýra mismunandi stig þátttöku, upplýsa um feril ákvarðanatöku og skapa þannig raunhæfar væntingar.





Rýnum

5. Fjalla um ólík sjónarmið og efla færni borgarinnar til að nýta niðurstöður samráðs inn í ákvarðanatökufærla þar sem það á við.
6. Iðka sáttamiðlun og leitast við að komast að niðurstöðum sem stuðla að sem mestri sátt.
7. Nýta þekkingu fagfólks við umbætur á ferlum, vinnslu mála og byggja ákvarðanatöku á gögnum og þekkingu.
8. Meta árangur samráðsferla með reglubundnum hætti og draga af þeim lærdóm.





Breytum

9. Fylgja eftir málefnalegum ábendingum sem gætu haft jákvæð áhrif á framgang verkefna á vegum borgarinnar.
10. Auka samstarf um úrbætur í þjónustu við borgarbúa þvert á svið borgarinnar.
11. Efla stjórnýslu og kjörna fulltrúa í því að byggja vinnu sína á lýðræðislegum vinnubrögðum.
12. Skapa lýðræðismenningu þvert á starfsemi borgarinnar með vitund um gagnsemi lýðræðis og samráðs.






Miðlum

13. Auka gagnsæi og efla aðgengi að upplýsingum innan borgarkerfisins og stuðla að auknu trausti á stjórnýslu borgarinnar.
14. Rekja ákvarðanatöku og stöðu mála og veita innsýn í hvernig borgarkerfið virkar.
15. Svара ábendingum sem berast í samráðsferlum og upplýsa um röksemdir að baki niðurstöðu.
16. Viðhafa markvissa upplýsingagjöf og stuðla þannig að almennri sátt um ákvarðanir.



Yfirlit yfir áherslur stefnunnar

1. Stafrækja skilvirkar leiðir
2. Tryggja aðgengi
3. Auka vitund borgarbúa
4. Skýra mismunandi stig þátttöku
5. Fjalla um ólík sjónarmið
6. Løka sáttamiðlun
7. Nýta þekkingu fagfólks
8. Meta árangur




9. Auka gagnsæi og efla aðgengi að upplýsingum
10. Rekja ákvarðanatöku og stöðu mála
11. Svара ábendingum
12. Viðhafa markvissa upplýsingagjöf
13. Fylgja eftir málefnalegum ábendingum
14. Auka samstarf um úrbætur
15. Efla stjórnsýslu og kjörna fulltrúa
16. Skapa lýðræðismenningu




Ábyrgð og framfylgd stefnu

Mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráð ber ábyrgð á lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa vinnur að markmiðum þeim sem koma fram í stefnunni og gegnir leiðbeinandi hlutverki. Skrifstofan heldur utan um aðgerðaráætlun stefnunnar og fylgir henni eftir, í samstarfi við svið og skrifstofur borgarinnar. Á skrifstofunni starfar sérfræðingur í lýðræðismálum sem sinnir daglegum verkefnum er tengjast stefnunni, sinnir fræðslu henni tengdri og er kjörnum fulltrúum og stjórnsýslunni til ráðgjafar.



Aðgerðaáætlun með lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

2021-2024



Eftirfarandi aðgerðir hafa verið valdar til að styðja við framgang stefnunnar næstu þrjú ár og eru þær á ábyrgð mismunandi fagsviða eða skrifstofa borgarinnar en mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa heldur utan um innleiðingu.

Aðgerðir verði endurskoðar reglulega og undir lok árs 2024 verði tilbúin til afgreiðslu ný heildstæð aðgerðaáætlun sem byggi á meginmarkmiðum og áherslum lýðræðisstefnunnar.



1

Lýðræðisáttaviti Reykjavíkurborgar

Aðgerð: Mótaður verði lýðræðisáttaviti og birtur á aðgengilegan hátt sem nýtist sem stuðningur við samráð og vegvísir fyrir íbúa. Lýðræðisáttavitinn verði mikilvægt verkfæri við upplýsingamiðlun og fræðslu gagnvart íbúum, stjórnarsýslu og kjörnum fulltrúum. Um er að ræða verkfæri sem sýni fram á valkosti fyrir samráðsleiðir og hvernig þær virka þannig að hægt verði að velja réttar leiðir sem henta hverju málefni fyrir sig. Lýðræðisáttaviti verði innleiddur í verkferla borgarinnar þannig að ákvörðun um samráðsferla sé ætíð hluti af stefnumótun og stærri ákvörðunum.

Markmið: Aukið gegnsæi um leiðir til áhrifa fyrir íbúa auk stuðnings við starfsfólk og kjörna fulltrúa sem valdeflir og eykur öryggi í kringum samráð. Með þessu verði vinnubrögð um samráð enn markvissari og samræmdari sem sé til þess fallið að auka samráð og gæði þess almennt.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.



2

Útgáfa á námsefni á íslensku og ensku

Aðgerð: Útgáfa á námsefni sem fjallar um mikilvægi þess að vera virkur í samfélagi með yfirferð yfir hin ýmsu tækifæri til þátttöku. Efnið yrði hugsað sem námsefni fyrir unglíngastig grunnskóla og verði einnig þýtt yfir á ensku. Sú útgáfa gæti einnig reynst gagnlegur inngangur fyrir þá sem eru að kynna íslenskri samfélagsgerð.

Markmið: Ná til og fræða hópa sem rannsóknir sýna að taka síður þátt í lýðræðislegum ferlum.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við Skóla- og frístundasvið.



3

Útgáfa á fræðslumyndbandi
á íslensku og ensku um leiðir
til lýðræðislegrar þátttöku

Aðgerð: Útgáfa á myndbandi þar sem leitast verður við að kynna lýðræði og leiðir til þátttöku á myndrænan og aðgengilegan hátt til að birta á samfélagsmiðlum og ýmsum vefsíðum.

Markmið: Ná til og fræða hópa sem rannsóknir sýna að taka síður þátt í lýðræðislegum ferlum.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við samskiptateymi Reykjavíkurborgar.



4

Borgaraþing

Aðgerð: Haldin verði borgaraþing a.m.k. árlega með borgarstjórn og borgarbúum þar sem fram fer samtal um mismunandi málaflokka.

Markmið: Að íbúar hafi beinni tengsl við borgarstjórn og tækifæri til þess að eiga samtal við kjörna fulltrúa um það sem skiptir þá máli.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjórnar og Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.

Tengist mælanlegu markmiði 7.



5

Lýðræðishátíð unga fólksins

Aðgerð: Samstarf um og þátttaka í lýðræðishátíð unga fólksins á hverju ári. Kennurum og nemendum boðið að taka þátt í lýðræðishátíð þar sem fram fer fræðsla um samfélagsþátttöku og víðtækt samtal um samfélagsmál og lýðræði.

Markmið: Auka áhuga ungs fólks á samfélagsþátttöku og kynna fyrir ungu fólki tækifæri til þátttöku sem eru til staðar í íslensku samfélagi.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við Skóla- og frístundasvið.



6

Íbúakviðdómur

Aðgerð: Þróa aðferð til sáttamiðlunar.

Tilraunaverkefni um íbúakviðdóm (citizen jury) þar sem leitað yrði til háskólasamfélagsins um samstarf. Mótuð verði gegnsæ umgjörð um hvenær aðferðin eigi við, hvenær ekki og hvað þurfi til. Árangur verður metinn að verkefninu loknu.

Markmið: Upplýsa og fræða um ólík sjónarmið og ná fram samtali milli ólíkra sjónarmiða um álitamál í samfélaginu með það að markmiði að finna farsæla niðurstöður í ágreiningsmálum.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við skrifstofu borgarstjórnar.





7

Borgarkannanir

Aðgerð: Þróa borgarkönnun til að auka aðkomu íbúa að stefnumótun í veigamiklum málum sem varða almannahag. Aðferðin yrði notuð til að kalla eftir afstöðu borgarbúa annaðhvort í heild eða innan hverfa borgarinnar til hinna ýmsu mála. Leitað yrði til háskólasamfélagsins um samstarf um verkefnið. Mótuð verði gegnsæ umgjörð um verkefnið. Um er að ræða þróunarverkefni og sérstaklega yrði horft til þess að nota stafrænar leiðir.

Markmið: Bæta gæði ákvarðanatöku og auka sátt um ákvarðanatöku. Fá fram vísbendingar um vilja borgarbúa, eftir svæðum og hópum.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við Þjónustu- og nýsköpunarsvið.



8

Þátttaka í Hverfið mitt

Aðgerð: Unnið verði með skólum, ungmennaráðum, notendaráðum, þjónustumiðstöðvum og félagsmiðstöðvum eldri borgara að aukinni þátttöku í Hverfið mitt.

Markmið: Auka þátttöku í Hverfið mitt.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa í samstarfi við þjónustumiðstöðvar og grunnskóla Reykjavíkur

Tengist mælanlegum markmiðum 2 og 3.



9

Opin fjármál Reykjavíkurborgar

Aðgerð: Unnið verði að frekari þróun á opnu bókhaldi, birtingu fjárhagslegra upplýsinga og lykiltalna úr rekstri. Með þeim hætti verður óskum íbúa og fyrirtækja um gott aðgengi að upplýsingum um rekstur og fjárhag Reykjavíkurborgar mætt. Áfram verður lögð áhersla á myndræna framsetningu gagna og unnið að því að gera hana enn skýrari. Með því móti verður áherslan sett á auðlesið tungumál í framsetningu á fjármálum Reykjavíkurborgar. Leitað verði leiða til að upplýsingar verði uppfærðar nær rauntíma og gengið lengra en nú er í að veita upplýsingar um einstaka útgjaldaliði.

Markmið: Aukið gegnsæi í fjármálum og þekking á skiptingu og nýtingu fjármuna.

Ábyrgð: Fjármála- og áhættustýringarsvið.



10

Þróun á mælaborði borgarbúa

Aðgerð: Unnið verður að frekari þróun á birtingu nytsamlegra upplýsinga um starfsemi borgarinnar og þær gerðar aðgengilegar í mælaborði borgarbúa. Áhersla verði lögð á sjálfvirkni og rauntímaupplýsingar sem nýtast íbúum og fyrirtækjum borgarinnar og leitað eftir áhuga þeirra í þeim efnum. Þá verði áhersla á þróun og birtingu lykiltalna og mælikvarða úr starfseminni, m.a. með hliðsjón af innleiðingu borgarinnar á samræmdum ISO stöðlum fyrir sjálfbærar borgir í samvinnu við WCCD. Auk þess verði unnið í aðgengilegri framsetningu.

Markmið: Aukin upplýsingagjöf um starfsemi borgarinnar.

Ábyrgð: Fjármála- og áhættustýringarsvið í samstarfi við Þjónustu- og nýsköpunarsvið.



11

Lýðræði á vinnustöðum borgarinnar

Aðgerð: Kannað verði hvort starfsfólk Reykjavíkurborgar upplifi sig hafa áhrif á sitt nánasta vinnuumhverfi með spurningu í könnun meðal starfsfólks. Skoðað verði hversu stór hluti starfsstaða borgarinnar hefur sett sér mælanleg markmið og uppfærir reglulega aðgerðaráætlun í samtali stjórnenda og starfsfólks út frá leiðarljósum mannauðsstefnunnar í samræmi við niðurstöður kannanna.

Markmið: Auka lýðræði í vinnuumhverfi starfsstaða borgarinnar.

Ábyrgð: Mannauðs- og starfsumhverfissvið.

Tengist mælanlegum markmiðum 17 og 18.



12

Aðgengilegra samráð í skipulagsmálum

Aðgerð: Taka í notkun hönnunartól á netinu til þess að bjóða upp á myndrænar lausnir við samráð í skipulagsmálum.

Markmið: Aukið og aðgengilegra samráð í skipulagsmálum Reykjavíkurborgar.

Ábyrgð: Umhverfis- og skipulagssvið.



13

Bætt upplýsingagjöf vegna framkvæmda og skipulagsbreytinga

Aðgerð: Ferlar uppfærðir og innleiddar rafrænar tilkynningar vegna fyrirhugaðra framkvæmda og skipulagsbreytinga í nærumhverfi.

Markmið: Betri yfirsýn íbúa, aukin tækifæri íbúa til að hafa áhrif á sitt nærumhverfi og aukin sátt um framkvæmdir og skipulagsbreytingar.

Ábyrgð: Umhverfis- og skipulagssvið.



14

**Samræma og einfalda
viðmót íbúa þegar kemur
að lýðræði og samráði**

Aðgerð: Skapa heildræna hugbúnaðarlausn vegna samráðs og þátttöku íbúa. Borgin noti eina samráðsgátt og samræmt ferli fyrir allt samráð um stefnumótun og stærri ákvarðanir. Endurskoða þjónustuferla að baki gáttunum, einfalda viðmót, auka skilvirkni og samhæfingu.

Markmið: Einfalda ásýnd og viðmót lýðræðisgátta til að auðvelda íbúum þátttöku með einfaldri leið inn í kerfið, notendamiðaðri þjónustu og aukinni skilvirkni.

Ábyrgð: Starfshópur skipaður fulltrúum Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu/ Þjónustu- og nýsköpunarsviðs / Umhverfis- og skipulagssviðs.



15

Gagnsjá Reykjavíkur

Aðgerð: Þróa og innleiða Gagnsjá sem mun auka gagnsæi í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Með Gagnsjá stígi borgin skref til enn ítarlegri upplýsingamiðlun við íbúa borgarinnar. Þar verði meðal annars á einfaldan hátt hægt að sjá stöðu mála og yfirlit yfir mál ásamt fylgigögnum og tengingu við skyld mál. Gögn verði véllæsileg og þannig auðvelt að finna efni þeirra í leitarvélum.

Markmið: Auka gagnsæi með því að bæta aðgengi íbúa að upplýsingum úr stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Íbúar, kjörnir fulltrúar og starfsfólk geti með einföldum hætti nálgast yfirlit yfir mál sem eru í vinnslu og séð feril þeirra í gegnum stjórnkerfið. Gagnsjá mun bjóða upp á betri yfirsýn og rekjanleika mála.

Ábyrgð: Þjónustu- og nýsköpunarsvið.



16

Lýðræði í skóla- og frístundastarfi


Aðgerð: Sett verður saman áætlun yfir verkefni sem auka lýðræðislega virkni, efla lýðræðisvitund og gagnrýna hugsun barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi. Áhersla verður lögð á að nemendur eigi fulltrúa í öllum skólaráðum, að það séu virk nemendafélög í öllum grunnskólum og nemendaping haldin reglulega. Einnig er stefnt að því að fjölga barnaráðum í frístundaheimilum og auka enn frekar samstarf unglingaráða og nemendafélaga. Samhliða verður unnið að því að auka þekkingu barna á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ennfremur er stefnt að því á skóla- og frístundasviði að fjölga Réttindaskólum og Réttindafrístund í samræmi við hugmyndafræði Unicef.

Markmið: Aukin lýðræðisleg virkni og lýðræðisvitund nemenda í skóla- og frístundastarfi og að þau fái til þess viðeigandi stuðning og fræðslu.

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið.



Tengist mælanlegum markmiðum 11-16.





Mælanleg markmið lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

2021-2024



Eftirfarandi markmið gera okkur kleift að fylgjast með árangri og framgangi stefnu og aðgerða.

Markmiðin miða að framgangi stefnunnar næstu þrjú ár og eru þær á ábyrgð mismunandi fagsviða og skrifstofa borgarinnar en mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa heldur utan um innleiðingu.



Mælanleg markmið	Ábyrgð	Staða	Æskileg staða í árslok 2024	Uppruni mælinga
1. Kosningapátttaka í Hverfið mitt	MAR*	12,55% (2019)	14,5%	Innskráning í Hverfið mitt2.
2. Kosningapátttaka 15-25 ára í Hverfið mitt	MAR*	Ný mæling	Aukning milli ára	Innskráning í Hverfið mitt
3. Kosningapátttaka 61 árs og eldri í Hverfið mitt	MAR*	6,8	8,5%	Innskráning í Hverfið mitt
4. Ánægja hugmyndahöfunda með samstarf, eftirfylgni og upplýsingagjöf í tengslum við Hverfið mitt	MAR*	Ný mæling	Aukning milli ára	Viðhorfskönnun til hugmyndahöfunda
5. Fjöldi íbúa sem hafa einhverja reynslu af íbúasamráði sl. 3 ár	MAR*	46,5% (2017)	55%	Þjónustukönnun Reykjavíkurborgar



Mælanleg markmið	Ábyrgð	Staða	Æskileg staða í árslok 2024	Uppruni mælinga
6. Fjöldi fólks sem farið hefur á íbúafund	MAR*	13,9% (2017)	17%	Þjónustukönnun RVK
7. Ánægja þátttakenda með íbúaping	MAR*	Ný mæling	Aukning milli ára	Könnun í lok hvers fundar
8. Vitneskja borgarbúa um tilvist íbúaráða	MAR*	Ný mæling	Aukning milli ára	Þjónustukönnun
9. Þátttaka íbúa í starfsemi íbúaráðsins í sínu hverfi (mætt / fylgst með streymi / innsend mál)	MAR*	Ný mæling	Aukning milli ára	Þjónustukönnun
10. Ánægja íbúa sem hafa tekið þátt með íbúaráð	MAR*	Ný mæling	Aukning milli ára	Þjónustukönnun



Mælanleg markmið	Ábyrgð	Staða	Æskileg staða í árslok 2024	Uppruni mælinga
11. Nemendur eigi fulltrúa í öllum skólaráðum	SFS*	95%	100%	Spurningavagn stjórnenda SFS*
12. Nemendafélög séu virk í öllum grunnskólum	SFS*	Ný mæling	Aukning milli ára	Spurningavagn stjórnenda SFS*
13. Nemendaping eru haldin reglulega	SFS*	Ný mæling	Aukning milli ára	Spurningavagn stjórnenda SFS*
14. Fjölga barnaráðum í frístundaheimilum	SFS*	36%	75%	Spurningavagn stjórnenda SFS*
15. Auka þekkingu barna á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna	SFS*	52%	75%	Rannsóknir og greining



Mælanleg markmið	Ábyrgð	Staða	Æskileg staða í árslok 2024	Uppruni mælinga
16. Fjölga Réttindaskólum og Réttindafrístund Unicef (161 starfsstöð)	SFS*	27 ferli lokið eða ferli hafið	36 ferli lokið	Samantekt SFS*
17. Hlutfall starfsfólks Reykjavíkurborgar sem upplifir að það geti haft áhrif á starfsumhverfi sitt	MOS*	Ný mæling	Aukning milli ára	Könnun meðal starfsfólks
18. Hlutfall starfsstaða sem sett hafa mælanleg markmið og aðgerðaráætlun	MOS*	Ný mæling	Aukning milli ára	Könnun meðal starfsfólks
19. Ábendingavefur - Svarhlutfall innan 48 klst	ÞON*	Ný mæling	Aukning milli ára	Samantekin gögn mánaðarlega úr ábendingavef



Mælanleg markmið	Ábyrgð	Staða	Æskileg staða í árslok 2024	Uppruni mælinga
20. Ánægja íbúa með ferlið við úrlausnir erinda í ábendingavefinn	ÞON*	Ný mæling	Aukning milli ára	Eftirfylgnikönnun við notendur
21. Ánægja íbúa með niðurstöðu við úrlausnir erinda í ábendingavef	ÞON*	Ný mæling	Aukning milli ára	Eftirfylgnikönnun við notendur
22. Hlutfall borgarbúa sem þekkir ábendingavefinn	ÞON*	Ný mæling	Aukning milli ára	Þjónustukönnun Reykjavíkurborgar

*ÞON – Þjónustu- og nýsköpunarsvið

*MAR – Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

*SFS – Skóla- og frístundasvið

*MOS – Mannauðs- og starfsumhverfissvið





Velferðarstefna Reykjavíkurborgar

Reykjavík – fyrir okkur öll

2021-2030

Velferðarstefna Reykjavíkurborgar er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn.

Við veitum margs konar þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur með forvarnir, menningarnæmi og mannréttindi í fyrirrúmi.

Stefnan er hugsuð sem vegvísir fyrir borgarbúa og um leið fyrir starfsfólk í velferðarþjónustu. Áfram eru til stefnur í einstaka málaflokkum, svo sem í húsnæðismálum, málefnum aldraðra og málefnum fatlaðs fólks. Við mótun velferðarstefnunnar hlustuðum við á fjölbreyttar raddir borgarbúa, starfsmanna, samstarfsaðila og kjörinna fulltrúa.

Markmið borgarinnar er að auka lífsgæði fólks og tryggja að Reykjavík sé sannarlega fyrir okkur öll.

Reykjavík - fyrir okkur öll



Framtíðarsýn



Í Reykjavík er veitt velferðarþjónusta sem stuðlar að góðri líðan íbúa og við upplifum að Reykjavík sé fyrir okkur öll.

Hlutverk



Velferðarsvið stuðlar að auknum lífsgæðum sérhvers íbúa Reykjavíkur með því að sýna frumkvæði og bregðast við fjölbreyttum þörfum einstaklinga og fjölskyldna fyrir velferðarþjónustu.

Gildi velferðarsviðs

Virðing



Við berum virðingu fyrir öllum þeim sem við eigum í samskiptum við.

Við fögnum fjölbreytileika og komum fram við fólk eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

Virkni



Við viljum að allir geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum.

Við vinnum að því að efla frumkvæði og sjálfstæði notenda og starfsfólks velferðarþjónustu.

Velferð



Við erum leiðandi í umræðu um velferðarmál og lífsgæði borgarbúa.

Við vinnum að lausnum og veitum skilvirka velferðarþjónustu sem tekur mið af þörfum hvers og eins.

Stefnumarkandi áherslur



1. Engin tvö eru eins | Stefnumarkandi áhersla

Það, að engin tvö eru eins, er grundvallarnálgun í velferðarþjónustu borgarinnar. Í því felst að mál hvers einstaklings er metið á eigin forsendum og þess gætt að greining og leiðir til lausna og þjónustu séu sniðnar að hverjum og einum.

Horft er til aðstæðna íbúa sem þurfa á velferðarþjónustu að halda, meðal annars til fjölskyldu og nærumhverfis.

Þetta er sérstaklega mikilvæg nálgun í því margbreytilega samfélagi sem Reykjavík er.



Forgangsaðherslur

- 1.1 Skilgreina einstaklingsmiðaða nálgun í þjónustu
- 1.2 Útfæra og innleiða einstaklingsmiðaða nálgun í þjónustu
- 1.3 Mæta fólki af erlendum uppruna



1. Engin tvö eru eins | Forgangsaðherslur

1.1 Skilgreina einstaklingsmiðaða nálgun í þjónustu

Skilgreina hvernig stefnuáherslan „Engin tvö eru eins“ á að birtast í innra starfi velferðarsviðs, þjónustu og viðhorfi starfsfólks. Í því felst meðal annars að áherslan á að verða hluti af þjónustumenningu sviðsins.

1.2 Útfæra og innleiða einstaklingsmiðaða nálgun í þjónustu

Útfæra og að lokum innleiða þjónustuna út frá skilgreiningu á stefnuáherslunni „Engin tvö eru eins“. Í því felst að kortleggja þarfir notenda og skipuleggja í kjölfarið upplýsingamiðlun, samskipti, eftirfylgni, endurgjöf og úrbætur, þar sem við á.

1.3 Mæta fólki af erlendum uppruna

Greina hvernig velferðarsvið getur skipulagt þjónustu sína þannig að hún taki meira tillit til fólks af erlendum uppruna. Markmiðið er að mæta þörfum ört vaxandi hóps borgarbúa með menningarnæmi að leiðarljósi.



2. Nálægð og aðgengileiki | Stefnumarkandi áhersla

Velferðarþjónustan er aðgengileg og nálæg þeim sem á þurfa að halda.

Íbúar eiga að geta nálgast upplýsingar og þjónustuna sjálfa hvernig og hvar sem þeim hentar.

Forsendan er einfalt skipulag sem er hannað út frá þörfum notenda.



Forgangsráherslur

- 2.1 Útfæra breytingar á þjónustunni
- 2.2 Efla notkun stafrænna lausna
- 2.3 Notað vandað, skýrt og auðskilið mál



2. Nálægð og aðgengileiki | Forgangsherslur

2.1 Útfæra breytingar á þjónustunni

Útfæra hvernig auka megi aðgengi, viðbragðsflýti og einfaldleika í velferðarþjónustu. Þannig skapast aukið traust notenda á þjónustuna. Sérstaklega þarf að útfæra hvernig styrkja má þessa þætti með skipulagi, réttri fræðslu, stjórnun og innri samskiptum.

2.2 Efla notkun stafrænna lausna

Auka nýtingu stafrænna lausna með það að markmiði að bæta upplifun notenda, einfalda innri ferla og nýta gögn í þágu notenda þjónustunnar. Mikilvægt er að koma á tengingum við kerfi samstarfsaðila, innan sem utan borgarinnar. Samhliða því skal tryggja gott aðgengi að þjónustunni fyrir fólk sem einhverra hluta vegna getur ekki nýtt sér stafrænar lausnir.

2.3 Nota vandað, skýrt og auðskilið mál

Yfirfara allt efni um velferðarþjónustu og sjá til þess að það sé á vönduðu og skýru máli. Forðast að nota lagatexta og kerfismál í efni sem ætlað er notendum þjónustunnar.



3. Þjónustulipurð og skilvirkni | Stefnunarkandi áhersla

Velferðarþjónusta er margþætt og fjölbreytt. Því skiptir öllu máli að hún sé skipulögð á notendavænan, heildstæðan og skilvirkan hátt þar sem hver þjónustubáttur gegnir mikilvægu og skýru hlutverki í gangverki þjónustunnar.

Fagleg sérhæfing og frumkvæði starfsfólks eru lykilþættir í góðri velferðarþjónustu. Mikilvægt er að gæðaviðmið og verklag styðji starfsfólk við að veita skilvirka og góða þjónustu.

Leitast skal við að tryggja virkt notendasamráð við skipulagningu og framkvæmd þjónustunnar. Áhersla er lögð á að mynda sterkar tengingar við samstarfsaðila innan og utan Reykjavíkurborgar.



Forgangsaðherslur

- 3.1 Endurskoða skipulag velferðarsviðs
- 3.2 Tryggja að notendur séu alltaf í forgrunni
- 3.3 Meta þarfir ólíkra samfélagshópa
- 3.4 Skilgreina heildarþjónustu
- 3.5 Samræma þjónustustig



3. Þjónustulipurð og skilvirkni | Forgangsaðherslur

3.1 Endurskoða skipulag velferðarsviðs


Greina og einfalda skipulag velferðarsviðs með það að markmiði að skipulagsheildin geti mætt sívaxandi þörf fyrir sérhæfingu samhliða samstilltri og skilvirkri þjónustu.

3.2 Tryggja að notendur séu alltaf í forgrunni

Greina núverandi verklag, þarfir notenda og hverju þarf að breyta til að þeir séu ávallt í fyrirrúmi við skipulagningu þjónustunnar og hafðir með í ráðum með virku notendasamráði. Sérstaklega þarf að skoða aðferðir notendamiðaðrar hönnunar og ferðalag notenda í gegnum þjónustuferlið.

3.3 Meta þarfir ólíkra samfélagshópa

Skilgreina ólíka samfélagshópa til að tryggja menningarnæma þjónustu sem felur í sér að samskipti taki mið af aðstæðum þeirra og þörfum. Einnig þarf að fylgjast með lýðfræðilegri þróun og öðrum breytingum sem verða í samfélaginu og geta haft áhrif á þjónustupörf hópanna.



3. Þjónustulipurð og skilvirkni | Forgangsaðherslur

3.4 Skilgreina heildarþjónustu

Skilgreina þjónustubætti velferðarþjónustunnar og samspil þeirra við þjónustu lykilsamstarfsaðila innan og utan Reykjavíkurborgar, með það að markmiði að þjónustan sé heildstæð og samfelld fyrir notendur.

3.5 Samræma þjónustustig

Auka samstarf og vinna að samræmingu velferðarþjónustu milli hverfa og tryggja þannig að allir borgarbúar fái góða og heildstæða þjónustu, óháð búsetu. Í því felst að miðla þekkingu og árangursríkum aðferðum milli þjónustumiðstöðva, móta skýra gæðafaerla og innleiða árangursríkt verklag með markvissum hætti. Á sama tíma þarf að tryggja svigrúm til að mæta ólíkum þjónustubörfum og sérstöðu nærumhverfis.



4. Virðing og umhyggja | Stefnunarmarkandi áhersla

Þjónusta sem snýr að heill og hamingju skal einkennast af samkennd, umhyggju og umfram allt virðingu fyrir einstaklingnum.

Ekki er gefist upp á neinum og áhersla lögð á hjálp til sjálfshjálpar.

Þessi áhersla á sér birtingarmynd í skipulagi, stjórnun og mannlegum samskiptum.



Forgangsráherslur

- 4.1 Auka ráherslu á valdeflingu
- 4.2 Efla traust
- 4.3 Vinna gegn fordómum



4. Virðing og umhyggja | Forgangsaðherslur

4.1 Auka áherslu á valdeflingu

Styrkja þá nálgun að sérstök áhersla sé lögð á valdeflingu fólks og félagslega sjálfbærni innan velferðarþjónustu borgarinnar. Horft verði sérstaklega á virkni einstaklinga og hvatningu til starfa, náms og tómsunda, þar sem það á við.

4.2 Efla traust

Efla gagnkvæma virðingu og traust í samskiptum og viðhorfum starfsfólks og notenda velferðarþjónustu. Þetta felur í sér markvissa fræðslu og þjálfun, ríkulega áherslu á virka hlustun og miðlun áreiðanlegra upplýsinga.

4.3 Vinna gegn fordómum

Útfæra hvernig unnið er gegn öllum birtingarmyndum fordóma gagnvart notendum velferðarþjónustu með hugmyndafræði mannréttinda að leiðarljósi. Lykilatriði í því er markviss fræðsla, upplýsingamiðlun og skýrar skilgreiningar á orðavali og hugtakanotkun.



5. Frumkvæði og forvarnir | Stefnumarkandi áhersla

Lögð er áhersla á forvarnir í allri velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar.


Þjónustan hvílir á fyrirbyggjandi aðgerðum þar sem traustar upplýsingar og vísbendingar eru nýttar í forvarnir.

Ef tölfræðigreiningar eða upplýsingar gefa til kynna að grípa þurfi inn í aðstæður hjá einstaklingum og hópum sýnir starfsfólk frumkvæði.



Forgangssáherslur

- 5.1 Efla forvarnir
- 5.2 Auka frumkvæði
- 5.3 Efla gagnadrifna ákvarðanatöku



5. Forvarnir og frumkvæði | Forgangsaðherslur

5.1 Efla forvarnir

Útfæra hvernig má auka forvarnir til að fyrirbyggja og draga úr líkum á því að fólk lendi í félagslegum vanda. Greina þarf þjónustubætti og notendahópa til að kortleggja hvar hægt er að beita forvörnum í auknum mæli.

5.2 Auka frumkvæði

Samhliða því að efla forvarnir þarf að skoða hvernig frumkvæði getur orðið stærri þáttur í vinnubrögðum starfsfólks. Þetta felur í sér markvissa valdeflingu meðal starfsfólks með fræðslu og þjálfun.

5.3 Efla gagnadrifna ákvarðanatöku

Rýna og greina tölfræðigögn með markvissari hætti og eftir atvikum tengja þau við upplýsingar frá starfsfólki og notendum velferðarþjónustunnar. Markmiðið er að draga ályktanir og spá fyrir um þróun, svo sem á lýðfræði og notendahópum, auk þess að greina áhrif slíkra breytinga á velferðarþjónustu.



6. Samtal og samráð | Stefnumarkandi áhersla

Árvekni gagnvart fjölbreyttum þörfum fólks er lykillinn að trausti í garð velferðarþjónustu borgarinnar.

Áhersla er lögð á reglubundið og markvisst samtal og samráð við ólíka en vel skilgreinda hagsmunaaðila, notendur og aðra borgarbúa.



Forgangsaðherslur

- 6.1** Skipuleggja virkt samráð við hagsmunaaðila
- 6.2** Styrkja miðlun upplýsinga
- 6.3** Skoða strauma og stefnur á markvissari hátt
- 6.4** Tryggja reglubundna endurgjöf frá notendum



6. Samtal og samráð | Forgangsaðherslur

6.1 Skipuleggja virkt samráð við hagsmunaaðila

Auka samráð við hagsmunaaðila með það að markmiði að styrkja samtal við samfélagið. Rýna og endurskoða virkt samráð við hagsmunahópa og stofna til reglubundins samráðsvettvangs ef þörf er á.

6.2 Styrkja miðlun upplýsinga

Skipuleggja og bæta miðlun upplýsinga til borgarbúa en þó umfram allt til notenda velferðarþjónustu og aðstandenda þeirra. Nýta þarf fjölbreyttar leiðir í upplýsingamiðlun til að tryggja gott aðgengi að upplýsingum fyrir alla.

6.3 Skoða strauma og stefnur á markvissari hátt

Rýna markvisst í strauma og stefnur í velferðarþjónustu, meðal annars í tengslum við háskólasamfélagið og á alþjóðavettvangi.

6.4 Tryggja reglubundna endurgjöf frá notendum

Mikilvægt er fyrir þróun þjónustunnar að kallað sé eftir markvissri og reglulegri endurgjöf frá notendum. Auka þarf tíðni þjónustukannana í sem flestum þjónustupáttum.



7. Fagmennska og framsýni | Stefnumarkandi áhersla

Mikilvægt er að í velferðarþjónustu starfi faglegt og framsýnt starfsfólk sem vinnur saman að árangursríkum lausnum í takt við nýjustu þekkingu og tækni.

Hlutverk starfsfólks er að koma til móts við fjölbreyttar þarfir notenda og stuðla þannig að auknum lífsgæðum þeirra.

Styðja þarf frumkvæði starfsfólks og tryggja því tækifæri til að vaxa og dafna í starfi. Þverfaglegt samstarf og aukin sérhæfing starfsfólks eru lykilatriði til að ná þeim markmiðum.



Forgangsaðherslur

- 7.1 Skapa framsækið vinnuumhverfi
- 7.2 Styðja við þekkingardrífna vinnustaðamenningu
- 7.3 Auka margbreytileika í hópi starfsfólks
- 7.4 Styrkja innri upplýsingamiðlun



7. Fagmennska og framsýni | Forgangsaðherslur

7.1 Skapa framsækið vinnuumhverfi

Skapa framsækið vinnuumhverfi þar sem stafrænar lausnir og nýstárlegar aðferðir við stjórnun eru nýttar til að auka afköst, gæði þjónustu, sveigjanleika og starfsánægju. Til að vera samkeppnishæf um framúrskarandi starfsfólk þarf að veita því tækifæri til að sýna frumkvæði og hámarka hæfileika sína og framlag.

7.2 Styðja við þekkingardrífna vinnustaðamenningu

Styðja við frumkvæði starfsfólks til að afla sér þekkingar og miðla henni áfram. Jafnframt að ýta undir frumkvæði starfsfólks til að finna leiðir sem mæta fjölbreyttum þörfum notenda og auka lífsgæði þeirra.

7.3 Auka margbreytileika í hópi starfsfólks

Auka margbreytileika í hópi starfsfólks til að efla þekkingu og auka skilning á þörfum ólíkra notendahópa. Starfsmanna- og stjórnendahópur sem endurspeglar fjölbreytni samfélagsins auðgar vinnustaðamenningu og er betur í stakk búinn að mæta notendum á jafningjagrundvelli. Tryggja þarf viðeigandi aðlögun til að koma til móts við sérhæfðar þarfir starfsfólks.

7.4 Styrkja innri upplýsingamiðlun

Starfsfólk borgarinnar hafi greiðan og skýran aðgang að upplýsingum. Nýta þarf fjölbreyttar leiðir til upplýsingamiðlunar til að tryggja gott aðgengi að upplýsingum fyrir alla.



Reykjavík

– fyrir okkur öll





HEILDSTÆÐ ÞJÓNUSTA FYRIR BÖRN MEÐ SÉRSTAKAR ÞJÓNUSTUÞARFIR

Skýrsla stýrihóps júní 2021

- „Nálgast þarf þjónustuna út frá þörfum notandans, ekki skipulagi kerfisins.“



Reykjavíkurborg

Innihald

Inngangur	3
1. Samantekt á helstu niðurstöðum	5
Tillögur stýrihóps:	6
Tillaga 1.....	6
Tillaga 2.....	6
Tillaga 3.....	7
Tillaga 4.....	7
Tillaga 5.....	7
Tillaga 6.....	7
2. Betri borg fyrir börn.....	8
3. Aukinn stuðningur við börn.....	10
5. Áhersla á snemmtækan stuðning.....	12
6. Einföldun aðgengis að þjónustu	14
7. Áhersla á árangursmat	15
8. Utanumhald og eftirfylgni - verkefnisstjórn	16
9. Tillögur sem hefur verið vísað til stýrihóps	18
10. Ýmis gögn sem stýrihópurinn vann með	22
Fylgiskjöl	32

Stýrihópurinn skipaðu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs

Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Með hópnum störfuðu:

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri á skóla- og frístundasviði

Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri á velferðarsviði

Stýrihópurinn hefur gengið undir nafninu Ísak. Reykjavík er þjónustuborg þar sem unnið er eftir þjónustustefnu. Við innleiðingu þjónustustefnu er byggt á aðferðarfræði notendamiðaðrar hönnunar (Design Thinking). Lykilatriði notendamiðaðrar hönnunar er að setja sig í spor notenda með samkennd/samhyggið og greina upplifun hans. Síðan eru sársaukapunktur hans leystir á nýskapandi máta í þverfaglegri samvinnu. Í notendagreiningu vegna leikskólamála var búin til Reykjavíkurfjölskyldan. Í henni er leikskóladrengurinn Ísak.



Júní 2021

Málsnúmer:

SFS2019090155

VEL2021060009

Inngangur

Á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs sem haldinn var 20. september 2019 var samþykkt að setja af stað stýrihóp um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustufarfir. Borgarráð samþykkti tillöguna 26. september 2019.

Hlutverk stýrihóps er að hafa heildarumsjón og styðja við innleiðingu breytinga á þjónustu fyrir fjölskyldur barna með sérstakar þjónustufarfir sem veitt er af velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Stýrihópurinn skoði heildstætt hvernig megi samþætta og einfalda skipulag og starfsemi þeirrar stoðþjónustu sem borgin veitir börnum með sérstakar þjónustufarfir. Markmiðið er að leggja fram tillögur að betri þjónustu við börn og forsjáraðila þeirra, auka skilvirkni hennar og stuðla að því að hún skili börnunum framförum.

Stýrihópurinn er skipaður Heiðu Björgu Hilmisdóttur, formanni velferðarráðs, Skúla Helgasyni, formanni skóla- og frístundaráðs, Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, og Reginu Ásvaldsdóttur, sviðsstjóra velferðarsviðs. Með hópnum unnu skrifstofustjórar frá báðum sviðum, Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir og Dís Sigurgeirsdóttir. Sjá erindisbréf í fylgiskjali 1.

Stýrihópurinn hefur haldið 10 fundi og tekið á móti sérfræðingum sem kynnt hafa ýmis verkefni sem tengjast viðfangsefninu:

-Elisabet Ingadóttir, sérfræðingur á þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar, sem kynnti inntak þjónustuhönnunar og Gróðurhúsið.

-Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, sérfræðingur, skrifstofu barna- og fjölskyldumála, félagsmálaráðuneytinu, sem kynnti verkefni á döfnni í félagsmálaráðuneytinu, m.a. helstu þætti að baki samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

-Ragnar Þorsteinsson, sérfræðingur, mennta- og menningarráðuneytinu, sem kynnti „Menntun fyrir alla“ skýrslu Evrópumíðstöðvar um menntun án aðgreiningar og helstu niðurstöður stýrihóps um „Menntun fyrir alla – horft fram á veginn“ frá júní 2019, sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

-Hákon Sigursteinsson, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, sem kynnti framkvæmdaáætlun í barnavernd.

-Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri Tröppu, sem kynnti hugbúnaðarlausnina Kara Connect, sem gerir t.d. talmeinafræðingum kleift að veita börnum talkennslu í gegnum netið.

-Magnús Þór Jónsson, formaður Félags skólalastjórnenda í Reykjavík og Jón Ingi Gíslason, formaður Kennarafélags Reykjavíkur, sem kynntu tillögur félaganna um breytingar á tilhögun sérúrræða nemenda í Reykjavík.

-Guðrún Hjartardóttir, Sigíður Rut Hilmarsdóttir og Fjóla Þorvaldsdóttir, sérfræðingar á skóla- og frístundasviði (SFS), sem kynntu niðurstöður starfshóps á vegum SFS um undirbúning að sameiginlegri stefnu um skóla- og frístundastarf án aðgreiningar með áherslu á sérkennslu og stuðning á starfsstöðvum SFS í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi.

-Arnheiður Helgadóttir, verkefnastjóri sérkennslu grunnskólaskrifstofu SFS, sem kynnti þríhyrninginn SMT (Shcool Management Training) sem skiptir bekk í þrjú stig eftir erfiðleikum/fötun/sérþörfum barnanna.

-Helgi H. Viborg, Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir og Guðmundur Sigmarsson sérfræðingar á skrifstofu velferðarsviðs (VEL) og Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, sérfræðingar á skrifstofu SFS og Hlynur Hallgrímsson, sérfræðingur hjá þjónustu og nýsköpunarsviði (PON), sem kynntu kostnaðargreiningu sértæks stuðnings SFS og VEL við leik- og grunnskólabörn í Reykjavík.

-Einnig kynnti *Helgi Grímsson*, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, sem jafnframt var fulltrúi í stýrihópnum, LOI (Learning Opportunities Index), vísa að auknum tækifærum til náms. LOI er stuðull sem er reiknaður út fyrir hvern grunnskóla og á að endurspeglar þær áskoranir sem er að finna í umhverfi nemendahópsins og geta haft áhrif á árangur hans.

-Þá hafa sviðsstjórar átt fund með deildarstjórum skólaljónustu og hópi sérfræðinga og stjórnenda á skóla- og frístundasviði þar sem farið var yfir helstu hugmyndir og þróun þjónustunnar.

Loks hefur stýrihópurinn kynnt sér ýmsar rannsóknir, kannanir og úttektir sem varpa ljósi á stöðu mála varðandi líðan barna og ungmenna, s.s. niðurstöður Rannsókna og greiningar, viðhorf foreldra grunnskólabarna til skólaljónustu og viðhorf stjórnenda og starfsmanna leik- og grunnskóla til skólaljónustu.

Í þessari skýrslu verður fyrst vikið að samantekt á helstu niðurstöðum og tillögum stýrihópsins, sem eru sex talsins (kafla 2). Í köflum 3 - 8 verður því næst vikið að ítarlegri útlitun á hverri tillögu fyrir sig. Í 9. kafla verður svo vikið að afgreiðslu hópsins á tillögum borgarfulltrúa sem var vísað til hans á starfstímanum og í 10. kafla er loks umfjöllun um ýmis gögn, strauma og stefnur sem stýrihópurinn vann með.

1. Samantekt á helstu niðurstöðum

Niðurstaða hópsins, eftir að hafa hlýtt á kynningar sérfræðinga sem komu fyrir hópinn og umræður um málefnið er að byggja á leiðarstefinu *menntun fyrir alla*, sem birtist einkum í skýrslu Evrópumíðstöðvar „Menntun fyrir alla á Íslandi“ og áframhaldandi vinnu í skýrslunni „Menntun fyrir alla – horft fram á veginn“. Á þessum grundvelli setur hópurninn fram eftirfarandi leiðarljós sem vinna ber markvisst eftir:

- **Lágþröskuldapjónusta.** Þjónustan þarf að vera aðgengileg og sem næst þeim sem á henni þurfa að halda. Með því er átt við að aðgengi barnanna að þjónustunni sé auðvelt, hún sé sýnileg og að þau viti hvar og hvernig á að nálgast hana. Greiningar verði ekki forsenda þess að börn fái aðstoð heldur brugðist við með skilvirkri snemmtækri íhlutun á fyrstu stigum. Það þýðir að auðvelda og tryggja þarf aðgengi barna að þjónustu t.d. skólasálfræðinga á vettvangi skólans og/eða með nýtingu starfrænna lausna. Einnig að starfsfólk á vettvangi, s.s. kennarar, fái leiðsögn og þjálfun í beitingu starfsaðferða sem gera þeim kleift að takast á við áskoranir sem fylgja börnum með sérstakar þjónustuþarfir, s.s. hegðunarfrávik.
- **Notendamiðuð þjónusta** – Nálgast þarf þjónustuna út frá þörfum notandans, ekki skipulagi kerfisins.
- **Heildstæð skólaþjónusta** – Tryggja þarf samstarf og samþættingu milli þeirra stofnana sem koma að þjónustunni þannig að ekki verði rof í henni á neinu tímabili í lífi barns. Tilraunaverkefnið *Betri borg fyrir börn*, sem starfrækt er í Breiðholti byggir á slíkri nálgun, þar sem fulltrúar skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs vinna saman í teymi. Frumvarp félags- og barnamálaráðherra um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna gengur einnig í þá átt og við innleiðingu þess mun slík nálgun fest enn frekar í sessi.
- **Þjónusta byggð á gögnum**– Tryggja þarf að úthlutun fjármagns byggi á tölfræðigögnum og greiningum á stöðunni en ekki eingöngu á greiningum barna. Með breyttum viðmiðum og vinnureglum um úthlutun og nýtingu fjármagns verði dregið úr vægi læknisfræðilegrar nálgunar en í staðinn lögð áhersla á hlutverk skólaþjónustu í stuðningi við starfsfólk og skóla sem beinist að starfi kennara og samhæfingu annarra sérfræðinga sem starfa í daglegu námsumhverfi barna. Skoða þarf árangur af þeim lausnum og úrræðum sem notuð eru hverju sinni til að meta hvort þau skili áætluðum árangri hjá börnum og fjölskyldum. Öll áhersla á starfsþróun og fræðslu verði byggð á gögnum og árangursmælingum. Sett verði viðmið um gæði skólastarfs, sem taka mið af menntun fyrir alla, komið verði á virkara og viðtækara samstarfi milli háskóla og skólaþjónustu um starfsþróun og rannsóknir á skólastarfi.

Ekki er á þessum tímamarki tímabært að endurskoða heildstætt stefnu borgarinnar í málaflökknum (Menntun án aðgreiningar) þar sem svo margt er í vinnslu sem hefur áhrif á stefnumótunina, s.s. frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, samþykkt og innleiðing velferðarstefnu Reykjavíkurborgar, aðlögun starfs í grunnskóla að tillögum Evrópumíðstöðvar um menntun án aðgreiningar, innleiðing *Græna plansins* og þróunarverkefnið *Betri borg fyrir börn*. Stefnan sem unnið er eftir er þó skýr – menntun fyrir alla – sem þýðir opinbert menntakerfi fyrir öll börn og unglinga þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Í slíku menntakerfi er litið á fjölbreytileika sem meginreglu og leitast við að ryðja úr vegi hindrunum fyrir virkri þátttöku allra nemenda í skólasamfélaginu með merkingarþærri námskrá, skilvirkri kennslu og nauðsynlegum stuðningi.¹ Mörg verkefni eru nú þegar í gangi hjá borginni í þeim anda svo sem *Betri borg fyrir börn í Breiðholti*, *Keðjan*

¹ *Menntun fyrir alla – horft fram á veginn*. Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið júní 2019.

– samstarfsnet fyrir börn og fjölskyldur þeirra ásamt mörgum smærri verkefnum sem eru unnin í samstarfi milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Á síðari stigum, þegar áætlun er tilbúin um innleiðingu laga er byggja á frumvarpi félags- og barnamálaráðherra um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og ábendingum Evrópumíðstöðvar um menntun án aðgreiningar, verði hugað að mótun heildstæðrar stefnu eða stefnumarkandi áætlunar í málefnum barna með sérstakar þjónustuparfir.

Í frumvarpi félags- og barnamálaráðherra um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem lögð voru fyrir Alþingi 30. nóvember 2020 segir að markmið laganna sé að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Við framkvæmd laganna eigi að tryggja réttindi barna í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland er aðili að og er í því samhengi bent á samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Fram kemur að þeir sem beri ábyrgð samkvæmt lögnum skulu:

1. Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.
2. Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirknan hátt um leið og hún vaknar.
3. Eiga samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.

Ljóst er að þegar farsældarfrumvarpið verður að lögum, sem skv. gildistökuákvæði verður 1. janúar 2022, hefur það í för með sér endurskoðun á skipulagi þjónustu við börn, m.a. hjá Reykjavíkurborg. Við samþykkt verða aðrir lagabálkar er varða börn teknir til endurskoðunar og breytt í samræmi við farsældarlögin.

Tillögur stýrihóps:

Stýrihópurinn leggur fram sex tillögur sem snúa að því að innleiða breytingar á þjónustu við börn og unglinga með sérstakar þjónustuparfir sem veitt er af velferðarsviði og skóla- og frístundasviði með það að leiðarljósi að samþætta og einfalda skipulag þjónustunnar. Markmiðið er að bæta þjónustu við börn og foreldra/forsjáraðila þeirra, auka skilvirkni hennar og stuðla að því að hún skili börnunum framförum.

Tillaga 1

Lagt er til að verkefnið *Betri borg fyrir börn* verði innleitt um alla Reykjavíkurborg. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þá er lögð áhersla á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og ná samlegðaráhrifum m.a. á sviði fjármála, mannvirkja og mannaúds.

Borginni verði skipt í fjögur þjónustuhverfi: Eitt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, annað í Laugardal og Háaleiti og það þriðja í Grafarvogi, Kjalarnesi, Árbæ og Grafarholti. Þjónustuhverfin verði því fjögur í heildina með því sem starfrækt er í Breiðholti. Unnið er að mati á verkefninu Betri borg fyrir börn í Breiðholti og verði niðurstöður nýttar í skipulagi á verkefninu. Skipaður verði faghópur sem vinnur að undirbúningi verkefnisins, þ.m.t. verkaskiptingu á milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Nánari tillögur að fyrirkomulagi verkefnisins ásamt kostnaðarmati verði lagðar fyrir skóla- og frístundaráð og velferðaráð eigi síðar en 1. október næstkomandi. Innleiðing verkefnisins Betri borg fyrir börn um alla Reykjavík hefjist um áramót 2021/2022.

Tillaga 2

Lagt er til að óskað verði eftir 140 m.kr. fjárheimild til borgarráðs til þess að vinna með börn og unglinga vegna áhrifa heimsfaraldurs Covid-19. Um er að ræða kostnað vegna tímabundinna stöðugilda og/eða

aðkeyptar vinnu frá og með 1. júlí 2021 til 30. júní 2022. Mikil eftirspurn er eftir sálfræðipjónustu vegna aukins tilfinningavanda barna og ungmenna. Þann 1. maí sl. biðu 1.033 börn eftir fyrstu þjónustu, 525 börn eftir þjónustu sálfræðings og 430 eftir þjónustu talmeinafræðings. Áætlað er að fjárveitingin dugi til að veita allt að 650 börnum þjónustu á 12 mánaða tímabili. Miðlægri verkefnastjórn, með fulltrúum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, verði falið að útfæra skipulag vinnunnar og forgangsröðun.

Tillaga 3

Lagt er til að aukin áhersla verði lögð á að taka tillit til lýðfræðilegra þátta við úthlutun fjármagns til grunnskóla í borginni með það að markmiði að auka jöfnuð milli barna og skóla í anda stefnunnar um *Menntun fyrir alla*. Byggt verði á *Vísun að auknum tækifærum* (e. Learning opportunities index – LOI) sem er stuðull sem er reiknaður út fyrir grunnskóla og á að endurspegla þær áskoranir sem er að finna í umhverfi nemendahópsins og geta haft áhrif á árangur hans. Þar með gefst frekara tækifæri til að beita snemmtækum stuðningi við barn eða börn vegna þarfa sem skapast þótt greiningar liggi ekki fyrir. Breytingin styður við það fyrirkomulag að greining sé ekki nauðsynleg forsenda stuðnings. Um er að ræða tilfærslu á stuðningsfjármagni og mun verkefnisstjórn útfæra fyrirkomulag.

Tillaga 4

Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að rafvæðingu á umsóknarferli um skólaþjónustu þar sem ferlið verður endurskoðað í heild sinni út frá þörfum notenda. Markmiðið verði að auðvelda aðgengi skóla og foreldra að skólaþjónustu og að einfalda samskipti bæði skóla og foreldra barna við skólaþjónustu. Verkið verði unnið í hönnunarsprettum. Verkerlar verði samræmdir í skólaþjónustunni þannig að hún sé sambærileg um alla borg. Verkefnisstjórn hefur yfirumsjón með ferlinu.

Tillaga 5

Lagt er til að fram fari faglegt mat á árangri af sérkennslu, sértækum stuðningi í skóla- og frístundastarfi, skólaþjónustu og þjónustu velferðarsviðs við börn og fjölskyldur. Með rýningu á reglubundnu stöðumati skólanna á læsi, félagsfærni og líðan er hægt að bregðast sérstaklega við þjónustuþörfum þeirra barna sem þarfnast stuðnings og þjónustu. Lögð verði áhersla á að rökstyðja val á stuðningsaðferðum með vísan til gagna með það fyrir augum að þær skili sér í bættri líðan, læsi og/eða félagsfærni. Lagt verði mat á árangur stuðnings með reglulegum hlutlægum mælingum til að greina hvort stuðningur hafi leitt til bættrar stöðu barna og ef ekki að greina og innleiða helstu tækifæri til úrbóta. Mælaborð farsældar barna verði nýtt til að meta almenna stöðu barna og þar með heildarstarf sveitarfélagsins m.t.t. farsældar barna. Verkefnisstjórn hefur umsjón með verkefninu og mun leggja fram tillögur að útfærslu eigi síðar en í upphafi árs 2022.

Tillaga 6

Lagt er til að verkefnisstjórn verði sett á laggirnar sem undirbúi Reykjavíkurborg fyrir nýja löggjöf um farsæld barna. Formaður verkefnisstjórnar verði skipaður til ársloka 2022. Formaður verkefnisstjórnar verði jafnframt faglegur leiðtogi skólaþjónustu þjónustumiðstöðva eins og hún er í núverandi mynd og heyrir undir skrifstofustjóra á velferðarsviði en verður staðsettur á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Í verkefnisstjórn eiga sæti fulltrúar frá skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Hópurinn skilar áfangaskýrslum til sviðsstjóra beggja sviða og vinnur þétt með þeim að þeim breytingum sem þurfa að eiga sér stað í tengslum við nýja löggjöf.

Í köflunum hér fyrir aftan verður fjallað nánar um hverja tillögu fyrir sig með greinargerðum. Fylgiskjöl með tillögum 1 og 2 eru aftast í skýrslunni ásamt jafnréttisskimunum með öllum tillögnum.

2. Betri borg fyrir börn

Tillaga 1 - *Innleiðing verkefnisins Betri borg fyrir börn - Markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra í öllum þjónustuverfum borgarinnar*

Lagt er til að verkefnið *Betri borg fyrir börn* verði innleitt um alla Reykjavíkurborg. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þá er lögð áhersla á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og ná samlegðaráhrifum m.a. á sviði fjármála, mannvirkja og mannaúts.

Borginni verði skipt í fjögur þjónustuverfi: Eitt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, annað í Laugardal og Háaleiti og það þriðja í Grafarvogi, Kjalarnesi, Árbæ og Grafarholti. Þjónustuverfin verði því fjögur í heildina með því sem starfrækt er í Breiðholti. Unnið er að mati á verkefninu *Betri borg fyrir börn í Breiðholti* og verða niðurstöður nýttar í skipulagi á verkefninu. Skipaður verði faghópur sem vinnur að undirbúningi verkefnisins, þ.m.t. verkaskiptingu á milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Nánari tillögur að fyrirkomulagi verkefnisins ásamt kostnaðarmati verði lagðar fyrir skóla- og frístundaráð og velferðaráð eigi síðar en 1. október næstkomandi. Innleiðing verkefnisins *Betri borg fyrir börn* um alla Reykjavík hefjist um áramót 2021/2022.

Greinargerð

Á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs sem var haldinn 20. september 2019 var samþykkt tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um að hefja þróunarverkefni í Breiðholti: *Betri borg fyrir börn*. Markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra (fylgiskjal 1).

Á sama fundi var jafnframt samþykkt tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa og velferðarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um að settur yrði á fót sameiginlegur stýrihópur skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs með það hlutverk að skoða hvernig megi tryggja heildstæða stöðþjónustu fyrir börn með sérþarfir með það að markmiði að bæta þjónustu við börnin og forráðamenn þeirra gera hana markvissari og stuðla að því að hún skili börnunum framförum. Hópnum var jafnframt ætlað að fylgjast með framgangi verkefnisins *Betri borg fyrir börn í Breiðholti* og leggja mat á fýsileika þess að yfirfæra verkefnið á aðra borgarhluta (fylgiskjal 2).

Borgarráð samþykkti ofangreindar tillögur á fundi sínum 26. september 2019.

Undirbúningur tilraunaverkefnisins *Betri borg fyrir börn í Breiðholti* (BBB) hófst í beinu framhaldi af samþykkt borgarráðs. Ráðinn var verkefnisstjóri sem hélt utan um undirbúning og innleiðingu verkefnisins og settur var á laggirnar eigendahópur verkefnisins. Hópurinn skipa sviðsstjórar skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, sem jafnframt eru í stýrihóp ráðanna um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónusturþarfir, og hverfisstjóri Breiðholts. Hópurinn hittist reglulega til að fara yfir framvindu breytinganna í Breiðholti. Þá hittir eigendahópurinn stjórnendur í þjónustumiðstöð Breiðholts og skrifstofustjóra af fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs með reglubundnum hætti. Sviðsstjórnir færa þekkingu af framvindu BBB verkefnis inn í stýrihópinn.

Það er mat stýrihópsins að nú sé tímabært að innleiða verkefnið í öll þjónustuverfi borgarinnar. Veigamikil rök liggja því að baki. Framundan er endurskoðun á skipulagi þjónustu við börn með tilkomu

laga um um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem eiga að taka gildi 1. janúar nk. Velferðarstefna Reykjavíkurborgar er tilbúin til samþykktar og í kjölfar innleiðingar hennar fer fram endurskipulagning á fyrirkomulagi þjónustunnar. Þá er um að ræða næsta skref hjá skóla- og frístundasviði að færa stjórnun stofnana sviðsins nær vettvangi til að styðja betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Sem fyrr er markmið verkefnisins að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Áhersla er á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar.

Þrjú ný þjónustuverfi verði mynduð; Eitt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, annað í Laugardal og Háaleiti og það þriðja í Grafarvogi, Kjalarnesi, Árbæ og Grafarholti. Þjónustuverfin verði því alls fjögur með því sem starfrækt er í Breiðholti. Skóla- og frístundaskrifstofa og velferðarþjónusta þjónustumiðstöðva verði saman til húsa og skipulögð og samþætt til að hún nýtist sem best börnum og fjölskyldum þeirra og starfseiningum hverfisins.

Skipaður verði faghópur sem vinnur að undirbúningi verkefnisins, þ.m.t. verkaskiptingu á milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Haft verður samráð við helstu haghafa; starfsfólk og samtök foreldra. Unnið er að mati á verkefninu í Breiðholti og verða niðurstöður nýttar í skipulagi á verkefninu. Leitast verður við að framkvæma verkefnið innan gildandi fjárheimilda með tilfærslu stöðugilda en gera má ráð fyrir einhverjum stofnkostnaði s.s. vegna húsnæðis og aðlögunar í starfsmannahaldi.

Nánari útfærsla og kostnaðarmat verði lagt fram samhliða tillögum undirbúningshópsins ekki síðar en 1. október nk. Gerður verður samstarfsamningur á milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs sem taki gildi um áramót 2021/2022 þegar innleiðing verkefnisins Betri borg fyrir börn um alla Reykjavík hefst.

Fylgiskjal 3: Jafnréttisskimun

3. Aukinn stuðningur við börn

Tillaga 2 - Tímabundin fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid 19 á börn og unglunga

Lagt er til að óskað verði eftir 140 m.kr. fjárheimild til borgarráðs til þess að vinna með börn og unglunga vegna áhrifa heimsfaraldurs Covid-19. Um er að ræða kostnað vegna tímabundinna stöðugilda og/eða aðkeyprar vinnu frá og með 1. júlí 2021 til 30. júní 2022. Mikil eftirspurn er eftir sálfræðiþjónustu vegna aukins tilfinningavanda barna og ungmenna. Þann 1. maí sl. biðu 1033 börn eftir fyrstu þjónustu, 525 börn eftir þjónustu sálfræðings og 430 eftir þjónustu talmeinafræðings. Áætlað er að fjárveitingin dugi til að veita allt að 650 börnum þjónustu á 12 mánaða tímabili. Miðlægrri verkefnastjórn, með fulltrúum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, verði falið að útfæra skipulag vinnunnar og forgangsroðun.

Greinargerð

Sterkar vísbendingar eru um að tilfinningalegur vandi barna á grunnskólaaldri hafi aukist á tímum Covid-19 faraldursins. Á tímabilinu 1. jan. 2020 – 1. maí 2021 hefur hlutfall barna þar sem tilfinningalegir erfiðleikar eru aðalástæða tilvísana til skólaþjónustu aukist til muna. Þann 1. jan. 2020 voru tilfinningalegir erfiðleikar aðalástæða 6% barna á bið eftir skólaþjónustu en það hlutfall hefur aukist jafnt og þétt og var 12% þann 1. maí 2021, eða fór úr 28 börnum í 122 börn. Börnum þar sem tilfinningalegir erfiðleikar eru aðalástæða beiðni hefur því fjölgað um 336% frá 1. jan. 2020 – 1. maí 2021 en á sama tímabili hefur börnum á biðlista eftir skólaþjónustu fjölgað um 129%.

Þessi aukning barna með tilfinningalegan vanda á bið eftir þjónustu endurspeglar og þá þróun sem nýlegar rannsóknir sýna á andlegri líðan ungmenna í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum. Rannsókn R&G á líðan barna í 8 -10 bekk grunnskóla sýna að kvíði og einmanaleiki hefur aukist bæði hjá drengjum og stúlkum á tímum Covid-19 en um 17% stúlkna upplifðu sig einmana/niðurdregnar eða dapprar í október 2020 en um 7 % drengja.

Ef öll erindi til skólaþjónustu velferðarsviðs eru tekin saman (undir skólaþjónustu heyra sálfræðingar, talmeinafræðingar, sérkennsluráðgjafar, hegðunarráðgjafar, kennsluráðgjafar og félagsráðgjafar) þá hefur erindum fjölgað um 14,6% milli árána 2019 og 2020. Í febrúar 2021 biðu alls 863 börn eftir fyrstu þjónustu. Þar af biðu 465 börn eftir þjónustu sálfræðings og 307 börn eftir þjónustu talmeinafræðings (Sjá fylgiskjal um greiningu á erindum skólaþjónustu). Á tímabilinu 1. febrúar til 1. maí 2021 hefur tilvísunum til skólaþjónustunnar haldið áfram að fjölga og þann 1. maí 2021 biðu alls 1033 börn eftir fyrstu þjónustu, 525 börn eftir þjónustu sálfræðings og 430 eftir þjónustu talmeinafræðings.

Áætlað er að á 12 mánaða tímabili muni nást að veita allt að 650 börnum þjónustu með þeirri aukningu stöðugilda sem óskað er eftir. Þeir sérfræðingar sem nú þegar eru að störfum á þjónustumiðstöðvum munu jafnframt vinna við að þjónusta börn sem nú eru á biðlistunum til að hægt sé að vinna á honum. Ljóst er að ef ekki koma til aukin stöðugildi eða aðstoð mun ekki verða unnt að veita öllum þeim börnum á biðlista umbeðna þjónustu. Meðal þeirra úrræða sem hægt væri að setja á laggirnar, til að mæta hluta þessa hóps, eru námskeið á vegum Keðjunnar, m.a. í samstarfi við frístundastarfið, efling samstarfs í gegnum Fjölskylduteymin sem eru samstarfsvettvangur heilsugæslu, þjónustumiðstöðva og BUGL, ásamt samstarfi sem skapast gegnum aukna nánd milli þjónustuþátta í hverfunum, s.s. ef tillaga um innleiðingu verkefnisins Betri borg fyrir börn í öll hverfi borgarinnar nær fram að ganga. Einnig ætti að

skapast svigrúm innan skólajónustunnar til að auka fræðslu um tilfinningar og tilfinningastjórnun inn í skólana sem og að huga að námskeiðum fyrir foreldra yngri barna.

Tímabundin fjölgun sálfræðinga er talin nauðsynleg í þessu sambandi en einnig er talin þörf á að fjölga talmeinafræðingum. Þótt aðaláhersla sé hér lögð á aukin stöðugildi sálfræðinga þá verður ekki fram hjá því litið að talmeiri hjá börnum geta verið þeim æði þungbær og aukið bæði á hegðunar- og tilfinningalegan vanda og er því nauðsynlegt að vinna á þeim hluta biðlistans, enda beiðnum fjölgað mikið. Eftirspurn og þörf er einnig eftir þjónustu annarra fagstétta innan skólajónustunnar, t.d. hegðunarráðgjöfum og félagsráðgjöfum, en miðlægri verkefnastjórn verður látið eftir að meta hvar þörfin er mest.

Sú fjárhæð sem óskað er eftir miðar við stöðugildi 10-12 sálfræðinga og talmeinafræðinga. Lagt er til að sett verði á laggirnar miðlæg verkefnastjórn sem fái það verkefni að útfæra hlutverk og vinnutilhögun sérfræðinganna samkvæmt tillögunni, þar með talið hvort þeir starfi miðlægt eða úti á þjónustumiðstöðvum, hvort þeir verði ráðnir inn sem starfsmenn Reykjavíkurborgar eða sem verktakar. Þá mun verkefnastjórn einnig meta hvort nýta megi stöðugildi í gegnum vinnumarkaðsaðgerðir sem stuðning við sérfræðingateymið, s.s. vegna yfirferðar á biðlistum, skráningum, utanumhaldi verkbókhalds og annars sem til fellur og krefst ekki sérfræðipækkingar.

Verkefnisstjórn, sem lagt er til að verði stofnuð til að undirbúa aðgerðir vegna laga um farsæld barna og tillagna stýrihópsins Ísaks, hafi einnig umsjón með framkvæmd ofangreindrar tillögu. Sjá nánar tillögu nr. 6 frá stýrihópi um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir (Ísak). Verkefnisstjórnin taki saman upplýsingar um framgang og árangur verkefnisins í lok tímabils og skýrslu skilað til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs.

Fylgiskjöl:

1. Greining teymis árangurs- og gæðamats á skrifstofu velferðarsviðs á erindum skólajónustu 2019-2020.
2. Jafnréttisskimun.

5. Áhersla á snemmtækan stuðning

Tillaga 3 - Úthlutun fjármagns á grundvelli lýðfræði

Lagt er til að aukin áhersla verði lögð á að taka tillit til lýðfræðilegra þátta við úthlutun fjármagns til grunnskóla í borginni með það að markmiði að auka jöfnuð milli barna og skóla í anda stefnunnar um *Menntun fyrir alla*. Byggt verði á *Vísun að auknum tækifærum* (e. Learning opportunities index – LOI) sem er stuðull sem er reiknaður út fyrir grunnskóla og á að endurspeglar þær áskoranir sem er að finna í umhverfi nemendahópsins og geta haft áhrif á árangur hans. Þar með gefst frekara tækifæri til að beita snemmtækum stuðningi við barn eða börn vegna þarfa sem skapast þótt greiningar liggi ekki fyrir. Breytingin styður við það fyrirkomulag að greining sé ekki nauðsynleg forsenda stuðnings. Um er að ræða tilfærslu á stuðningsfjármagni og mun verkefnisstjórn útfæra fyrirkomulag.

Greinargerð

Snemmtæk íhlutun eða snemmtækur stuðningur við barn skiptir miklu máli þegar efla á lífsgæði og framtíðarhorfur þess, draga úr hamlandi áhrifum frávíka í þroska, líðan og hegðun og vinna gegn þróun á alvarlegri vanda. Þess vegna skiptir miklu máli að skólar og þeir sem sinna þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra bregðist skjótt við þegar upplýsingar gefa til kynna að huga þurfi betur að tilteknum frávikum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fékk Evrópumíðstöðina um nám án aðgreiningar og sérþarfir til að gera úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Úttektin var unnin árið 2016 af hálfu starfsfólks og ráðgjafa Evrópumíðstöðvarinnar og gefin var út skýrslan *Menntun fyrir alla á Íslandi – Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi*, Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2017. Í skýrslunni var m.a. fjallað um hvort reglur um ráðstöfun fjármuna taki mið af sjónarmiðum um fullnægjandi árangur, jöfnuð og stuðning við starfsfólk. Niðurstöður úttektarinnar virðast sýna að meirihluti viðmælenda í öllum hópum skólasamfélagsins telur núverandi reglur um fjárveitingar og ráðstöfun fjármuna hvorki taka mið af sjónarmiðum um jöfnuð né hugmyndum um skilvirkni. Í skýrslunni kom fram að margir væru þeirrar skoðunar að núverandi fjárveitingavenjur auðveldi starfsfólki ekki að vinna að menntun án aðgreiningar, heldur tálmi framförum á því sviði. Margir sem starfa að menntamálum á vettvangi ríkis og sveitarfélaga telja að breytingar á núgildandi reglum um fjárframlög, sem taka mið af greiningu á sérþörfum í námi eða fötlun, gætu verið mikilvæg lyftistöng fyrir menntun án aðgreiningar á Íslandi.

Úttektarhópurinn setti fram tillögur til stuðnings frekari þróunarvinnu á Íslandi í framtíðinni og snýr ein þeirra að úthlutun fjármagns; „Til þess að tryggja góðan árangur af framkvæmd markaðrar stefnu á öllum stigum kerfisins verði teknar upp sveigjanlegar reglur um ráðstöfun fjármuna sem auka hæfni kerfisins til að vinna að menntun án aðgreiningar. Í þessu skyni ber að hverfa frá viðbragðsmiðuðum fjárframlögum og leggja þess í stað áherslu á íhlutun og forvarnir, en einnig þarf að endurskoða allar reglur um fjárframlög frá grunni. Leggja ber áherslu á að draga úr formlegum kröfum um greiningu, því að þær hafa leitt til þess að helsta leiðin til að veita nemendum sem eiga í erfiðleikum í námi viðeigandi aðstoð er að flokka þá í samræmi við greinda þörf.“ Mennta- og menningarmálaráðuneytið stóð fyrir fundum um allt land þar sem niðurstöður úttektarinnar voru kynntar fyrir pólitískum fulltrúum sveitarfélaga og lykilstarfsfólki úr málaflokknum. Haldnir voru um 40 fundir sem um 2000 manns tók þátt í. Í skýrslu ráðuneytis, *Menntun fyrir alla – horft fram á veginn*, mennta- og menningarmálaráðuneytið 2018, er greint frá niðurstöðu fundanna og settar fram tillögur um hvernig festa megi betur í sessu stefnu yfirvalda um menntun fyrir alla á Íslandi. Tillögurnar byggja á því að

sameiginlegt markmið allra aðgerðanna sé að auka gæði náms allra nemenda og að menntakerfið í heild beri sameiginlega ábyrgð á því. Gengið út frá því að ábyrgð á tilteknum málaflökkum geti tilheyrst einu eða fleiri lögum og séu á ábyrgð hagsmunaaðila og stjórnenda sem þar starfa. Tilgreindir eru fjórir flokkar, námsrými nemenda, skólinn sem stofnun, umgjörð sveitarfélaga og umgjörð ríkisins. Nokkrar tillögur snúa að skólaþjónustu og tillaga 6.3 hljómar svo:

„Dregið verði úr vægi læknisfræðilegrar nálgunar að viðfangsefnum skólaþjónustu en þess í stað lögð áhersla á stuðning við kennara og skóla.“ Lagt er til að tekin verði skref til úthlutunar fjármagns til stuðnings skóla á grunni lýðfræði í stað einstaklingsbundinna úthlutana. Byggt verði á *Vísun að auknum tækifærum* (e. Learning opportunities index – LOI) sem er stuðull sem er reiknaður út fyrir hvern grunnskóla og á að endurspeglar þær áskoranir sem er að finna í umhverfi nemendahópsins og geta haft áhrif á árangur hans. Taka skal fram að einstakir nemendur í öllum skólum geta búið við krefjandi aðstæður þó skólinn sem hann sækir og þar með hópurinn allur hafi lágan stuðul. LOI metur skólana á gögnum sem eru áreiðanleg, hlutlaus og stöðug. Um er að ræða aðferðafræði til að fjarlægja hlutdrægni sem ríkir í garð sumra skóla og þarfa þeirra fyrir aðstoð. Byggt er að hluta á aðferðafræði sem skólaumdæmi Toronto í Kanada hefur rannsakað og þróað yfir 13 ára tímabil.

Skólar á vegum sveitarfélaga eiga að veita öllum börnum jöfn tækifæri til náms. Það er alþjóðleg staðreynd að nemendur búa við misjafnar aðstæður og mæta áskorunum sem hafa áhrif á námsárangur þeirra. Menntarannsóknir hafa m.a. leitt í ljós að börn úr tekjulægri fjölskyldum eiga að jafnaði erfiðara með að ná góðum árangri í námi. Hugmyndin er að hluti af úthlutun fjármagns til skóla sé meiri í þeim hverfum þar sem nemendur hafa að jafnaði minni bjargir á heimilum sínum. LOI-stuðullinn er nýtt util þess að greina þessi skólahverfi og leiðbeina við úthlutun fjármagns.

Ýmsar breytur voru skoðaðar við þróun LOI-stuðulsins og er niðurstaðan að nota tvær tekjubreytur, annars vegar ráðstöfunartekjur fjölskyldna, þ.e. miðgildi tekna skólahverfisins og hins vegar hlutfall fjölskyldna þar sem 25% eða meira af tekjum eru fjárframlög frá hinu opinbera, svo sem fjárhagsaðstoð og örorku- og atvinnuleysisbætur. Tvær menntunarbreytur eru nýttar, annars vegar hlutfall foreldra barna á skólaaldri með háskólamenntun og hins vegar hlutfall foreldra barna á skólaaldri með grunnskólamenntun eingöngu. Ein breyta snýr að samsetningu hóps, þ.e. hlutfall innflytjendafjölskyldna af heildarjölda fjölskyldna í hverfi. Þær breytur sem eru valdar þurfa að hafa fylgni við velgengi í námi. Skoðuð er fylgni við samræmd próf í íslensku og stærðfræði í 4. 7. og 9.bekk. Tekið er meðaltal þriggja ára til að eyða flókti sem útskýrist af árgangamun. LOI-stuðullinn er ekki reiknaður út frá námsárangri – þessi fylgni ræður aðeins vali á þeim breytum sem eru notaðar.

Með þróun LOI-stuðuls er komið tæki sem hægt er að nota við úthlutun á fjármagni. Taka þarf ákvörðun um hvort og þá í hversu miklu magni nota eigi stuðullinn til að jafna stöðu skólanna. Mjög mikilvægt er í þessari umræðu að jaðarsetja hvorki nemendahópin sem stendur frammi fyrir mestu áskorunum né þá skóla sem flestir þeirra nemenda eru í. Stuðullinn skal nýta til að styðja betur við börnin svo þau eigi meiri möguleika á farsælli framtíð.

Með notkun LOI-stuðuls gefst frekara tækifæri til að beita snemmtækum stuðningi við barn eða börn vegna þarfa sem skapast, sem styður við það fyrirkomulag að greining sé ekki aðgöngumiði að stuðningi. Um er að ræða tilfærslu á stuðningsfjármagni.

Verkefnisstjórn, sem lagt er til að verði stofnuð til að undirbúa aðgerðir vegna laga um farsæld barna og tillagna stýrihópsins Ísaks, hafi einnig umsjón með útfærslu framkvæmd ofangreindrar tillögu. Sjá nánar tillögu nr. 6 frá stýrihópi um heildstæða þjónustu við börn með sérstakar þjónustuþarfir (Ísak).

Fylgiskjal: Jafnréttisskimun

6. Einföldun aðgengis að þjónustu

Tillaga 4 - *Rafvæðing umsóknarferlis skólaþjónustu og endurskoðun verklags út frá notendamiðaðri hönnun*

Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að rafvæðingu á umsóknarferli um skólaþjónustu þar sem ferlið verður endurskoðað í heild sinni út frá þörfum notenda. Markmiðið verði að auðvelda aðgengi skóla og foreldra að skólaþjónustu og að einfalda samskipti bæði skóla og foreldra barna við skólaþjónustu. Verkið verði unnið í hönnunarsprettum. Verkferlar verði samræmdir í skólaþjónustunni þannig að hún sé sambærileg um alla borg. Verkefnisstjórn hefur yfirumsjón með ferlinu.

Greinargerð

Stór þáttur í að efla þjónustu sem stendur börnum og aðstandendum þeirra til boða hjá Reykjavíkurborg er að leita leiða til að gera hana aðgengilegri og skilvirkari. Endurskoðun þjónustuferla þar sem notendur þjónustunnar sem og starfsfólk koma að vinnunni hefur reynst vel á velferðarsviði en sviðið hefur nú þegar í samvinnu við þjónustu- og nýsköpunarsvið borgarinnar rafvætt tvo þjónustuferla þar sem allt umsóknarferlið var endurskoðað út frá notendamiðaðri hönnun.

Lagt er til að allir verkferlar, sem og árangursmælikvarðar og aðgengi að þjónustunni, verði endurskoðaðir út frá notendamiðaðri hönnun. Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið vinni verkið í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið en hið síðast nefnda sér um rafvæðingu umsóknarferla fyrir öll svið Reykjavíkurborgar.

Með nýrri velferðarstefnu og löggjöf um farsæld barna gefast tækifæri til endurskilgreiningar á þjónustunni og framkvæmd hennar, t.d. út frá skilgreiningu á hlutverki ríkis og sveitarfélaga og ríkari forgangsroðun þeirra verkefna sem talin eru best geta mætt þörfum barna/fjölskyldna og skóla.

Verkefnisstjórn, sem lagt er til að verði stofnuð til að undirbúa aðgerðir vegna frumvarps félags- og barnamálaráðherra um farsæld barna og tillagna stýrihópsins Ísaks, hafi einnig umsjón með framkvæmd ofangreindrar tillögu. Sjá nánar tillögu nr. 6 frá stýrihópi um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir (Ísak).

Fylgiskjal: Jafnréttisskimun

7. Áhersla á árangursmat

Tillaga 5 - *Innleiðing árangursmats á sértækum stuðningi við börn og fjölskyldur*

Lagt er til að fram fari faglegt mat á árangri af sérkennslu, sértækum stuðningi í skóla- og frístundastarfi, skólaþjónustu og þjónustu velferðarsviðs við börn og fjölskyldur. Með rýningu á reglubundnu stöðumati skólanna á læsi, félagsfærni og líðan er hægt að bregðast sérstaklega við þjónustuþörfum þeirra barna sem þarfnast stuðnings og þjónustu. Lögð verði áhersla á að rökstyðja val á stuðningsaðferðum með vísan til gagna með það fyrir augum að þær skili sér í bættri líðan, læsi og/eða félagsfærni. Lagt verði mat á árangur stuðnings með reglulegum hlutlægum mælingum til að greina hvort stuðningur hafi leitt til bættrar stöðu barna og ef ekki að greina og innleiða helstu tækifæri til úrbóta. Mælaborð farsældar barna verði nýtt til að meta almenna stöðu barna og þar með heildarstarf sveitarfélagsins m.t.t. farsældar barna. Verkefnisstjórn hefur umsjón með verkefninu og mun leggja fram tillögur að útfærslu eigi síðar en í upphafi árs 2022.

Greinargerð

Eitt mikilvægasta verkefni almannaþjónustunnar er stuðningur við börn með mismunandi þarfir. Sá stuðningur birtist m.a. í formi sérkennslu og sértækum stuðningi í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi og sömuleiðis í skólaþjónustunni sem veitt er af fagfólki á þjónustumiðstöðvum borgarinnar og beinist jöfnum höndum að fjölskyldum og skólum og frístundastarfi í borginni.

Ein af grunnforsendum þess að vita hvort ávinningur verði af tilteknu starfi eða vinnu til handa barni er að meta árangur sem af vinnunni hlýst fyrir viðkomandi börn. Með þessari tillögu er kveðið á um að lagt verði faglegt mat á árangur af sérkennslu, sértækum stuðningi, skólaþjónustu og þjónustu velferðarsviðs við börn og fjölskyldur. Lagt verði mat á árangur þess stuðnings sem veittur er börnum, með áherslu á að nýta hlutlæg gögn og mælingar til að fá skýra mynd af því hvort stuðningur hafi tilætluð áhrif varðandi bættu líðan, læsi og/eða félagsfærni. Niðurstöður matsins verði ef þörf krefur nýttar til að leita nýrra sameiginlegra lausna með aðkomu viðeigandi sérfræðinga og stuðningsaðila til að gera barninu betur kleift að nýta hæfileika sína til fulls.

Gegnum allt starf leik- og grunnskólanna í Reykjavík á sér stað reglubundið mat á stöðu barnanna varðandi þætti eins og læsi, félagsfærni og líðan. M.a. gegnum *Hljóm-2*, *Skólapúlsinn*, *Lestrarferilinn*, Rannsóknir Rannsókna og greininga eða þátttöku í mati á félagsfærni innan skólans. Kannað er hvernig barnið stendur sig á reglubundnum athugunum innan skólans. Þar með skapast símat á árangri barnanna eða stöðu heildar, s.s. árgangs eða stigs. Í gegnum þessar upplýsingar eða símat á stöðu barnanna geta stjórnendur tekið markvissari ákvarðanir um hvaða úrræði þarf að setja á fót eða hvaða áherslum þarf að huga að til að styrkja stöðu barnanna. Allir stjórnendur geta notað þessar mælingar til að meta, stjórna, hagræða, hvetja, læra og bæta skipulag sinnar stofnunar.

Stuðst verður við mælaborð ráðuneytis á líðan og högum barna. Árangursmælingarnar eiga bæði við um almennt starf og sértækan stuðning en nauðsynlegt er að samhliða reglubundnu mati fari einnig fram árangursmat á sértækum stuðningi, hvort sem um er að ræða úrræði innan stofnana skóla- og frístundasviðs eða velferðarsviðs.

Verkefnisstjórn, sem lagt er til að verði stofnuð til að undirbúa aðgerðir vegna laga um farsæld barna og tillagna stýrihópsins Ísaks, í náinni samvinnu við sérfræðinga á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði verði falið að skilgreina mælieiningar. Sjá nánar tillögu nr. 6 frá stýrihópi um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir (Ísak). Fylgiskjal: Jafnréttisskimun

8. Utanumhald og eftirfylgni - verkefnisstjórn

Tillaga 6 - *Verkefnisstjórn undirbúnings aðgerða vegna nýrrar löggjafar um farsæld barna*

Lagt er til að verkefnisstjórn verði sett á laggirnar sem undirbúi Reykjavíkurborg fyrir nýja löggjöf um farsæld barna. Formaður verkefnisstjórnar verði skipaður til ársloka 2022. Formaður verkefnisstjórnar verði jafnframt faglegur leiðtogi skólalþjónustu þjónustumiðstöðva eins og hún er í núverandi mynd og heyrir undir skrifstofustjóra á velferðarsviði en verður staðsettur á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Í verkefnisstjórn eigi sæti fulltrúar frá skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Hópurinn skili áfangaskýrslum til sviðsstjóra beggja sviða og vinnur þétt með þeim að þeim breytingum sem þurfa að eiga sér stað í tengslum við nýja löggjöf.

Greinargerð

Í frumvarpi félags- og barnamálaráðherra um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem lögð voru fyrir Alþingi 30. nóvember 2020 segir að markmið laganna sé að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Við framkvæmd laganna eigi að tryggja réttindi barna í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland er aðili að og er í því samhengi bent á samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Fram kemur að þeir sem beri ábyrgð samkvæmt lögnum skulu: „1. Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu. 2. Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og hún vaknar. 3. Eiga samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.“

Í kynningartexta með frumvarpinu í samráðsgátt stjórnvalda segir m.a.: „Drögum að frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er ætlað að stuðla að samvinnu aðila. Þar er fjallað um samþættingu þjónustu margra þjónustukerfa sem starfa með stoð í lögum og veita þjónustu sem skiptir máli fyrir farsæld barns, þ.m.t. menntun, heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og löggæsla.

Þjónustu verður stigskipt í þrjú þjónustustig samkvæmt samræmdum mælikvörðum sem koma fram í frumvarpinu. Ítarlegri útfærsla stigskiptingarinnar verður í höndum ráðherra sem fara með viðkomandi málefnasvið.

Lagðar eru skyldur á þjónustuveitendur að fylgjast með barni og bregðast við ef þeir verða varir við að þörfum barns sé ekki mætt.

Lagt er til að tryggja öllum börnum aðgang að tengilið á heilsugæslu, í leik-, grunn- eða framhaldsskóla eða hjá félagsþjónustu sveitarfélags. Hann veitir barni og foreldrum leiðbeiningar og aðstoð vegna þjónustu á fyrsta stigi. Ef þess er óskað aflar tengiliður upplýsinga frá öðrum sem veita barni þjónustu og getur skipulagt og fylgt eftir samþættingu þjónustunnar.

Ef barn þarf frekari eða sérhæfðari þjónustu en er veitt á fyrsta stigi tilnefnir sveitarfélag málstjóra annars og/eða þriðja þjónustu í þágu barnsins. Málstjóri kemur á fót stuðningsteymi með þeim sem veita barni þjónustu. Stuðningsteymi vinnur stuðningsáætlun þar sem þjónusta sem barnið og foreldrar þess þurfa á að halda er samþætt.“

Í 26. grein frumvarps er kveðið á um gildistöku laganna sem verði 1. janúar 2022. Við samþykkt verða aðrir lagabálkar er varða börn teknir til endurskoðunar og breytt í samræmi við farsældarlögin.

Lagt er til að verkefnisstjórn verði sett á laggirnar sem undirbúi Reykjavíkurborg fyrir nýja löggjöf um farsæld barna. Formaður verkefnisstjórnar verði skipaður til ársloka 2022. Formaður verkefnisstjórnar verði jafnframt faglegur leiðtogi skólaþjónustu þjónustumiðstöðva eins og hún er í núverandi mynd og heyrir undir skrifstofustjóra á velferðarsviði en verður staðsettur á skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Sviðsstjórar skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs setji verkefnisstjórninni erindisbréf. Í verkefnisstjórn eigi sæti fulltrúar frá skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Hópurinn skilar áfangaskýrslum til sviðsstjóra beggja sviða og vinnur þétt með þeim að þeim breytingum sem þurfa að eiga sér stað í tengslum við nýja löggjöf, s.s. skilgreiningar á hlutverki og fræðslu til málstjóra.

Auk undirbúnings fyrir nýja löggjöf um farsæld barna skal verkefnisstjórnin jafnframt hafa umsjón með framkvæmd annarra tillagna stýrihópsins, enda snúa allar tillögurnar að því að innleiða breytingar á þjónustu fyrir fjölskyldur barna með sérstakar þjónustuparfir sem veitt er af velferðarsviði og skóla- og frístundasviði með það að leiðarljósi að samþætta og einfalda skipulag þjónustunnar. Rýna þarf framkvæmd þannig að ekki sé um tvíverknað að ræða og að engin börn falli á milli kerfa. Verkefnisstjórnin leggi á það áherslu í vinnu sinni að fá álit foreldra, barna og ungmenna á verkefninu. Markmiðið er að bæta þjónustu við börn og forsjáraðila þeirra, auka skilvirkni hennar og stuðla að því að hún skili börnunum framförum. Hlutverk verkefnisstjórnar er að samhæfa verklag skóla, frístunda- og velferðarþjónustu með áherslu á eftirfylgni og árangursmat.

Innleiðing verkefnisins *Betri borg fyrir börn* í öll þjónustuveri borgarinnar.

Tímabundin fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid 19 á börn og unglinga.

Úthlutun fjármagns á grundvelli lýðfræði.

Rafvæðing umsóknarferlis skólaþjónustu og endurskoðun verklags út frá notendamiðaðri hönnun

Innleiðing árangursmats á sérkennslu, sértækum stuðningi, skólaþjónustu og þjónustu velferðarsviðs við börn og fjölskyldur.

Verkefnisstjórnin skipi verkefnahópa um einstök verkefni eftir þörfum.

Fylgiskjal: Jafnréttisskimun

9. Tillögur sem hefur verið vísað til stýrihóps

Nokkrum tillögum sem fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt fram í borgarstjórn, borgarráði eða skóla- og frístundaráði hefur verið vísað til stýrihópsins á því tímabili sem hann hefur starfað. Verður hér gerð grein fyrir afgreiðslu stýrihópsins á tillögunum.

1. Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um málefni sérskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 11. febrúar 2020 var samþykkt að vísa til stýrihópsins svohljóðandi tillögu fulltrúa Flokks fólksins sem borgarráð hafði vísað til ráðsins 10. janúar 2019:

- Flokkur fólksins vill enn og aftur leggja það til að borgarmeirihlutinn setji málaflokk sérskóla í forgang og veiti í hann meira fé. Nú hefur fjárhagsáætlun nýlega verið samþykkt og var ekkert í henni sem liðkar til í þessum efnum. Lagt er til að fjármálaskrifstofan leggist yfir þetta í samvinnu við fjármálastjóra skóla- og frístundarsviðs og komi með tillögur til borgarráðs hvar taka megi fjármagn til að fjölga rýmum í skóla eins og Klettaskóla og mögulega í Arnarskóla. Arnarskóli er að öllu leyti til fyrirmyndar og einmitt sá skóli sem Reykjavík ætti að horfa til þegar stofna skal nýjan sérskóla í Reykjavík.

Í Reykjavík eru starfandi tveir sérskólar, Klettaskóli og Brúarskóli auk þess sem nemendur úr Reykjavík sækja Arnarskóla í Kópavogi sem er sérskóli. Sérdeildir fyrir einhverfa nemendur eru nú starfræktar við sjö grunnskóla í Reykjavík; Fellaskóla, Foldaskóla, Hamraskóla, Hvassaleitisskóla, Langholtsskóla, Réttarholtsskóla og Vogaskóla. Deildirnar eru fyrir nemendur með hamlandi einkenni einhverfu, sem hafa veruleg áhrif á nám og skólagöngu þeirra.

Eins og komið hefur fram að ofan er það niðurstaða stýrihópsins að ótímabært sé að ráðast í endurskoðun á gildandi stefnu *Menntun án aðgreiningar* en henni eru gerð nánari skil í kafla 10. Undirbúningur að breyttu stjórnskipulagi vegna laga um farsæld barna er í uppsiglingu. Hvernig slíkt stjórnskipulag endurspeglar best markmið stefnu um menntun án aðgreiningar og leiðarstefið „menntun fyrir alla“ verður verkefni verkefnastjórnar sem undirbýr innleiðingu laganna. Stýrihópurinn gerir því ekki tillögu í þá átt að rýmum í Klettaskóla og Arnarskóla verði fjölgað heldur verður það verkefni verkefnisstjórnar að útfæra með hvaða hætti verður best komið til móts við þarfir barna sem þurfa aukinn stuðning. Í því starfi verða meðal annars sjónarmið notenda og aðstandenda þeirra höfð að leiðarljósi.

2. Tillaga um inntökureglur í þátttökubekki

Á fundi skóla- og frístundaráðs 25. febrúar 2020 var svohljóðandi tillögu fulltrúa Flokks fólksins vísað til stýrihópsins:

- Flokkur fólksins vill leggja til að inntökureglur í svokallaðan þátttökubekk verði rýmkaðar til muna. Til stóð að bekkirnir yrðu 4 í borginni. Fjölgi umsóknum í „þátttökubekk“ er lagt til að þeim verði fjölgað eftir þörfum. Eins og staðan er í dag eru inntökuskilyrði í þátttökubekkina þau sömu og í Klettaskóla. Þetta eru of ströng og stíf skilyrði að mati borgarfulltrúa Flokks fólksins og fælir mögulega foreldra frá að sækja um fyrir börn sín sem gætu notið góðs af því að stunda nám í þátttökubekk. Fram hefur komið að nú fyrst er sá eini þátttöku bekkur sem er rekinn fullur en lengi vel var aðsókn ekki mikil. Ástæðan gæti verið sú að inntökuskilyrðin eru of ströng og að foreldrar barna sem ekki ná þessum viðmiðum sækja þar af leiðandi ekki um. Vitað er að hópur barna (ekki vitað hve mörg) eru að berjast í bökum í almennum bekk með eða án stuðnings eða sérkennslu. Það er skylda okkar að gera allt sem við getum til að sjá til þess að hverju einasta barni líði vel í skólanum og finni sig meðal jafningja. Að rýmka inntökuskilyrðin í þátttökubekk og fjölga þeim eftir þörfum gæti verið byrjun á að mæta enn frekar ólíkum náms- og félagslegum þörfum barna.

Í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs sem fylgdi tillögunni þegar henni var vísað til stýrihópsins kom fram að þrátt fyrir að upphaflega hafi verið áætlað að þátttökubekkir yrðu fjórir í borginni hafi einungis einn þeirra verið settur á fót árið 2013 í Árbæ, eða sjö pláss, undir stjórn Klettaskóla. Sökum dræmrar þátttöku hafi ekki verið talið fýsilegt að setja fleiri slíka á fót þar sem foreldrar völdu ávallt Klettaskóla fram yfir þátttökubekk. Hins vegar hafi að undanfögnu átt sér stað umræða um að rýmka inntökuskilyrði í þátttökubekk þannig að hann standi börnum með væga þroskahömlun án viðbótarfatlana til boða og einnig að rýmkunin nái til yngri barna en nú sé í gildi en þátttökubekkur miðar við að taka inn nemendur á unglíngastigi. Í niðurlagi minnisblaðsins var mælt með því að reglur um inniritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla yrðu teknar til endurskoðunar varðandi inntöku í þátttökubekk skólans. Þá var jafnframt lagt til að þátttökubekkur verði fyrir nemendur með væga eða miðlungs þroskahömlun án alvarlegra viðbótarfatlana og að bekkurinn verði fyrir allt að níu nemendur á mið- og unglíngastigi, þ.e. í 5.-10. bekk. Kostnaðarmat varðandi slíka rýmkun fylgdi minnisblaðinu.

Stýrihópurinn hefur lagt til í tillögu nr. 3 að framan að úthlutun fjámagns verði byggð á lýðfræðilegri samsetningu nemendahópsins í hverjum skóla jafnhliða einstaklingsbundnum úthlutunum. Þar með gefist frekara tækifæri til að beita snemmtækum stuðningi við barn eða börn vegna þarfa sem skapast þótt greiningar liggir ekki fyrir. Það mun koma í hlut verkefnisstjórnar sem sett er á fót með tillögu nr. 6 að meta hvort slíkur snemmtækur stuðningur verði best útfærður með fjölgun þátttökubekkjanna eða á annan hátt.

3. Tillaga um formgert samstarf skólaþjónustu og ÞHS

Á fundi borgarstjórnar 21. apríl 2020 var svohljóðandi tillögu fulltrúa Flokks fólksins vísað til stýrihópsins:

Flokkur fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að skóla- og velferðaryfirvöld leiti eftir formlegu samstarfi við Þroska- og hegðunarstöð (ÞHS) í þeim tilgangi að vinna saman að málum barna þar sem t.d. aðkoma barnalæknis er nauðsynleg. Með samstarfinu er börnum hlíft við lengri bið á biðlista eftir sérfræðiþjónustu. Samstarfið myndi t.d. snúa að málum þar sem skimun hefur leitt í ljós sterkar vísbendingar um ADHD. Í samstarfinu fælist að sálfræðingur skóla og sérfræðingar ÞHS færu saman yfir málin og afgreiddu þau með viðeigandi hætti. Þessi hópur barna fengi þar sem greiningu og viðeigandi meðferðarúrlausn fyrr en ella. Með samstarfi þessara tveggja þjónustustofnana myndu biðlistar stytta og jafnframt stytta bið þeirra barna sem glíma við önnur vandamál en þau sem kalla á aðkomu barnalæknis. Á biðlista eftir fyrstu og frekari þjónustu voru í febrúar sl. 674 börn, 429 biðu eftir fyrstu þjónustu og 245 eftir frekari þjónustu. Mörg þessara barna hafa verið lengi á biðlista eftir fyrstu þjónustu. Þau börn sem þurfa síðan freskari þjónustu eftir að hafa fengið fyrstu þjónustu fara aftur á biðlista. Að lokinni fullri þjónustu hjá sérfræðingum skólaþjónustu er niðurstaðan stundum sú að vísa þarf málum barna til stofnana á vegum ríkisins þ.m.t. ÞHS. Þá hefst enn á ný bið á biðlista.

Stýrihópurinn vísar til tillögu nr. 2 að framan sem leggur til fjölgun á stöðugildum sálfræðinga í skólaþjónustu til að taka á þeirri fjölgun barna á biðlista sem eiga við tilfinningalegan vanda að stríða. Sérstök verkefnisstjórn hefur það hlutverk að útfæra með hvaða hætti það verður best gert. Í þeirri vinnu mun verkefnisstjórn hafa að leiðarljósi velferðarstefnu sem verður lögð fram til samþykktar í Borgarstjórn í júní 2021, þar sem lagt er til aukið samstarf milli stofnana innan og utan borgarkerfis til að tryggja samfellu í allri þjónustu velferðarsviðs. Þá er einnig vísað til tillögu stýrihópsins nr. 3 að framan sem kveður á um áherslubreytingu í úthlutun fjámagns til barna með sérstakar þjónustuþarfir. Jafnframt vísar stýrihópurinn til tillögu nr. 4 þar sem kveðið er á um að allir verkferlar í skjólaþjónustu verði endurskoðaðir m.a. með þarfir notenda í huga. Stýrihópurinn telur að með tillögum nr. 2, 3 og 4

sé brugðist við þeim vanda sem fulltrúi Flokks fólksins bendir á í tillögu sinni þótt útfærsla verkefnisstjórnar á aðgerðum geti verið með öðrum hætti en tillaga fulltrúans leggur til.

4. Tillaga um úttekt á sérkennslu.

Á fundi borgarstjórnar þann 20. október 2020 var svohljóðandi tillögu fulltrúa Flokks fólksins vísað til stýrihópsins:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn fari þess á leit við innri endurskoðun að hún geri úttekt á sérkennslu leik- og grunnskóla í Reykjavík. Stór hópur reykvískra barna eru í sérkennslu, sum í fáeina tíma á viku en önnur eru í sérkennslu alla grunnskólagönguna. Óljóst er hvort nokkuð sem tengist sérkennslu í reykvískum skólum sé samræmt; greiningar á námsgetu, sérkennslan sjálf eða mat á árangri. Fjölmörg rök hníga að gerð heildstæðrar úttektar á sérkennslu í skólum Reykjavíkur. Fullnægjandi upplýsingar um sérkennslumál skortir. Íslensk börn standa verr að vígi í lestri og lesskilningi samanborið við nágrannalönd. Samkvæmt PISA 2018 lesa um 34% drengja 14-15 ára sér ekki til gagns og 19% stúlkna. Samkvæmt lesskimun 2019 lesa aðeins 61% barna í Reykjavík sér til gagns eftir 2. bekk. Mikilvægt er að fá úr því skorið hvort sérkennslan skili tilætluðum árangri. Í úttektinni felst að skoða hvort: 1. Nemendur í sérkennslu séu að fá einstaklingsmiðaða sérkennslu byggða á faglegu mati sérfræðinga skólaþjónustu og í samræmi við skilgreindar þarfir þeirra 2. Greiningar sem liggja til grundvallar sérkennslu séu unnar af fagaðilum skólaþjónustu og séu samræmdar milli skóla 3. Til staðar sé samræmt eftirlit með sérkennslunni og eftirfylgni 4. Að fjármagninu sé varið í þeim tilgangi sem því er ætlað.

Stýrihópurinn leggur til í tillögu nr. 5 að ofan að innleitt verði árangursmat á sértækum stuðningi við börn og fjölskyldur, þ.e. að fram fari faglegt mat á árangri af sérkennslu, sértækum stuðningi í skóla- og frístundastarfi, skólaþjónustu og þjónustu velferðarsviðs við börn og fjölskyldur. Stýrihópurinn telur vænlegra að í stað þess að úttekt verði gerð á sérkennslu eins og tillaga fulltrúans leggur til, þá verði teknar upp árangursmælingar til frambúðar á víðara sviði en einungis sérkennslu þannig að sífellt verði hægt að meta árangur af þeim stuðningi sem börn njóta. Miklar breytingar eru framundan á stuðningi til barna og fjölskyldna þeirra þar með talið barna með sérstakar þjónustufarfrir, m.a. vegna innleiðingar væntanlegra laga um farsæld barna og nýrrar velferðarstefnu Reykjavíkurborgar og telur stýrihópurinn að ákveðin soun fælist í því að meta árangur af framkvæmd sem verið er að breyta. Nærtækara er að undirbúa strax árangursmælingar á nýrri framkvæmd.

5. Tillaga um að skólasálfræðingar hafi aðsetur í skólum og heyri undir skólastjórnendum.

Á fundi borgarstjórnar 19. janúar 2021 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu fulltrúa Flokks fólksins til stýrihópsins:

Flokkur fólksins leggur til að sálfræðingar skólaþjónustu hafi aðsetur í þeim skólum sem þeir sinna. Einnig er lagt til að skólasálfræðingar heyri undir skólastjórnendum sem ákvarði í samráði við nemendaverndarráð verkefnalista sálfræðings án miðlægra afskipta. Fjarlægð skólasálfræðinga frá skólunum dregur úr skilvirkni. Biðlisti til skólasálfræðinga er í sögulegu hámarki. Nú í janúar 2021 bíða 837 börn ýmist eftir fyrstu eða frekari þjónustu. Barn bíður mánuðum saman eftir að hitta skólasálfræðing og foreldrar hafa upp til hópa ekki hugmynd um hver sálfræðingur skólans er. Með því að færa aðsetur sálfræðinga til skólanna væru þeir í daglegri tengingu við börnin og kennara og yrðu hluti af skólasamfélaginu. Skilvirkin yrði meiri og þjónusta við börnin betri. Þverfaglegt samstarf sálfræðinga á þjónustumiðstöð gæti haldið áfram engu að síður, nú t.a.m einnig í gegnum fjarfundarbúnað. Lagt er jafnframt til að

yfirboðarar skólasálfræðinga verði skólastjórnendur en ekki þjónustumiðstöðvar. Enda þótt nemendaverndarráð hafi áhrif á verkefnalista sálfræðingsins, er nærtækast að skólastjórnendur og nemendaverndarráð stýri beiðnum til skólasálfræðingsins. Fram hefur komið hjá einstaka skólastjórnendum að þeir upplifi að þeir fái litlu ráðið um forgang mála til sálfræðings, jafnvel í brýnum málum.

Stýrihópurinn hefur lagt til í tillögu nr. 1 að tilraunarverkefnið Betri borg fyrir börn verði innleitt í öllum hlutum borgarinnar. Í því verkefni hefur verið unnið markvisst að því að samþætta þann stuðning sem er veittur í skóla og af skólaþjónustu velferðarsviðs. Full samstaða er milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs að skólasálfræðingar vinni sem næst barninu í samvinnu við kennara og annað fagfólk skóla. Þegar vinna verður sett af stað við endurskoðun verkferla í skólaþjónustu, sbr. tillaga nr. 4 að ofan, þá verður vítt samráð haft við notendur þjónustunnar, aðstandendur þeirra og starfsfólk sviðanna beggja. Með þeirri nálgun má búast við því að besta framkvæmd þjónustunnar nái fram að ganga.

10. Ýmis gögn sem stýrihópurinn vann með

Menntun fyrir alla á Íslandi


Mennta- og menningarmálaráðuneytið fékk Evrópumíðstöðina um nám án aðgreiningar og sérþarfir til að gera úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Úttektin var unnin árið 2016 af hálfu starfsfólks og ráðgjafa Evrópumíðstöðvarinnar og gefin var út skýrslan [Menntun fyrir alla á Íslandi – Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi](#). Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2017. Þar eru settar fram sjö megintillögur sem miðast allar við það yfirlýsta markmið menntakerfisins að tryggja skilvirkari stefnumótun og framkvæmd á sviði menntunar án aðgreiningar, bæði á vettvangi ríkis og sveitarfélaga og í öllum skólum og aldurshópum. Eftirfarandi megintillögur eru tengdar verkefnum sem nauðsynlegt er talið að ráðast í til að tryggja að viðmið og vísbendingar, sem skilgreindar hafa verið, festist í sessi sem þættir í stefnumótun og framkvæmd í íslenska menntakerfinu.

1. **Tryggt verði að allir í skólasamfélaginu líti á skólastarf án aðgreiningar sem grundvöll gæðamenntunar fyrir alla nemendur.** Í þessu skyni þarf að efna til umræðna meðal þeirra sem eiga hagsmuna að gæta á sviði menntamála á landsvísi og í einstökum sveitarfélögum um hvers konar skólar og lærdómssamfélög séu eftirsóknarverð og bestu leiðirnar að því takmarki.
2. **Tryggt verði, með hliðsjón af niðurstöðu slíkra umræðna, að löggjöf og stefnumótun á vettvangi ríkis og sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu menntunar án aðgreiningar á grundvelli réttar hvers og eins.** Löggjöf og stefnumótun á sviði menntunar án aðgreiningar á öllum skólastigum þarf að byggjast á því að styðja alla nemendur til virkrar þátttöku, örva áhuga þeirra og gefa þeim sem fjölbreyttust tækifæri til náms. Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi.
3. **Mörkuð stefna ríkis og sveitarfélaga á sviði menntunar án aðgreiningar verði nýtt til að festa í sessi stjórnunarhætti og gæðastjórnunaraðferðir sem stuðla að árangursríkri framkvæmd á öllum stigum kerfisins.** Skýra þarf betur einstök þrep stjórnskipunarinnar, þ.e. vinnuferla og kerfisþætti sem stuðla að samhæfðri starfsemi á einstökum skólastigum og hjá starfsfólki menntakerfisins.
4. **Til þess að tryggja góðan árangur af framkvæmd markaðrar stefnu á öllum stigum kerfisins verði teknar upp sveigjanlegar reglur um ráðstöfun fjármuna sem auka hæfni kerfisins til að vinna að menntun án aðgreiningar.** Í þessu skyni ber að hverfa frá viðbragðsmiðuðum fjárframlögum og leggja þess í stað áherslu á íhlutun og forvarnir, en einnig þarf að endurskoða allar reglur um fjárframlög frá grunni. Leggja ber áherslu á að draga úr formlegum kröfum um greiningu, því að þær hafa leitt til þess að helsta leiðin til að veita nemendum sem eiga í erfiðleikum í námi viðeigandi aðstoð er að flokka þá í samræmi við greinda þörf.
5. **Byggt verði upp, bæði í grunnmenntun og á vettvangi faglegrar starfsþróunar, námsframboð fyrir fagfólk sem fellur vel að stefnumörkun ríkis og sveitarfélaga og áætlunum á sviði skólaþróunar, til þess að allir þeir sem vinna að menntamálum eigi þess kost að tileinka sér árangursrík vinnubrögð á grundvelli stefnu um menntun án aðgreiningar.** Í þessu skyni þarf að setja lágmarksviðmið um veitta þjónustu á grundvelli markaðrar stefnu ríkis og sveitarfélaga um menntun án aðgreiningar, öllum þeim til leiðbeiningar sem sinna menntun og þjálfun á þessu sviði. Ætla má að þannig megi tryggja eðlilegt samræmi grunnmenntunar og starfsþróunar og gefa starfsfólki færi á að þroska með sér jákvæð viðhorf og gildi, auk þess að efla þekkingu, skilning og færni allra þeirra sem sinna menntamálum á öllum stigum kerfisins.
6. **Aukin verði geta stuðningskerfa á öllum skólastigum til að laga námsumhverfið að menntun án aðgreiningar með heilstæðu framboði á ráðgjöf og stuðningi.** Stuðningskerfið verður að taka á misvægi í aðgangi að námi og námsaðstöðu sem rekja má til aldurs og búsetu. Tryggja verður nemendum, aðstandendum þeirra og skólum lágmarksaðstoð óháð búsetu og því hvaða skóla nemendurnir sækja.

7. *Efla verði geta allra sem starfa á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi til að ígrunda og framkvæma dagleg störf sín með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi og til að byggja upp lærdómssamfélög án aðgreiningar.* Styðja þarf allt starfsfólk skóla til að taka ábyrgð á því, sem einstaklingar og í sameiningu, að komið sé til móts við þarfir allra nemenda. Kanna þarf enn frekar en gert hefur verið hvernig hægt er að efla sjálfsrýni og þróunarstarf í skólum og skólaþjónustu.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið stóð fyrir fundum um allt land þar sem niðurstöður úttektarinnar voru kynntar fyrir pólitískum fulltrúum sveitarfélaga og lykilstarfsfólki úr málaflokknum. Haldnir voru um 40 fundir sem um 2000 manns tók þátt í. Í skýrslu ráðuneytis, [Menntun fyrir alla – horft fram á veginn](#) er greint frá niðurstöðu fundanna og settar fram tillögur um hvernig festa megi betur í sessi stefnu yfirvalda um menntun fyrir alla á Íslandi.

Tillögurnar eru byggðar á því að sameiginlegt markmið allra aðgerðanna sem í þeim felast sé að auka gæði náms allra nemenda og að menntakerfið í heild beri sameiginlega ábyrgð á því. Gengið út frá því að ábyrgð á tilteknum málaflokkum geti tilheyrt einu eða fleiri lögum og séu á ábyrgð hagsmunaaðila og stjórnenda sem þar starfa. Tilgreindir eru fjórir flokkar, námsrými nemenda, skólinn sem stofnun, umgjörð sveitarfélaga og umgjörð ríkisins.



Markmið allra tillagna beinist að því að nemendur séu fullgildir þátttakendur í skólastarfinu, tilheyri styðjandi námssamfélagi í skóla þar sem fjölbreytileiki er virtur, búi við sambærileg gæði námsreynslu og námsumhverfis, fái vitsmunalega kerfjandi viðfangsefni sem hæfa þeim, nái árangri og hafi lýðræðislegan rétt til sjálfræðis og þátttöku í ákvörðunum um nám og annað skólastarf.

Tillögurnar taka til eftirfarandi þátta:

- Kennaramenntun og starfsþróun
- Lærdómssamfélög
- Starfsaðstæður í skólum
- Mat á skólastarfi
- Skólaþjónusta
- Samspil kerfa og nýting fjármagns

Reykjavíkurborg þarf að taka tillit til ofangreindra tillagna við endurskipulagningu á stoðþjónustu sem borgin veitir börnum með sérstakar þjónustuþarfir. **Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna**

Í frumvarpi félags- og barnamálaráðherra um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem lögð voru fyrir Alþingi 30. nóvember 2020 segir að markmið laganna sé að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Við framkvæmd laganna eigi að tryggja réttindi barna í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland er aðili að og er í því samhengi bent á samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Fram kemur að þeir sem beri ábyrgð samkvæmt lögunum skulu: „ 1. Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu. 2. Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og hún vaknar. 3. Eiga samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.“

Í kynningartexta með frumvarpinu í samráðsgátt stjórnvalda segir m.a.: „Drögum að frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er ætlað að stuðla að samvinnu aðila. Þar er fjallað um samþættingu þjónustu margra þjónustukerfa sem starfa með stoð í lögum og veita þjónustu sem skiptir máli fyrir farsæld barns, þ.m.t. menntun, heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og löggæsla.

Þjónustu verður stigskipt í þrjú þjónustustig samkvæmt samræmdum mælikvörðum sem koma fram í frumvarpinu. Ítarlegri útfærsla stigskiptingarinnar verður í höndum ráðherra sem fara með viðkomandi málefnasvið.

Lagðar eru skyldur á þjónustuveitendur að fylgjast með barni og bregðast við ef þeir verða varir við að þörfum barns sé ekki mætt.

Lagt er til að tryggja öllum börnum aðgang að tengilið á heilsugæslu, í leik-, grunn- eða framhaldsskóla eða hjá félagsþjónustu sveitarfélags. Hann veitir barni og foreldrum leiðbeiningar og aðstoð vegna þjónustu á fyrsta stigi. Ef þess er óskað aflar tengiliður upplýsinga frá öðrum sem veita barni þjónustu og getur skipulagt og fylgt eftir samþættingu þjónustunnar.

Ef barn þarf frekari eða sérhæfðari þjónustu en er veitt á fyrsta stigi tilnefnir sveitarfélag málstjóra annars og/eða þriðja þjónustu í þágu barnsins. Málstjóri kemur á fót stuðningsteymi með þeim sem veita barni þjónustu. Stuðningsteymi vinnur stuðningsáætlun þar sem þjónusta sem barnið og foreldrar þess þurfa á að halda er samþætt.“

Ljóst er að þegar farsældarfrumvarpið verður að lögum, sem skv. gildistökuákvæði verður 1. janúar 2022, hefur það í för með sér endurskoðun á skipulagi þjónustu við börn, m.a. hjá Reykjavíkurborg. Við samþykkt verða aðrir lagabálkar er varða börn teknir til endurskoðunar og breytt í samræmi við farsældarlögin.

Meirihlutasáttmáli. Viðreisnar, Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna fyrir borgarstjórn Reykjavíkur kjörtímabilið 2018 til 2022

Í [meirihlutasáttmálanum](#) er fjallað um þjónustu við börn með sérstakar þjónustuþarfir en þar kemur fram að efla þurfi þjónustu við nemendur með fjölpættar þarfir og fjölskyldur þeirra og tryggja forvarnarstarf og snemmtæka íhlutun óháð greiningum. Einnig er komið inn á að eflingu aðgerða til að draga úr kvíða barna á grunnskólaaldri, með heilsueflingu og með því að tryggja nauðsynlega sálfræðiþjónustu, til dæmis með endurskipulagningu þjónustunnar og í samstarfi við heilsugæslu.

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Meginmarkmið [Menntastefnu Reykjavíkurborgar](#) er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Tvö leiðarljós vísa veginn á næstu árum, hið fyrra er „Barnið sem virkur þátttakandi“ og hið síðara er „fagmennska og samstarf í öndvegi“.

Framtíðarsýnin er að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Grundvallarþættir stefnunnar eru fimm; Félagsfærni, Sjálfsefning, Læsi, Sköpun og Heilbrigði.

Í almennum aðgerðum Menntastefnunnar er lögð áhersla á að einfalda allt stoðkerfi við börn, samþætta í eina heild skipan og verklag skólaþjónustu, beita snemmtækri íhlutun og draga úr greiningum sem forsendu fjárveitinga.

Einfalda á allt stoðkerfi við börn með sérstakar þarfir með það að markmiði að veita börnum þjónustu í nærumhverfi þeirra. Samþætta á í eina heild skipan og verklag skólaþjónustu, sérkennslu og stuðnings í skóla- og frístundastarfi. Lögð verður áhersla á snemmtæka íhlutun og markviss inngríp sem skila börnum mælanlegum framförum auk þess sem dregið verður úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga.

Þegar hefur verið hafist handa við fjölmörg verkefni sem öll miða að þessum áherslum, sjá nánari umfjöllun um verkefni hér að aftan.

Velferðarstefna Reykjavíkurborgar

Velferðarráð samþykkti haustið 2019 að mótuð yrði heildstæð stefna á sviði velferðarmála til næstu tíu ára. Þar réð miklu að breyttar kröfur eru til þjónustu og það kallar á breytt vinnulag sem hefur áhrif á starfsþróun sviðsins. Unnið hefur verið að [mótun stefnunnar](#) í samvinnu við hagsmunaaðila, kjörna fulltrúa, starfsfólk velferðarsviðs og samstafsaðila. Þá var einnig sett á laggirnar sérstök íbúagátt þar sem notendur þjónustu og aðrir borgarþátttakendur gátu sagt sína skoðun á velferðarþjónustu borgarinnar. Stefnunni er ætlað að móta ramma um vinnubrögð og verklag í velferðarþjónustu en leysir ekki af hólmi fyrirliggjandi stefnur í málaflokkum sem heyra undir velferðarsviði, s.s. stefnu í málefnum eldri borgara, fatlaðs fólks og heimilisláusra. Fyrirséð að slíkar stefnur lifi áfram samhliða velferðarstefnunni. Velferðarstefnan var lögð fyrir velferðarráð til kynningar 3. febrúar sl. Stefnan byggir á 7 stefnuáherslum og tilgreinir 24 stefnumarkandi forgangsverkefni. Stefnuáherslur eru eftirfarandi, Engin tvö eru eins (einstaklingsmiðuð þjónusta og sérhæfing); Nálægð og aðgengileiki (nálæg notanda og stafrænar lausnir); Þjónustulipurð og skilvirkni (samþætting þjónustu, skipulag og notendamiðuð þjónusta); Virðing og umhyggja (valdefling og unnið gegn fordómum); Frumkvæði og forvarnir (forvarnir og gagnadrifin nálgun); Samtal og samráð (samráð við hagsmunaaðila og upplýsingagjöf) og Fagmennska og framsýni (mannauður).

Velferðarráð vísaði stefnunni á fundi sínum til breiðs samráðs íbúa og hagaðila og var samhliða unnið á velferðarsviði að kostnaðarmetinni aðgerðaáætlun og nauðsynlegum stjórnskipulagsbreytingum til að ná fram markmiðum stefnunnar. Stefnan mun lögð fyrir velferðarráð að nýju til samþykktar ásamt aðgerðaáætlun í júní 2021.


Framkvæmdaáætlun Barnaverndar Reykjavíkur

Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd 2019-2023 ber yfirskriftina [Jöfn tækifæri til að láta drauma rætast](#) sem kallast á við Menntastefnu Reykjavíkurborgar og aðra stefnumörkun borgarinnar í málefnum barna, svo sem forvarnaráætlun. Hlutverk Barnaverndar er að stuðla að því að öll börn hafi jöfn tækifæri til að láta drauma sína rætast. Í því felst að veita börnum og fjölskyldum þeirra viðeigandi stuðning til að nýta styrkleika sína. Framkvæmdaáætlunin byggir á fimm áhersluverkefnum og fjölda aðgerða sem styðja við hvert áhersluverkefni. Framtíðarsýnin er að þjónusta við börn í Reykjavíkurborg einkennist af samvinnu allra aðila um forvarnir og snemmtæka þjónustu á vettvangi barna með hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

Græna planið, sóknaráætlun Reykjavíkurborgar

[Græna planið](#) er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar sem dregur saman á einn stað helstu lykilverkefni og grænar fjárfestingar í borginni á komandi 10 árum. Það er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúru- auðlindir.

Lykilviddir græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta. Einn þáttanna ber yfirheitið **Engin skilin eftir** og þar er framtíðarsýnin að í **Reykjavík, borg fyrir fólk**, verði græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búi við öryggi og geti haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð. Borgarsamfélagið sé fyrir alla og hvatt er til samstöðu þegar erfiðleikar steðja að. Lýðræðisleg vinnubrögð, skilningur á fjölbreytileika mannlífs og jöfn framsetning ólíkrar menningar eru allt lykilatriði í því að ná fram jöfnuði. Lykilstefnur við innleiðingu Borgar fyrir fólk eru menntastefna, velferðarstefna og þjónustustefna.



Nokkrir starfshópar um málaflokkinn:

- Starfshópurinn *Barnið í forgrunni* - Starfshópurinn skilaði skýrslu í júlí 2019. Þar var lögð fram tillaga um verklag við mat á þjónustubörf, útfærslu þjónustu og framkvæmd hennar. Tillagan byggir á vinnu starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar en Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins og fulltrúar Þroska- og hegðunarstöðvar komu að vinnu hans á seinni stigum.
- Starfshópur um **sameiginlega stefnu um skóla- og frístundastarf án aðgreiningar** með áherslu á sérkennslu og stuðning í skóla- og frístundastarfi lagði fram í janúar 2020 greinagerð með hugmyndum sem hægt verður að nýta til stefnumörkunar málaflokksins.
- Starfshópar um þjónustu við börn með **einhverfu og á einhverfurófinu** skilaði niðurstöðum á árinu 2020.
- Starfshópur um **þjónustu sértækra félagsmiðstöðva** mun skilaði niðurstöðum á árinu 2020.
- Erindisbréf vegna starfshóps um snemmtæka íhlutun vegna hegðunarvanda í grunnskólum er á lokametrunum. Áhersla skóla- og frístundasviðs og velferðasviðs er að draga úr alvarlegan hegðunarvanda í grunnskólum borgarinnar með snemmtækri íhlutun. Til að ná því markmiði verði samstarf skóla, hegðunarráðgjafa, sálfræðinga, kennsluráðgjafa og annarra fagaðila aukið og gert markvissara. Hópurinn á að skila niðurstöðum í lok mars 2021.

Verkefnisstjórn undirbúnings aðgerða vegna nýrrar löggjafar um farsæld barna og um innleiðingu, sbr. tillögu 6 hér að framan, mun nýta niðurstöður ofangreindra starfshópa í sinni vinnu.

Úrræði á vegum sviðanna

Málefni í vinnslu – staðan vor 2021

Hér verður stuttlega gerð grein fyrir nokkrum verkefnum sem hafa verið sett af stað undanfarin ár sem miða við að bæta þjónustu við börn með sérstakar þjónustubarfir. Um er að ræða samstarfsverkefni á milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs og verkefni hvors sviðs um sig.

Samstarfsverkefni

- *Betri borg fyrir börn*, þróunarverkefnið í Breiðholti - Tilgangurinn er að gera samstarf SFS og VEL í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra markvissara. Markmiðið er að bæta þjónustuna og færa hana í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækra íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs.
- *Talmeinafræðingar* eru nú 10 sem þjóna leikskólum og grunnskólum
- *Hegðunarráðgjafar* í öllum fimm þjónustumiðstöðvum
- *Viðmið um skólasókn í Reykjavík* – vinna að því að hafa sömu viðmið um skólasókn í öllum grunnskólum til að hægt sé að taka á skólaforðun
- *Samstarf við Brúarskóla* í tengslum við *Keðjuna-samstarfsnet um þjónustu við börn og fjölskyldur* og *Skahm-skammtímadvöl ungmenna* hjá velferðarsviði, sem tengjast vinnu með börnum og unglíngum með alvarlegan hegðunarvanda
- *Samhæfingaraðili skólaþjónustu* – Sérstakur starfsmaður frá velferðarsviði var ráðinn til þess verkefnis.


- *Velkomin verkefnið*, móttaka og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjanda um alþjóðlega vernd í skóla og frístundastarf hefur verið inleitt á allar þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs og nú er verið að huga að innleiðingu í leikskólum á þjónustusvæði Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Verkefnið byggir á miklu samstarfi milli þjónustumiðstöðva og leik- og grunnskóla.
- *Fjárhagsleg greining í skóla- og frístundastarfi og velferðarþjónustu, til barna sem þurfa sérstakan stuðning* – Skipt eftir skólahverfum.

Skóla- og frístundasvið

- *Nýtt reiknilíkan fyrir grunnskóla* er í vinnslu. Þar er m.a. verið að endurskoða úthlutun fjármagns til barna með sérstakar þjónustuþarfir.
 - **Vísar að auknum tækifærum** (e. Learning oportunitites index – LOI) er stuðull sem reiknaður er út fyrir grunnskóla og á að endurspegla þær áskoranir sem er að finna í umhverfi nemendahópsins og geta haft áhrif á árangur hans. Lokið er mótun aðferðafræði slíks stuðuls fyrir Reykjavík sem byggir á kanadískri fyrirmynd. Starfandi er hópur um endurskoðun reiknilíkans grunnskóla sem mun meta hvort og hvernig hægt er að nýta aðferðafræði LOI til útdeilingar einhvers hluta þess fjármagns sem fer til grunnskólanna.
- *Farteymi* eru starfrækt í báðum borgarhelmingum til að þjóna þörfum vegna nemenda með alvarlegan fjölþættan vanda í grunnskólum borgarinnar. Teymin starfa innan skólanna, vinna með nemandanum og veita kennurum og öðru starfsfólki handleiðslu.
- *Brúarsmiðir* hjá Miðju máls og læsis. 100% aukning stöðugilda frá áramótum.
- *Sænskt matstæki* hefur verið tekið í notkun sem metur færni barns á eigin móðurmáli.
- *Draumaskólinn Fellaskóli* - skólasamfélag með framtíðarsýn sem felur í sér breytingar á starfsháttum. Megináhersla á leiðsagnarnám og teymisvinnu kennara, tónlist/listsköpun, málþroska, læsi, samþætt skóla- og frístundastarf og markvisst samtarf við leikskóla
- *Lausnateymi* – gefin hafa verið fyrirmæli um að þeim verði komið á í öllum grunnskólum
- *Sérkennslustjóri* – er nú í öllum leikskólum
- *Stoðdeildin Birta* hóf formlega starfsemi í ágúst 2019 í húsnæði frístundaheimilisins Álftabæjar. Deildin er skólaúrræði fyrir börn sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd hér á Íslandi og eru á aldrinum 8 til 16 ára. Gert er ráð fyrir að yngri nemendur hefji nám í sínum heimaskóla í ljósi þess að á þeim tímapunkti er verið að hefja lestrarkennslu frá grunni. Tillaga um verkefnið var samþykkt 2018 er hún var kynnt í skýrslunni *Velkomin - um móttöku innflytjenda, flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernda*. Á fyrsta starfsári verkefnisins hafa um 25 börn farið í gegnum stoðdeildina *Birtu*.
- *Börn af erlendum uppruna*. Endurskoðun á úthlutun fjármagns til stuðnings börnum af erlendum uppruna.
- *Handbók um framkvæmd vegna stuðnings og sérkennslu í leikskólum*. Útbúin hefur verið Handbók sérkennslustjóra til þess að auðvelda nýjum sérkennslustjórum aðkomu að starfinu og öllum hinum til þess að hafa sem flest er varðar sérkennslu í leikskólum á einum stað. Handbókin er rafræn og á að taka breytingum í takt við strauma og stefnur. Hægt er að nálgast handbókina á þessari slóð: <https://bit.ly/2XuRFIP>
- *Lærdómssamfélag sérkennslustjóra*. Stofnað var til þessa samstarfs haustið 2019. Í lærdómssamfélagi lærir hver af öðrum og hver með öðrum til að bæta árangur af starfi sínu.

Allir geta komið með tillögu að efnistöfum. Styrking lærdómssamfélags er árangursrík leið í starfsþróun sérkennslustjóra og styrkir þá til umbóta og árangurs. Umsjón og undirbúningur er unninn frá skrifstofu SFS.

- *Sérrúrræði*. Fjölgun plássa í Arnarskóla og ný einhverfudeild í Réttarholtsskóla.
- *Íslenskuver*



Úttekt á framkvæmd sérkennslu

Niðurstaðna viðamikillar úttektar á framkvæmd sérkennslu og stuðnings við fjölbreytta nemendahópa í 10 grunnskólum er að vænta í lok árs 2020. Hrund Logadóttir hefur umsjón með verkefninu sem í hefur falist að safna upplýsingum með því að rýna í gögn, gera kannanir, taka viðtöl, rýnihópasamtöl og fara í vettvangsathuganir í skóla.

Velferðarsvið

Keðjan – samstarfsnet fyrir börn og fjölskyldur þeirra er ný starfseining innan velferðarsviðs sem tók til starfa í janúar 2019. Hlutverk hennar er að veita stuðningsþjónustu fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Með tilkomu Keðjunnar er stuðningsþjónusta veitt frá einum starfsstað í stað fimm áður. Aðgengi notenda að þjónustunni er samt sem áður í gegnum þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs. Úrræði Keðjunnar eru:

- *Skahm* – Skammtímadvöl fyrir börn og ungmenni er nýtt úrræði á velferðarsviði. Markmið skammtímadvalarinnar er að veita börnum og ungmennum með alvarleg hegðunar- og þroskafrávik stuðning svo að vandi þeirra hafi ekki hamlandi áhrif á þroska þeirra og komi ekki í veg fyrir að þau geti notið skólagöngu eða umgengist önnur börn. Þá geta foreldrar fengið ráðgjöf í skammtímadvölinni um leið og barnið fær þjálfun í félagslegum samskiptum, auk þess sem boðið er upp á sólarhringsdvöl. Þrjú herbergi eru til ráðstöfunar í húsnæðinu og er hægt að bjóða hverju barni upp á dvöl í allt að 14 sólarhringa á mánuði. Starfsfólk fer einnig á heimili barnanna og veitir foreldrum ráðgjöf og í sérstöfum tilvikum er mögulegt að bjóða upp á sólarhringsþjónustu á heimilum barnanna. 20 til 30 börn geta fengið ráðgjöf og stuðning á vegum úrræðisins á hverjum tíma.

- *Einstaklingsstuðningur* fyrir börn og ungeni á aldrinum 6-18 ára með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun og njóta frístunda og félagslífs. Stuðningurinn er veittur eftir þörfum hvers og eins.
- *Einstaklingsstuðningur í litlum hópum* fyrir börn og ungmenni á aldrinum 6-18 ára með það markmið að virkja einstaklinga félagslega og til þátttöku í hópi þar sem þeim gefst færi á að æfa sig í samskiptum. Áhersla er á að tengja þau við frístund, félagsmiðstöð eða íþróttastarf í þeirra hverfi.
- *TOM (tilsjón okkar mál)* er málörvunarverkefni þar sem foreldrum er veitt ráðgjöf til að bæta málumhverfi barns sem þarf aukastuðning vegna málþroska. Unnið er með það tungumál sem foreldrar eru sterkastir í og vilja að barnið læri.
- *TOM ráðgjöf:* er stuðningur og ráðgjöf til foreldra um málörvunaraðferðir og uppeldisaðferðir þar sem ráðgjafi kemur vikulega inn á heimili í 4-6 vikur. Í hverri heimsókn kennir ráðgjafi foreldrum gagnlegar og einfaldar aðferðir til þess að bæta málumhverfi barns
- *Morgunátak:* Samstarfsverkefni Keðjunnar, Barnaverndar, skólaþjónustu og grunnskóla borgarinnar sem miðar að því að styðja við þau börn og fjölskyldur þar sem erfiðleika eru með skólasókn barns.
- *Unglingasmiðjurnar, Tröð í Gerðubergi, Stígur í Borgartúni, Unglingabruin í Borgartúni og Helgarsmiðjan í Bæjarflöt.* Tröð og Stígur veita unglíngum á aldrinum 13 -16 ára þjónustu. Markmiðið er að efla jákvæða sjálfsmýnd og færni í félagslegum samskiptum, styðja við sjálfstæði einstaklingsins og valdeflingu. Þjónustan fer fram í formi vikulegs hópstarfs. Unglingabruin er fyrir ungmenni 16-18 ára en flestir hafa nýtt sér starfið í Unglingasmiðjunum og óska eftir áframhaldandi stuðningi og hvatningu. Stuðningurinn er í formi hópstarfs sem hittist vikulega. Helgarsmiðjan er fyrir börn og ungmenni á aldrinum 10-18 ára sem greinst hafa með fötlun/raskanir sem standa þeim fyrir þrífum í félagsstarfi og samskiptum. Markmiðið er að auka félagslega færni, efla sjálfstjórn og styrkjajákvæða eiginleika og hæfileika. Hvert barn/ungmenni fær þjónustu eina helgi í viku frá kl. 12:30-19:30 laugardag og sunnudag.
- *Klókir krakkar* er námskeið ætlað börnum á aldrinum 8-12 ára með kvíðaraskanir og foreldrum þeirra. Um er að ræða gagnreynda hugræna atferlismeðferð í hópi. Námskeiðið er í 10 skipti, ein og hálf klst. í senn með heimavinnu á milli funda.
- *Haltu kúlinu* er námskeið ætlað börnum á aldrinum 13-18 ára með kvíðaraskanir og foreldrum þeirra. Um er að ræða gagnreynda hugræna atferlismeðferð í hópi. Námskeiðið er í 10 skipti, ein og hálf klst. í senn með heimavinnu á milli funda.
- *Peers* er gagnreynt úrræði ætlað börnum og ungmönnum á aldrinum 11-18 ára með slaka félagsfærni. Börnin og ungeninn mæta ásamt forráðamönnum einn og hálf klst. í senn í 14 skipti með heimavinnu á milli funda.
- *Kartaflan* er námskeið ætlað unglíngum á aldrinum 13-15 ára sem glíma við vægan tilfinningavanda. Úrræði byggir á grunnæfingum í núvitund, hugrænni atferlismeðferð og virkniþjálfun. Hópurinn hittist tvisvar í viku fyrstu tvær vikurnar og svo vikulega eftir það í samtals átta sinnum yfir sex vikna tímabil.
- *PMTO foreldrafærni* (Parent Management Training Oregon): Úrræði fyrir foreldra barna á aldrinum 4-12 ára sem felur í sér vinnu með ákveðna grunnþætti í því skyni að stuðla að jákvæðri hegðun barns og draga úr hegðunarvanda. Foreldrar fá þjálfun í gagnlegum aðferðum með áherslu á skýr fyrirmæli, vinnu með tilfinningastjórn, tengsl heimilis og skóla og samskiptatækni. PMTO er veitt í formi a) einstaklingsmeðferðar fyrir foreldra með vikulegum viðtölum í 20-25 skipti, b) hópmeðferðar þar sem hópur foreldra hittist vikulega í eina og hálf klst. í 14 skipti c) foreldranámskeiða þar sem hópur foreldra mæta vikulega í tvo og hálf klst. í senn í 8 vikur. Hvaða form PMTO er valið fer eftir því hvort hegðunarvandinn er talinn vera vægur, í áhættu á að verða mikil eða er mikill og víðtækur.

- *SPARE* (Strengthening, Parenting Among Refugees in Europe) er ætlað að ýta undir bættu aðlögun og velgengni fjölskyldunnar í nýju landi og draga úr eða koma í veg fyrir hegðunarerfiðleika og tilfinningalegan vanda barnanna. *SPARE* byggir á *PMTO* aðferðinni þar sem unnið er með ákveðin foreldraverkfæri sem sannreynt er að séu árangursrík í uppeldi. Foreldrar hittast einu sinni í viku í tvær klst. í senn í 12 vikur með heimaverkefni á milli funda. Með *PMTO* ráðgjöfum starfa tveir millimenningarmiðlarar sem byggja brú á milli þeirra og foreldra með því að túlka og miðla upplýsingum á tungumáli foreldra.

TINNA - stuðningur við einstæða foreldra og börn þeirra. Meginmarkmið er að bjóða upp á heildstæða þjónustu ólíkra aðila innan velferðar, heilbrigðis og menntakerfis sem stuðlar að bættum lífsgæðum foreldra og barna. Áhersla er á virkni, menntun og atvinnuþátttöku foreldra og styðja og hvetja börn til aukinnar þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi. Markhópurinn eru foreldrar sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður.

Þá hefur velferðarsvið Reykjavíkurborgar gert þjónustustamninga við eftirfarandi samtök sem veita lágþröskuldaþjónustu: Bergið Headspace, sem er stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk upp að 25 ára aldri, Foreldrahús- vímulausa æsku, sem veitir ráðgjöf til barna og ungmenna með fíknivanda, Sjónarhól, ráðgjafarmiðstöð fyrir sérstök börn til bettra lífs og ADHD samtökin.

Fylgiskjöl

Inngangur

Erindisbréf stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir

Kaflí 3 – Betri borg fyrir börn

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og sviðsstjóra velferðarsviðs um að hefja þróunarverkefni í Breiðholti: Betri borg fyrir börn. Markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa og velferðarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um að setja á fót sameiginlegan stýrihóp skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs sem hafi það hlutverk að skoða hvernig megi tryggja heildstæða stoðþjónustu fyrir börn með sérþarfir.

Kaflí 4 - Tímabundin fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid 19 á börn og unglínga

Greining á lykiltölum skólaþjónustu.

Jafnréttisskímanir með tillögunum 6.

ERINDISBRÉF¹

Stýrihópur um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóri.

Inngangur:

Á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs sem haldinn var 20. september 2019 var samþykkt að setja af stað stýrihóp um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir. Borgarráð samþykkti tillöguna á fundi 26. september 2019.

Hlutverk:

Hlutverk stýrihóps er að hafa heildarumsjón og styðja við innleiðingu breytinga á þjónustu fyrir fjölskyldur barna með sérstakar þjónustuþarfir sem veitt er af velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Unnið er út frá menntastefnu Reykjavíkur, nýju samstarfsneti fyrir börn og fjölskyldur þeirra og niðurstöðum úttektar Evrópumíðstöðvar um menntun án aðgreiningar á Íslandi.

Stýrihópurinn skoðar heildstætt hvernig megi samþætta og einfalda skipulag og starfsemi þeirrar stoðþjónustu sem borgin veitir börnum með sérstakar þjónustuþarfir. Markmiðið er að leggja fram tillögur að bættri þjónustu við börn og forsjáraðila þeirra, auka skilvirkni hennar og stuðla að því að hún skili börnunum framförum.

Fyrirkomulag: Hópurinn kynnir sér vinnu þeirra starfshópa sem eru að störfum varðandi málefnið og kallar sérfræðinga til samstarfs og álitsgjafar eftir því sem þurfa þykir. Hópurinn skoðar hversu vel fyrirkomulagið og fjármagnið kemur til móts við heildstæða og markvissa þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra og skilar þeim árangri og framförum. Hópurinn mótar tillögur um breytingar á núverandi skipulagi og starfsháttum.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Kynnir sér vinnu starfshópa sem hafa verið/eru að störfum varðandi þjónustu við fjölskyldur barna með sérstakar þjónustuþarfir.

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

- Kynnir sér fyrirkomulag sérkennslu og stuðnings í skólum, frístundastarfi og skólaþjónustu þjónustumiðstöðva.
- Kynnir sér fyrirkomulag samstarfs kennara, skólastjórnenda, sérfræðinga skólaþjónustu og starfsfólks skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs.
- Kynnir sér rekstur og uppbyggingu þeirra sérúrræða sem skóla- og frístundasvið og velferðarsvið nýta fyrir börn, s.s. sérdeildir, sérskóla og farteymi.
- Kynnir sér skýrslu Evrópumíðstöðvar um menntun án aðgreiningar á Íslandi og þar til heyrandi gögn og leggja mat á hvernig rétt sé að bregðast við niðurstöðum hennar á vettvangi borgarinnar.
- Kynnir sér bakgrunn og útfærslu svokallaðs „LOI“ stuðuls um breytta útfærslu fjármagns til sérkennslu og stuðnings í grunnskólum.
- Gerir tillögur breytingar á núverandi skipulagi og starfsháttum þannig að um heildstæða og skilvirka þjónustu við börn með sérstakar þjónustuþarfir verði að ræða. Hópurinn kostnaðarmetur tillögur sínar og gerir samsvarandi hagræðingartillögur innan núverandi þjónustu.
- Skilgreinir eftirfylgni og árangursmælikvarða eftir því sem hægt er með það fyrir augum að fylgst verði reglulega með gæðum og virkni þjónustunnar í framtíðinni.
- Fylgjast með framgangi og framkvæmd verkefnisins Betri borg fyrir börn í Breiðholti, leggja mat á fýsileika þess að yfirfæra verkefnið á aðra borgarhluta og gera tillögu hvernig að því skuli staðið, verði það niðurstaða stýrihópsins.

Stýrihópurinn skipa:

Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs, formaður.

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs, formaður.

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Með hópnum starfi:

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri á skóla- og frístundasviði.

Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri á velferðarsviði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn skilgreini hagsmunaaðila og eftir atvikum hafi samráð við þá áður en tillögum er skilað til ábyrgðarmanns og þar sem við á afli formlegra umsagna. Hópurinn leiti ráðgjafar hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum 30. apríl 2020, en hafi jafnframt heimild til að koma með tillögur jafnóðum ef þörf krefur.

Reykjavík, 4. desember 2019

Dagur B. Eggertsson,
borgarstjóri



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð og velferðarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs.

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og sviðsstjóra velferðarsviðs um að hefja þróunarverkefni í Breiðholti: *Betri borg fyrir börn. Markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra*

Skóla- og frístundaráð og velferðarráð samþykkja að hefja sameiginlegt þróunarverkefni í Breiðholti, *Betri borg fyrir börn. Markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.*

Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þá verður lögð áhersla á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs.

1. Stofnuð verði skóla- og frístundadeild innan þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem heyrir undir skóla- og frístundasvið. Starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í Breiðholti heyrir undir skóla- og frístundadeildina. Deildin veiti m.a. ráðgjöf um almenna starfs- og kennsluhætti, skipulag skóla- og frístundastarfs, auk þeirrar sérfræðiþjónustu sem hefur verið veitt í hverfinu á undanförunum árum. Stjórnendur deildarinnar verði næstu yfirmenn leikskólustjóra, grunnskólustjóra og forstöðumanna félagsmiðstöðva og frístundaheimila í Breiðholti.
2. Stofnað verði mannauðs- og rekstrarteymi innan þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem sinni mannauðsþjónustu, fjármálalegri ráðgjöf og umsýslu og utanumhaldi með rekstri húsnæðis starfseininga sviðanna í hverfinu. Teymið heyrir undir hverfisstjóra Breiðholts.
3. Teymisvinna á milli skóla- og frístundadeildar og annarra sérfræðinga þjónustumiðstöðvar Breiðholts verði þétt og markviss með það að markmiði að styðja við skóla- og frístundastarf og fjölskyldur í Breiðholti. Deildarstjórar í þjónustumiðstöð Breiðholts eiga í markvissu samstarfi og funda reglulega um sameiginleg málefni deildanna með hverfisstjóra. Unnið verði á grundvelli verkefna og verkefnastjórnunar þar sem starfað verði í þverfaglegum teyimum.

4. Skrifstofa frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs í Breiðholti verði færð í skóla- og frístundadeildina og teymi rekstrar og mannauðs. Leigu í núverandi húsnæði skrifstofu frístundamiðstöðvarinnar verði sagt upp.

Verkefnið rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Flutt verði miðlæg stöðugildi frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs í Borgartúni, starfsfólk úr frístundamiðstöð auk þess sem starfsfólk í þjónustumiðstöð Breiðholts verður flutt undir skóla- og frístundadeildina. Velferðarsvið leggur til húsnæði og búnað að Álfabakka 10.

Þróunarverkefninu verði hleypt af stokkunum seinni hluta árs 2019 og standi í allt að tvö ár. Formenn skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs ásamt sviðsstjórum og hverfisstjóra þjónustumiðstöðvar Breiðholts munu halda reglulega samráðsfundi til að fylgja eftir markmiðum verkefnisins og kynna framgang þess í skóla- og frístundaráði og velferðarráði. Að þróunartíma loknum verður metið hvort yfirfæra eigi verkefnið á alla borgina. Matsferli verður hluti af undirbúnings- og innleiðingarferli.

Greinargerð:

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum skylt að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum. Á grundvelli laga ber Reykjavíkurborg margvíslegar skyldur gagnvart skólum, frístundastarfi og fjölskyldum og ber að veita ýmsa þjónustu.

Í lögum um leik- og grunnskóla er kveðið á um að sveitarfélög skuli tryggja að skólalþjónusta sé veitt, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún geti farið fram innan leik- og grunnskóla. Í skólalþjónustu felst annars vegar stuðningur við börn/nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leik- og grunnskóla og starfsfólk þeirra.

Reykjavíkurborg er langstærsta sveitarfélagið á Íslandi og íbúasamsetning endurspeglar þverskurð þjóðarinnar. Í nútíma samfélagi er gerð síaukin krafa um gæði þjónustu og skilvirkni í þjónustuveitingu, samhliða því eru væntingar um að þjónusta sé nálæg notendum og íslensk samfélagsgerð gerir ráð fyrir tiltekinni persónulegri nálægð milli notenda og þjónustuveitenda.

Mikilvægt er að Reykjavíkurborg veiti heiltæka og samhæfða skólalþjónustu og því er eðlilegt að endurskoða og samræma þjónustuna til að tryggja að ekki sé um tvíverknað að ræða eða að mikilvæg verkefni lendi milli skips og bryggju, þ.e. milli þjónustu og verkefna skrifstofu skóla- og frístundasviðs við leikskóla, grunnskóla og frístundastarf annars vegar og þeirri skólalþjónustu við leik- og grunnskóla sem þjónustumiðstöðvar veita í dag. Ennfremur er afar mikilvægt að foreldrar og starfsfólk upplifi Reykjavíkurborg sem einn þjónustuveitanda með samhæfðri skóla- og velferðarþjónustu. Um 30% þeirra barna sem fá þjónustu sálfræðinga á þjónustumiðstöðvum, eru einnig að fá aðra þjónustu frá velferðarsviði.

Samkvæmt þjónustustefnu Reykjavíkurborgar skal veita þjónustu eins nálægt notendum hennar og kostur er á, hvort sem það er í gegnum rafrænar lausnir eða á vettvangi þar sem notandinn er staddur hverju sinni. Mikilvægt er að þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar veiti eins skilvirka og samhæfða þjónustu og kostur er.

Menntastefna Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn 20. nóvember 2018 hvetur til þróunar skóla- og frístundastarfs í skapandi lærdómssamfélagi sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Stefnan hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð en um leið valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi. Í stefnunni er lögð áhersla á að í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfi framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti. Þá er undirstrikað að það þurfi að styðja faglegt frumkvæði starfsfólks, veita því

rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Í almennum aðgerðum sem fylgja menntastefnunni er m.a. að finna eftirfarandi: Einfalda á allt stoðkerfi við börn með sérstakar þarfir með það að markmiði að veita börnum þjónustu innan veggja skólans. Samþætta á í eina heild skipan og verklag skólaþjónustu, sérkennslu og stuðnings í skóla- og frístundastarfi. Lögð verður áhersla á snemmtæka íhlutun og markviss inngríp sem skila börnum mælanlegum framförum auk þess sem dregið verður úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga.

Í menntastefnu Reykjavíkurborgar er áhersla á að efla samstarf í öllu skóla- og frístundastarfi og samræma starfsaðferðir og skipulag eins og kostur er til þess að auka gæði þjónustunnar, áreiðanleika hennar og jafnræði borgarbúa. Þá hefur verið mörkuð sú stefna að þjónusta sé nálæg stofnunum, starfsmönnum þeirra og þeim einstaklingum sem þær þjóna, sbr. niðurstöðu vinnu við bókun 1 hjá Félagi grunnskólakennara. Þar kom fram að kennarar vildu fá ráðgjöf nær sér og fengju í ríkari mæli handleiðslu í starfi.

Yfirlýst markmið í stefnumótun í barnavernd, bæði á vettvangi ríkisins og hjá sveitarfélögum er að þjónustukerfin vinni saman, þvert á svið og stofnanir. Á nýafstöðnum vinnufundi velferðarsviðs og Barnaverndar Reykjavíkur þar sem um eitt hundrað þátttakendur sem koma að barnavernd með ýmsum hætti komu saman, var skýr niðurstaða að fagfólk þyrfti að vinna saman að málefnum barna og fjölskyldna og að þjónustan ætti að vera sem næst vettvangi, í skólum, frístundastarfi og á heimilum.

Velferðarsvið hefur hafið undirbúning, til samræmis við samþykkt borgarstjórnar frá 2. október 2018, að nýrri starfsemi með heitinu Samstarfsnet um þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra sem veita mun börnum og fjölskyldum þeirra stuðningsþjónustu þvert á borgina. Markmiðið er m.a. að tryggja jafnt aðgengi að úrræðum, þjónustu í nærumhverfi og stuðla að nýsköpun og þróun í takt við þarfir og samfélagslegar aðstæður.

Starfsemi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs

Í Breiðholti eru eftirfarandi starfsstöðvar starfsræktar sem heyra til starfsstöðva skóla- og frístundasviðs eða njóta framlaga og eftirlits sviðsins:

Þrettán leikskólar, þar af ellefu borgarreknir og 2 sjálfstætt reknir, fimm grunnskólar, frístundamiðstöð, þrjár stakstæðar félagsmiðstöðvar, þar af ein sértæk fyrir fötluð börn og unglínga, ein félagsmiðstöð staðsett í grunnskóla og sjö frístundaheimili. Í Breiðholti eru skráðir 26 dagforeldrar og börnum í Breiðholti stendur til boða að taka þátt í starfi Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts.

Skóla- og frístundasvið er með miðlæga skrifstofu, skrifstofu skóla- og frístundasviðs, í Borgartúni og þjónustar stofnanir sínar, leikskóla, grunnskóla og frístundastarfsemi með margvíslegum hætti frá þeim og í einhverjum tilvikum með sérhæfðum teymum sem eru úti í borgarhlutum (Miðja máls og læsis í Háaleitisskóla, Miðstöð útivistar og útináms í frístundamiðstöðinni í Gufunesbæ og Þekkingarstöð frístundastarfs um stuðning í frístundastarfi sem staðsett er í frístundamiðstöðinni í Kringlumýri.

Meðal verkefna skrifstofu skóla- og frístundasviðs gagnvart starfsstöðvum er: Fagleg stýring og ráðgjöf um innra starf stofnana, verkefnisstjórn tiltekinna verkefna s.s. jafnréttismál, ytra mat, stuðningur við úrlausn í einstaklingsmálum, stjórnendaráðgjöf, mannauðsráðgjöf, lögfræðiráðgjöf, fjármálaráðgjöf, umsýsla vegna framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa.

Frístundamiðstöðvar eru fimm, ein í hverjum borgarhluta og heyra undir skóla- og frístundasvið. Þær þjónusta frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í viðkomandi borgarhluta. Ein frístundamiðstöð er þekkingarmiðstöð varðandi börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í frístundastarfi. Samstarf hennar við skólaþjónustuna er ekki formlegt.

Á vegum velferðarsviðs eru starfræktar eftirfarandi starfsstöðvar:

Þjónustumiðstöð Breiðholts veitir ráðgjöf og stuðning fyrir börn, fjölskyldur og fólk á öllum aldri í borgarhlutanum. Sérstök áhersla er lögð á þjónustu við fatlað fólk, innflytjendur og fólk sem glímir við félagslegar hindranir. Þjónustumiðstöðin rekur 6 heimili fyrir fatlað fólk, dagþjónustu fyrir fatlað fólk, 2 unglingsmiðjur, 2 félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara, stuðningsheimili fyrir ungt fólk og fjölskyldumiðstöð með margvíslega þjónustu, m.a. verkefnið Tinnu fyrir unga foreldra. Þjónustumiðstöðin á einnig í formlegu samstarfi við heilsugæsluna og margvísleg samtök á borð við Rauða Krossinn, Hjálparstofnun kirkjunnar, foreldrafélög, íþrótt- og tómstundafélög, Barnaheill, TUFF, Hjólakraft, samtök kvenna af erlendum uppruna- og móðurmálsfélög.

Skólaþjónustu í Reykjavík er sinnt á fimm þjónustumiðstöðvum undir stjórn velferðarsviðs borgarinnar. Skólaþjónustan hefur á liðnum árum einkum beinst að þjónustu við leikskóla- og grunnskólabörn með sérstakar þarfir með aðkomu skólasálfræðinga, sérkennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa og félagsráðgjafa sem starfa í þjónustumiðstöðvum. Þjónustumiðstöðvar hafa leitt margvísleg verkefni er lúta að nemendum og skólastarfi s.s. læsisverkefni (LÆM), heilsuefningu hverfa, snemmtæka íhlutun, skimun og forvarnarstefnu borgarinnar.

Tilgangur verkefnisins

Tilgangur verkefnisins er:

- Að samhæfa eins og kostur er alla skóla-, frístunda- og velferðarþjónustu í borgarhlutanum og auka þverfaglega samvinnu t.d. við heilbrigðisþjónustu.
- Að öll skóla- og frístundaþjónusta sé heiltæk, þ.e. varði heildarþjónustuþörf leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva frá Reykjavíkurborg, þ.e. stjórnendur, starfsmenn, börn og foreldrar.
- Að styrkja samlegð og samfellu þjónustu við skóla, félagsmiðstöðvar og frístundaheimili þannig að þjónustan stuðli að auknu samstarfi og um leið auknum gæðum í starfi með börnum á leik- og grunnskólaaldri.
- Auka dreifstýringu í leikskóla- og grunnskólastarfi þannig að hún verði áþekkt því sem nú er í frístundastarfi¹ svo að stjórnendur leik- og grunnskóla finni fyrir meiri nálægð frá stjórnendum og ráðgjöfum Reykjavíkurborgar.
- Að mannauður og fjármagn í öllu skóla-, frístunda- og velferðarstarfi nýtist sem best. Með auknu samstarfi og samhæfingu milli stofnana opnast möguleikar á að samnýta mannauð og fjármagn í ríkari mæli.

Útfærslan í þjónustumiðstöð Breiðholts

Hverfisstjóri

Hverfisstjóri ber ábyrgð á rekstri og starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar gagnvart sviðsstjóra velferðarsviðs. Skrifstofa hverfisstjóra ber ábyrgð á samhæfingu innan hverfisins og innri og ytri tengslum

Skóla- og frístundadeild

Stofnuð verði skóla- og frístundadeild innan þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem heyri undir skóla- og frístundasvið. Starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í Breiðholti heyri undir skóla- og frístundadeildina. Deildin veiti ráðgjöf um almenna starfs- og kennsluhætti,

¹ Skrifstofustjóri frístundaskrifstofu er næsti yfirmaður 5 framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva sem síðan stýra starfi í sínum borgarhluta. Skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu er næsti yfirmaður allra leikskólastjóra í borginni (sem eru 63). Skrifstofustjóri grunnskóla er næsti yfirmaður allra grunnskólastjóra í borginni (sem eru 36).

skipulag skóla- og frístundastarfs, auk þeirrar sérfræðipjónustu sem hefur verið veitt í hverfinu á undanförunum árum.

Skóla- og frístundadeildin verði þrískipt, leikskólahluti, grunnskólahluti og frístundahluti og myndi eina samverkandi heild. Viðkomandi skrifstofustjóri fagskrifstofa skóla- og frístundasviðs í Borgartúni verði næsti yfirmaður viðkomandi deildarstjóra² skóla- og frístundadeildar í Breiðholti. Skóla- og frístundadeild starfar í nánú samstarfi við hverfisstjóra í Breiðholti og aðra deildir þjónustumiðstöðvarinnar.

Störf í skóla- og frístundadeild verði skipuð starfsfólki sem nú þegar er við störf í skólaþjónustu (kennsluráðgjafar, hegðunarráðgjafar, daggæsluráðgjafi og talmeinafræðingur), eru við störf í frístundamiðstöð (framkvæmdastjóri og tveir deildarstjórar) og nýjar stöður (deildastjórar leikskólahluta og grunnskólahluta).

Mannauðs- og rekstrarteymi

Stofnað verði mannaúðs- og rekstrarteymi innan þjónustumiðstöðvarinnar sem sinni mannaúðsþjónustu og fjármálalegri ráðgjöf við starfseiningar sviðanna í hverfinu og umsýslu og utanumhaldi með rekstri húsnæðis starfseininganna. Teymið heyrir undir hverfisstjóra.

Störf í mannaúðs- og rekstrarteymi verði skipuð sérfræðingi fjármála og reksturs sem nú þegar starfar á þjónustumiðstöðinni auk fjármálastjóra frá frístundamiðstöð skóla- og frístundasviðs og nýjum stöðugildum rekstrarráðgjafa mannvirkja og mannaúðsráðgjafa. Ný stöðugildi verði fjármögnuð með flutningi fjármagns frá miðlægum skrifstofum til þjónustumiðstöðvar sem svarar til eins stöðugildis rekstrarráðgjafa mannvirkja og 50% stöðugildis mannaúðsráðgjafa frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs og 50% stöðugildis mannaúðsráðgjafa frá velferðarsviði.

Aðrar deildir þjónustumiðstöðvarinnar

Sálfræðipjónusta þjónustumiðstöðvar vinnur að þjónustu við stofnanir, þjónustu við einstaklinga innan stofnana og þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur. Sálfræðideildin heyrir áfram undir velferðarsvið. Sálfræðipjónusta mun vinna náið með skóla- og frístundadeild í markvissri teymisvinnu.

Fjölmenningarstarf er m.a. byggt upp í kringum Fjölskyldumiðstöðina í Gerðubergi. Skipað verður þekkingarteymi sem vinnur í þjónustumiðstöð, grunnskóla, leikskóla og frístundastarfi með bakland í Fjölskyldumiðstöðinni í Gerðubergi. Lögð verður áhersla á menningarmiðlun og brúarsmiði við samþættingu samfélagsins.

Hverfisstjóri stuðlar að auknum félagsauði í Breiðholti með virku samstarfi t.d. við íþróttafélög, trúfélög, menningarfélög, íbúasamtök, hverfaráð, stofnanir borgarinnar í Breiðholti og ríkisstofnanir. Þetta hlutverk styrkist enn frekar við stofnun skóla- og frístundadeildar t.d. vegna starfsemi frístundamiðstöðvar, félagsmiðstöðva og frístundaheimila. Eitt af hlutverkum hverfisstjóra er að tryggja samráð og eftirfylgni áætlana um heilsueflingu og forvarnir. Áhersla á lýðheilsu og forvarnir eflist til muna með tilkomu skóla- og frístundadeildarinnar. Ef upp koma flóknar aðstæður í borgarhluta t.d. áhættuhegðun í unglingshópum, samhæfir hverfisstjóri aðgerðir deilda þjónustumiðstöðvar, lögreglu og annarra stofnana/samtaka sem vinna að lausn vandans.

Lögð er áhersla á að húsnæði þjónustumiðstöðvarinnar sé skipulagt að mestu sem opið rými og fjölbreytt vinnusvæði sem hentar ólíkum einstaklingum og fagaðilum. Þess verði gætt að ekki verði skipt upp í afmarkaðar „skrifstofur“ í rými til þess að forðast að til verði „síló“. Horft verði til verkefna við tilhögun vinnurýma.

² Starfsheiti yfirmanns frístundamiðstöðvar er framkvæmdastjóri.

Nánari tilhögun samstarfs nýrrar skóla- og frístundadeildar og mannauðs- og rekstrar-teymis við aðra starfsemi þjónustumiðstöðvar verði hluti af innleiðingarátlan.

Teymisvinna

Teymisvinna á milli skóla- og frístundadeildar og annarra sérfræðinga þjónustumiðstöðvar Breiðholts verði þétt og markviss með það að markmiði að styðja við skóla- og frístundastarf og fjölskyldur í Breiðholti. Deildarstjórar í þjónustumiðstöð vinni saman og fundi reglulega um sameiginleg málefni deildanna með hverfisstjóra. Unnið verði á grundvelli verkefna og verkefnastjórnunar þar sem starfað verði í þverfaglegum teyimum. Áhersla verði lögð á að þjónustan verði í ríkara mæli veitt í daglegu umhverfi barna og starfsmanna í skóla- og frístundastarfi með aðferðum snemmtækrar íhlutunar.

Þverfagleg skólateymi

Um hvern leikskóla og grunnskóla og þar til heyrandi frístundaheimili og félagsmiðstöð starfar þverfaglegt teymi:

- Fulltrúi/ar viðkomandi skólastigs og frístundaþjónustu.
- Fulltrúi sálfræðiþjónustu.
- Fulltrúi/ar velferðarþjónustu (barna- og fjölskyldu).

Þessir aðilar eru einnig hluti af lausnateymi og/eða nemendaverndarráði hvers leikskóla og grunnskóla. Þessi uppskipting er gerð til að auka persónuleg tengsl lykilstarfsmanna sem vinna með viðkomandi stofnun.

Markmið samstarfs er að:

- Auka þverfaglega samvinnu.
- Nýta betur og styrkja þau úrræði sem notuð eru í skóla-, frítíma og velferðarþjónustu með börnum.
- Nýta betur þá sérþekkingu sem er úti í skólunum og í þjónustumiðstöð.
- Draga úr þörf fyrir greiningar.
- Draga úr þörf fyrir aðkomu barnaverndar

Það er í starfi teyma sem samstarf um skóla-, frístunda-, sálfræði- og velferðarþjónustu á að eflast enn frekar milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Í teymunum á ný nálgun í barnaverndarmálum að kristallast.

Samstarf innan skóla- og frístundadeilda

Kennsluráðgjafi, leikskólaráðgjafi, hegðunarráðgjafar, þjálfunarráðgjafi, talmeinafræðingur, ráðgjafabroskafjálfi frístundastarfs vinna þvert á deildir og vinna markvisst að menntun án aðgreiningar. Byggð verður upp þekking á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs í vinnu með fjölbreyttan nemenda/barnahóp í samstarfi við sálfræðinga sálfræðiþjónustu og sérfræðinga velferðarþjónustu (s.s. barna og fjölskyldudeild). Deildirnar halda reglulega fundi um sameiginleg málefni sín.

Samstarf skóla- og frístundadeilda við skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar

Skóla og frístundadeild á í virku frumkvæðissamstarfi við hvern skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð og styður við dagleg viðfangsefni og úrlausnarverkefni stjórnenda og starfsmanna. Þá styður deildin við nýbreytni og þróunarstarf. Hegðunar- og kennsluráðgjafar verja góðum hluta vinnudags síns á vettvangi og er lögð áhersla á ráðgjafar- og handleiðsluhlutverk í starfi.

Samstarf skóla- og frístundadeilda við skrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Deildarstjórar skóla- og frístundadeildar eiga í formlegu samstarfi við skrifstofustjóra á skrifstofu skóla- og frístundasviðs og koma að grundvallarskipulagningu og helstu áætlanagerð og stefnumótun varðandi framkvæmd skóla- og frístundastarfs í borginni. Aðrir starfsmenn í skóla- og frístundastarfi eiga í formlegu samstarfi við aðra aðila sem sinna sambærilegum störfum í þjónustumiðstöðvum, frístundamiðstöðvum og öðrum stofnunum Reykjavíkurborgar.

Nánari tilhögun teymisvinnu og þverfaglegs samstarfs verður hluti af innleiðingaráætlun.

Innleiðing og kostnaður

Þróunarverkefninu verði hrint af stökkunum á síðari hluta árs 2019 og standi í allt að tvö ár. Að þróunartíma loknum verður metið hvort yfirfæra eigi verkefnið á alla borgina. Matsferli verður hluti af undirbúnings- og innleiðingarferli.

Ráðinn verði tímabundið til starfa verkefnastjóri sem vinni innleiðingaráætlun með lykilstjórnendum og styðji við framkvæmd hennar. Sett verði skýr árangursmarkmið í upphafi verkefnis og þeim fylgt eftir yfir tímabilið. Á grundvelli árangursmarkmiða verði útbúin matsáætlun og mælikvarðar. Sett verði niður samskiptaáætlun til að tryggja að allir hlutaðaeigandi aðilar rói í sömu átt og nái sem best sameiginlegum skilningi á verkefninu á hverjum tíma.

Eigendahópur innleiðingarinnar eru sviðsstjórar skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs og hverfisstjóri Breiðholts. Hópurinn hittist reglulega og fer yfir framvindu breytinganna ásamt verkefnisstjóra. Þá hittir eigendahópurinn stjórnendur í þjónustumiðstöð Breiðholts og skrifstofustjóra af fagskrifstofu SFS með reglubundnum hætti.

Tímaáætlun

September 2019: Umfjöllun í fagráðum og borgarráði.

Október – nóvember 2019: Unnið í starfslýsingum og breyttum verkferlum. Auglýst í stöður. Undirbúningur tilfærslu starfsmanna. Ráðningar.

1. janúar 2020: Nýjar áherslu í þjónustumiðstöð komnar til framkvæmda en ferlar verða í mótun til vors 2020.

Kostnaður

Verkefnið rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Flutt verði miðlæg stöðugildi frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs í Borgartúni, starfsfólk úr frístundamiðstöð auk þess sem stöðugildi í þjónustumiðstöð Breiðholts verða færð undir skóla- og frístundadeildina. Velferðarsvið leggur til húsnæði og búnað að Álfabakka 10, Reykjavík. Verkefnið hefur verið jafnréttisskimað.

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa og velferðarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til að settur verði á fót sameiginlegur stýrihópur skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs sem hafi það hlutverk að skoða hvernig megi tryggja heildstæða stoðþjónustu fyrir börn með sérþarfir, með það að markmiði að bæta þjónustu við börnin og forráðamenn þeirra gera hana markvissari og stuðla að því að hún skili börnunum framförum. Þar verði til skoðunar sérkennsla og stuðningur í skólum og frístundastarfi, skólaþjónustan og sérstaklega hugað að samstarfi kennara, skólastjórnenda, sérfræðinga skólaþjónustu og starfsfólks sviðanna við að tryggja börnum markvissa þjónustu sem skilar þeim árangri og framförum. Stýrihópurinn hafi m.a. það hlutverk að fylgjast með framgangi verkefnisins Betri borg fyrir börn í Breiðholti og leggja mat á fýsileika þess að yfirfæra verkefnið á aðra borgarhluta. Hópnun verði m.a. falið að móta tillögur um leiðir til að meta árangur af sérkennslu, stuðningi og skólaþjónustu með það fyrir augum að auka gæði og virkni þjónustunnar fyrir viðkomandi börn. Í stýrihópnum eigi sæti formenn skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs og sviðsstjórar skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Hópurinn kalli til ráðgjafar fulltrúa úr skólasamfélaginu og fagaðila eftir þörfum.




Greining á lykiltölum skólaþjónustu

Greining á lykiltölum í skólaþjónustu sýnir að mikil eftirspurn er eftir þjónustu þeirra fagstétta sem sinna þjónustunni. Þar sem flestar beiðnir til skólaþjónustunnar lúta að þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga voru störf þessara stétta rýnd nánar bæði með greiningu lykiltalna sem og upplýsingum er lúta að stöfum þessara hópa án þess að verið sé að leggja nokkra rýrð á mikilvæg störf annarra fagstétta skólaþjónustunnar. Teymi árangurs og gæðamats á skrifstofu velferðarsviðs hefur framkvæmt greiningu á skólaþjónustunni. Eftirfarandi er hluti þeirrar greiningar.



Fjöldi erinda og fjöldi barna sem barst skólaþjónustu 2014-2020




Aukning í fjölda erinda frá 2014 er 33%.

Aukning í fjölda barna frá 2014 er 34%.



Fjöldi erinda eftir hverfum



Aukning eftir hverfum frá 2014:

ÞVMH: 87% þarf af 16% á milli 2019 og 2020.

ÞLH: 55% þarf af 19% milli 2019 og 2020.

ÞB: 28% þarf af 10% milli 2019 og 2020.


ÞÁG: 28% þarf af 25% á milli 2019 og 2020.

ÞGK 6% þarf af 4% á milli 2019 og 2020.

Að meðaltali er 14% aukning á fjölda erinda á milli árána 2019 og 2020.




Virk mál



Alls eru skráð mál vegna 16,5% (3.575) barna í borginni á árinu 2020 en um er að ræða bæði virka þjónustu við börn og börn sem eru á biðlista. Hlutfall barna flóttafólks af heildarfjölda barna árið 2020 er 3,5%.




Börn með erlent ríkisfang 2015-2020



Börn með erlent ríkisfang eru 11% þeirra barna sem eru með virk mál í lok árs 2020.



Beiðnir eftir sérfræðingum



Heildaraukning erinda frá árinu 2017 til 2020 eru 973 talsins.


Fjöldi beiðna frá 2017-2020 jókst um 310.

Aukning vegna talmeinafræðinga er 32%

Aukning var á stöðugildum talmeinafræðinga á árinu 2018. Skólar hafa þó í ákveðnum tilvikum haldið áfram að kaupa talmeinaþjónustu af einkaaðilum.



Ástæða tilvísunar




Algengasta tilvísanaástæðan hjá börnum með íslenskt ríkisfang er einbeitingaerfiðleikar (28%) og málþroskavandi (26,9%) en hjá börnum með erlent ríkisfang er málþroskavandi 43,4% og einbeitingaerfiðleikar 14,5% .

Tilvísanir vegna tilfinningalegra erfiðleikar hafa aukist um 7,8% á milli 2019 – 2020.

Tilvísanir vegna erfiðleika í félagsumhverfi hafa aukist um 2% á milli 2019 – 2020.




Greiningar þróun



Hlutfall innhúss greininga af öllum tilvísunum er 41% árið 2020 en var 48% árið 2014. Greiningum fækkar á öllum þjónustumiðstöðvum árið 2020.



Greiningar þróun




Hlutfall barna sem óskað er eftir skólajónustu fyrir og fékk greingu var 28% árið 2020 en 42% árið 2014. Á milli 8-14% greininga er vegna barna með erlent ríkisfang í lok árs 2020.



Biðlisti eftir hverfum

Fjöldi barna á biðlista frá árslokum 2017 til febrúarloka 2021




Í lok febrúar 2021 biðaðu
957 börn eftir fyrstu
þjónustu.
ÞVMH: 216 börn
ÞLH: 251 börn.
ÞB: 107 börn.
ÞÁG: 184 börn.
ÞGK 184 börn.



Biðlisti eftir þjónustu sálfræðinga

Fjöldi barna á biðlista eftir sálfræðingum 2017-2021 eftir hverfum




460 börn biðaðu eftir fyrstu
þjónustu sálfræðinga í lok
febrúar 2021.
ÞVMH: 114 börn (1.176
börn að baki stg).
ÞLH: 149 börn (1.024 börn
að baki stg.).
ÞB: 52 börn (535 börn að
baki stg.).
ÞÁG: 77 börn (866 börn að
baki stg.).
ÞGK 68 börn (660 börn að
baki stg.).



Biðlisti eftir þjónustu talmeinafræðinga

Fjöldi barna á biðlista eftir talmeinafræðingum 2017-2021 eftir hverfum



397 börn biðaðu eftir
þjónustu
talmeinafræðinga í lok
febrúar 2021.


ÞVMH: 58 börn (2446
börn að baki stg).
ÞLH: 85 börn (2.048
börn að baki stg).
ÞB: 34 börn (1.349
börn að baki stg.).
ÞÁG: (15 (1.585 börn
að baki stg.).
ÞGK: 103 börn (1.585
börn að baki stg.).

Eins og fram hefur komið hafa skólar verið að kaupa talmeinaþjónustu af einkaaðilum. Leikskólar eins og Ösp og Holt í Breiðholti þurfa ekki

á talmeinaþjónustu þjónustumiðstöðvarinnar að halda og Fellaskóli hefur ráðið inn talmeinafræðing.




Stöðugildi skólajónustu 2020



Alls eru 67.35 stöðugildi í skólajónustu í dag auk fimm stg. deildarstjóra. Alls eru 124 leik- og grunnskólar í borginni og er hluti þeirra er einkarekinn.



Stöðugildi m.t.t. barnafjölda



Meðaltal fyrir borgina: Hegðunarráðgjafar 2.167 börn að baki stöðugildi. Talmeinafræðingar 2.446 börn að baki stöðugildi. Sérkennslu/kennsluráðgjafi 1.440 börn að baki stöðugildi. Sálfræðingar 840 börn að baki stöðugildi.

Árið 2013 voru alls 38,31 stg. sálfræðinga, kennsluráðgjafa og sérkennsluráðgjafa á þjónustumiðstöðvum en árið 2020 var fjöldi sömu stg. 40,85 og hefur því fjölgað um 2,54. Stöðugildi sálfræðinga voru 23,15 árið 2013 en eru 25,8 í dag. Árið 2021 hafa bæst við 10 stg. hegðunarráðgjafa og 11.5 stg. talmeinafræðinga.




	Alls stöðugildi í skólajónustu	Fjöldi leikskóla í hverfinu	Fjöldi grunnskóla	Fjöldi barna alls	Stöðug. pr. fjölda barna	Ef sami fjöldi barna að baki stöðugildum	Mismunur
Vesturbær Miðborg og Hlíðar	14,5	24	14	6.115	422	19,0	4,50
Laugardalur og Háaleiti	13,5	17	10	5.119	379	15,9	2,41
Breiðholt	15,4	13	5	3.372	220	10,5	-4,87
Árbær	11,8	12	7	3.896	330	12,1	0,31
Grafarvogur og Kjalarnes	12,2	14	8	3.170	260	9,9	-2,35
Samtals	67,35	80	44	21.672	322	67,4	

Fjöldi skóla er misjafn eftir hverfum. Ef jafn mörg börn væru að baki hverju stöðugildi sérfræðings í skólajónustu þá standa þjónustumiðstöðvar mis vel.



Stöðugildi skólaþjónustu



Mesta jafnvægi er á milli hlutfalls barna og hlutfalls stg. á ÞÁG eða 18%. ÞB og ÞGK eru best sett hvað varðar hlutfall barna og stöðugilda. Mesti munur á hlutfalli barna og stöðugilda er á ÞVMH og ÞLH

Túlkun á tölfræði

Mat á stöðugildapörf.

Starfsmenn barnaverndanefnda á landsvísu styðjast við málavog Barnaverndarstofu til að mæta álagi í málavinnslu, fylgjast með þróun álags í starfi og meta æskilegan málafjölda. Reynt var að afla upplýsinga hvort sveitarfélög á Íslandi hefðu einhver viðmið um mat á álagi í störfum sálfræðing/talmeinafræðinga eða mat á hver æskilegur fjöldi barna á bak við hvert stöðugildi er. Engin slík viðmið virðast vera til en upplýsinga var leitað hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hafnarfjarðarbæ, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Félagi talmeinafræðinga og Sálfræðingafélagi Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá fagdeild sálfræðinga innan skóla þá er misjafnt eftir löndum hvaða viðmið eru sett um fjölda nemenda/barna að baki stöðugildum í skólaþjónustu eða fjölda virkra mála. Það sem gerir samanburð erfiðan milli landa er að verkefni skólaþjónustu eru oft ólík. Í Svíþjóð eru t.d. allar greiningar unnar innan heilbrigðiskerfisins. Einnig er mismunandi í hversu miklum tengslum sálfræðingar eru við börnin sjálf og dæmi um að sálfræðingar sinni bara ráðgjöf við foreldra og skóla og hitti ekki börn. Einnig er nokkur munur á milli skipulags skólaþjónustu milli sveitarfélaga sem gerir samanburð erfiðari.

Þær upplýsingar sem fengust eru:

- Mat skólaþjónustu Hafnarfjarðarbæjar er að fjöldi nemenda að baki hvers stöðugildis sálfræðings í kringum 1.000.
- Hjá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er miðað við að sálfræðingur í fullu starfi taki 20 viðtöl á viku og ef málafjöldinn fer yfir 30 mál þá komi það niður á gæðum þjónustunnar.
- Miðað er við að 650 börn séu á bak við hvert stg. skólahjúkrunarfræðinga.
- Í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi er viðmiðið 500 börn á bak við hvert stöðugildi sálfræðinga.
- Samkvæmt nýjum viðmiðum NASP (National Association of School Psychologists) frá 2020 er miðað við 500 börn á bak við hvert stöðugildi sálfræðinga).

- Ekki reyndist unnt að finna viðmið um fjölda stöðugilda per börn varðandi þjónustu talmeinafræðinga en viðmið sem voru unnin upp úr könnun sem var gerð í USA sýndu að "case load" talmeinafræðings í fullu stöðugildi á hverjum tíma var að meðaltali 48 skjólstæðingar.

Að mati deildarstjóra skólaþjónustunnar eru sálfræðingar að meðaltali með 18 - 20 virk mál á hverjum tíma (greiningar, viðtalsbeiðnir og eftirfylgd), talmeinafræðingar með 18 - 20 virk mál (greiningar, þjálfun og viðtalsbeiðnir), hegðunarráðgjafar með 20 virk mál og unglingaráðgjafar með 30 virk mál (mörg í mikilli vinnslu).

Samkvæmt mati reynslumikils aðila í skólaþjónustu má ætla að hver sálfræðingur/talmeinafræðingur geti sinnt a.m.k. 60 málum á ári.

Talmeinafræðingar:

Samkvæmt upplýsingum talmeinafræðings á þjónustumiðstöð þá benda niðurstöður fjölda rannsókna til að framburðar- og málþroskafrávik séu til staðar hjá um 12-15 % barna. Þessi tala er líklega hærri þar sem fjöldi tvítyngdra barna er komin með áunna málþroskaröskun eftir að hafa árum saman fengið of litla íslensku í skólaumhverfinu og standa því íslenskum jafnöldrum langt að baki í máli. Líklegt er að aðkoma talmeinafræðinga á leikskólaaldri geti haft mikið forvarngildi með inngripum fyrir hópa og ráðgjöf og stuðning til starfsmanna. Mjög mikill munur er á milli hverfa borgarinnar, hversu stór hluti barnanna er tví-/fjöltyngdur.

Ef tölur um framburða- og málþroskafrávik eru settar í sambengi við Ísland, þá má gera ráð fyrir u.þ.b. 60 - 75 börnum með framburðar- og/eða málþroskafrávik í hverjum 500 barna skóla sem bendir til að þörf sé á einu stöðugildi talmeinafræðings. Sem dæmi má nefna að 510 barna skóla í Grafarvogi er nú sinnt með 35% stöðugildi talmeinafræðings. Lykiltölur sýna að 1-1,5 stöðugildi talmeinafræðings er að sinna öllum leikskólum hvers hverfis (15-23 leikskólar mismunandi eftir hverfum). Áætla má að á hvert stöðugildi talmeinafræðings sé því að sinna um 180 börnum með frávik sem erfitt er að sinna svo vel sé.

Í grunnskólunum hafa talmeinafræðingar skimað alla 1. bekinga og hefur reynsla frá upphafi verið sú að í kringum 35% þess árgangs þarf einhvers konar aðstoð. Talmeinafræðingar hafa samband við foreldra þeirra barna og kanna hvort mál þeirra séu í farvegi. Sum eru á bið eftir talþjálfun á stofu, önnur eru í talþjálfun á stofu en svo er hluti barna sem hafa ekki fengið neina aðkomu og er þá fengið leyfi til að leggja greiningapróf fyrir þau. Eftir þær greiningar, er niðurstöðum skilað til foreldra og skóla og ráðleggingar veittar með framhaldið. Hluti þessara barna á rétt á niðurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands vegna talþjálfunar á stofu (SÍ börn), önnur eiga rétt á þjálfun hjá talmeinafræðingum sveitarfélags og svo er lítill hluti sem ekki á rétt á neinni þjálfun miðað við aldur og frávik.

Þó svo að hluti barna sé vísað á stofu (SÍ börn) þá koma talmeinafræðingar samt oft áfram að þeim börnum. Skólar kalla til dæmis eftir ráðgjöf um það hvernig hægt er að mæta þörfum þeirra í skólastofunni. Vinna með málþroskafrávik barna er yfirleitt langtímaverkefni. Einstaka barn sem fellur á sveitarfélag þarf aðeins 2-3 tíma en langflest þeirra þurfa aðkomu í lengri tíma og rúlla áfram með talmeinafræðingum á milli ára og skólastiga. Á hverju hausti bætast svo ný börn við. Eins og staðan er í dag, ná talmeinafræðingar í sumum grunnskólum í mesta lagi að sinna þjálfun í 1.- 2. bekk.

Sálfræðingar

Lykiltölur velferðarsviðs sýna að 16.5% barna í Reykjavík eru að fá skólaþjónustu. Verkefni sálfræðinga eru fjölbreytt, m.a. sinna þeir sálfræðigreiningum sem er undanfari þess að börn fái þjónustu barna- og unglingageðdeildar, þroska- og hegðunarstöðvar og greiningar- og ráðgjafastöðvar. Foreldrar og börn geta fengið 3-5 ráðgjafaviðtöl við sálfræðing sem eru oft millistig áður en til formlegrar tilvísunar til skólaþjónustu kemur og hafa það að markmiði að vera lausnarleit og samráð með foreldrum eða starfsfólki skólanna. Sálfræðingar, ásamt fleiri fagstéttum, koma einnig að bráðamálum sem þola ekki bið, s.s. þegar upp kemur grunur um alvarleg þroskafrávik, brot á skólareglum, t.d. agabrot, skólaforðun, samskiptavandi á milli skóla og heimilis eða annað sem rekja má til þeirra þátta sem getið er um í verklagsreglum um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins vegna grunnskólanema með fjölþættan vanda frá 2015. Slíkar beiðnir frá skólum eru settar í forgang. Hlutverk sálfræðinga er janframt að taka þátt í þjónustuteymum í kringum ákveðin hóp barna sem þarfnast umfangsmikillar þjónustu.

Sálfræðingar taka janframt þátt í nemendaverndarráðum skóla og í svokölluðum fjölskylduteymum sem er samráðsvettvangur þjónustumiðstöðva, heilsugæslu, barna- og unglingageðdeildar og barnaverndar. Einnig sinna sálfræðingar ýmsum uppeldisnámskeiðum fyrir börn og fjölskyldur þeirra s.s. PMTO.

Tilvísanir hafa verið u.þ.b. 80% af öllum erindum sem berast til sálfræðinga og eru beiðnir um sálfræðigreiningar hluti af þeim. Á undanförunum árum hefur aukin áhersla verið lögð á forathuganir til að draga úr þörf á ótímabærum greiningum.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	03.06.2021
Svið:	Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið
Unnið af:	Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir/Dís Sigurgeirsdóttir
Verkefni/tillaga:	Tillaga um innleiðingu verkefnisins Betri borg fyrir börn - Markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra í öll þjónustuverfi borgarinnar.
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	Leitast verður við að framkvæma verkefnið innan gildandi fjárheimilda með tilfærslu stöðugilda en gera má ráð fyrir einhverjum stofnkostnaði s.s. vegna húsnæðis og aðlögunar í starfsmannahaldi. Nánara kostnaðarmat verður lagt fram samhliða tillögum undirbúningshópsins fyrir 1. október nk.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Tillagan lýtur að því að skóla- og frístundasvið og velferðarsvið stórefli samstarf í þjónustu við börn og fjölskyldur í þjónustuverfum borgarinnar á sambærilegan hátt og þróunarverkefni í Breiðholti. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Frístundastarf og þjónusta við börn er veitt öllum kynjum jafnt.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Tillagan snertir notendur þjónustu á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði, þ.e. börn í leik- og grunnskólum og fjölskyldur þeirra. Jafnframt snertir tillagan lítinn hóps starfsfólks velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs, sem flytjast í hina nýju skóla- og frístundaeildir á Þjónustumiðstöðvum. Konur og karlar eru í hópi starfsfólks hinna nýju deilda.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan miðar að því að bæta þjónustu við börn og foreldra og er til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á þann hóp. Þjónustan er veitt þjónustuþegum jafnt óháð kyni. Bæði konur og karlar eru starfsmenn nýrra skóla- og frístundaskrifstofa sem verða reknað með þjónustumiðstöðvum borgarinnar.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei, ekki er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	03.06.2021
Svið:	Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið
Unnið af:	Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir/Dís Sigurgeirsdóttir
Verkefni/tillaga:	Tillaga um tímabundna fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn og unglinga.
Þjónustubáttur:	Skólaþjónusta
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	Óskað er eftir 140 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Óskað er eftir 140 m.kr. fjárheimild til borgarráðs til þess að vinna með börn og unglinga vegna áhrifa heimsfaraldurs Covid-19. Um er að ræða kostnað vegna tímabundinna stöðugilda og/eða aðkeyprar vinnu frá og með 1. júlí 2021 til 30. júní 2022. Mikil eftirspurn er eftir sálfræðiþjónustu vegna aukins tilfinningavanda barna og ungmenna. Þann 1. maí sl. biðu 1033 börn eftir fyrstu þjónustu, 525 börn eftir þjónustu sálfræðings og 430 eftir þjónustu talmeinafræðings. Áætlað er að fjárveitingin dugi til að veita allt að 650 börnum þjónustu á 12 mánaða tímabili. Miðlægri verkefnastjórn, með fulltrúum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, verði falið að útfæra skipulag vinnunnar og forgangsröðun.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Greining á lykiltölum í skólaþjónustu liggja fyrir og þær sýna að mál á bið skiptast í hlutfallinu 60/40 þar sem fleiri drengir eru á bið. Samkvæmt niðurstöðum mælinga R%G er tilfinningavandi stúlkna mun meiri en drengja þegar komið er upp á unglingastig í 8.-10. bekk, eða um 17% á móti um 7%. Tillagan gengur út á að fjölga sérfræðingum til að aðstoða þá sem bíða eftir skólaþjónustu en ekki verður horft til kyns við þá aðstoð heldur alvarleika mála. Lykiltölur gefa einnig til kynna að viðkvæmir hópar, s.s. börn af erlendum uppruna búi við ónógan málþroska sem getur leitt til tilfinningavanda. Tillagan gengur einnig út á að vinna á biðlista eftir talmeinafræðingum.

Hvaða hópa snertir tillagan?

Tillagan snertir grunnskólabörn og fjölskyldur þeirra.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Tillagan miðar að því að bæta þjónustu við börn með tilfinningavanda, sem hefur aukist í Covid-19 faraldrinum. Þjónustan er veitt notendum þjónustu jafnt, óháð kyni. Með tillögunni er leitast við að auka lífsgæði jaðarsettra hópa.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

Nei, ekki er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	03.06.2021
Svið:	Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið
Unnið af:	Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir/Dís Sigurgeirsdóttir
Verkefni/tillaga:	Tillaga um úthlutun fjármagns á grundvelli lýðfræði.
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	Tillagan rúmast innan fjárheimilda því um er að ræða tilfærslu á stuðningsfjármagni og mun sérstök verkefnisstjórn útfæra fyrirkomulag.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Tillagan lýtur að því að tekin verði skref til úthlutunar fjármagns til stuðnings skóla á grunni lýðfræðilegrar samsetningu nemendahópsins í hverjum skóla jafnhliða einstaklingsbundnum úthlutunum. Byggt verði á Vísu að auknum tækifærum (e. Learning opportunities index – LOI) sem er stuðull sem er reiknaður út fyrir grunnskóla og á að endurspeglar þær áskoranir sem er að finna í umhverfi nemendahópsins og geta haft áhrif á árangur hans. Þar með gefst frekara tækifæri til að beita snemmtækum stuðningi við barn eða börn vegna þarfa sem skapast þótt greiningar liggir ekki fyrir. Breytingin styður við það fyrirkomulag að greining sé ekki aðgöngumiði að stuðningi. Tillagan sem slík mun því stuðla að auknu jafnrétti, að meira fjármagn til stuðnings börnum verði veitt til þeirra skóla þar sem eru meiri áskoranir hjá nemendum og fjölskyldum þeirra.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Mikil greiningarvinna liggur að baki tillögunni þar sem unnið er með lýðfræðibreytur. Þar er unnið út frá þeim grundvelli að auka tækifæri þeirra sem búa við meiri áskoranir og auka þannig jafnrétti.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Tillagan snertir grunnskólabörn og fjölskyldur þeirra.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan miðar að því að bæta þjónustu við börn og foreldra þar sem áskoranir eru meira en gengur og gerist í borginni og er til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á þann hóp. Þjónustan er veitt notendum þjónustu jafnt, óháð kyni.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei, ekki er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmingar:

Með jafnréttisskimmingun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimmingun styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	03.06.2021
Svið:	Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið
Unnið af:	Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir/Dís Sigurgeirsdóttir
Verkefni/tillaga:	Tillaga rafvæðingu umsóknarferlis skólaþjónustu og endurskoðun verklags út frá notendamiðaðri hönnun.
Þjónustubáttur:	Skólaþjónusta
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	Er innan fjárhagsramma velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs og þjónustu- og nýsköpunarsviðs.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að rafvæðingu á umsóknarferli um skólaþjónustu þar sem ferlið verður endurskoðað í heild sinni út frá þörfum notenda. Markmið tillögunnar er að auðvelda aðgengi skóla og foreldra að skólaþjónustu þjónustumiðstöðva og að einfalda samskipti bæði skóla og foreldra barna við skólaþjónustuna. Verkerlar verði samræmdir í skólaþjónustunni þannig að hún sé sambærileg um alla borg. Sérstök verkefnisstjórn hefur yfirumsjón með ferlinu.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Um er að ræða breytingu á ferlum og aðgengi að þjónustu út frá þörfum notenda. Breytingarnar munu gagnast öllum kynjum jafnt, sem og hópum í viðkvæmri stöðu. Sérstaklega er horft til þess hvernig hægt er að gera aðgengið einfaldara fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna og hvort einhverjar hindranir séu þar á vegi sem þarf að ryðja burt. Það er staðreynd skv. lykiltölum að fleiri drengir eru á biðlista eftir skólaþjónustu eða um 60% á móti 40% stúlkna.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Tillagan snertir grunnskólabörn og fjölskyldur þeirra, starfsmenn grunnskóla og starfsmenn skólaþjónustu á þjónustumiðstöðvum.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan miðar að því að bæta þjónustu við grunnskólabörn og foreldra þeirra út frá þörfum þeirra. Þjónustan er veitt notendum skólaþjónustu jafnt, óháð kyni. Sérstaklega verður skoðað hvort einhverjar hindranir séu á aðgengi hópa í viðkvæmri stöðu, s.s. fyrir börn af erlendum uppruna.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei, ekki er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	03.06.2021
Svið:	Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið
Unnið af:	Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir/Dís Sigurgeirsdóttir
Verkefni/tillaga:	Tillaga um innleiðingu árangursmats á sértækum stuðningi við börn og fjölskyldur.
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	Er innan fjárhagsramma velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs við mótun tillagnanna. Taka þarf tillit hvort tillagan krefst viðbótarfjármagns eftir að verkefnisstjórn hefur mótað tillögur um verklag og framkvæmd.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Tillagan lýtur að því að skóla- og frístundasvið og velferðarsvið sjái til þess að fram fari faglegt mat á árangri af sérkennslu, sértækum stuðningi í skóla- og frístundastarfi, skólalþjónustu og þjónustu velferðarsviðs við börn og fjölskyldur. Með rýningu á reglubundnu stöðumati skólanna á læsi, félagsfærni og líðan er hægt að bregðast sérstaklega við þjónustubörfum þeirra barna sem þarfnast stuðnings og þjónustu. Lögð verði áhersla á að rökstyðja val á stuðningsaðferðum með vísan til gagna með það fyrir augum að þær skili sér í bættri líðan, læsi og/eða félagsfærni. Lagt verði mat á árangur stuðnings með reglulegum hlutlægum mælingum til að greina hvort stuðningur hafi leitt til bættrar stöðu barna og ef ekki að greina og innleiða helstu tækifæri til úrbóta. Mælaborð farsældar barna verði nýtt til að meta almenna stöðu barna og þar með heildarstarf sveitarfélagsins m.t.t. farsældar barna. Verkefnisstjórn hefur umsjón með verkefninu og mun leggja fram tillögur að útfærslu eigi síðar en í upphafi árs 2022.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Sértækur stuðningur er veittur börnum af öllum kynjum. Með matinu fást upplýsingar þar sem hægt er að greina árangur niður á kyn sem gefur tækifæri til að aukins jafnréttis í þjónustu við börn af öllum kynjum.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Tillagan snertir notendur þjónustu hjá velferðarsviði og skóla- og frístundasviði, þ.e. börn á leik- og grunnskólaaldri og fjölskyldur þeirra. Tillagan snertir líka þá starfsmenn sem veita þjónustuna.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan miðar að því að bæta þjónustu við börn og foreldra og er til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á þann hóp. Þjónustan er veitt notendum jafnt óháð kyni.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei, ekki er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	03.06.2021
Svið:	Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið
Unnið af:	Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir/Dís Sigurgeirsdóttir
Verkefni/tillaga:	Tillaga um verkefnisstjórn undirbúnings aðgerða vegna væntanlegrar löggjafar um farsæld barna
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	Er innan fjárhagsramma velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Tillagan lýtur að því að verkefnisstjórn verði sett á laggirnar sem undirbúi Reykjavíkurborg fyrir nýja löggjöf um farsæld barna. Formaður verkefnisstjórnar verði skipaður til ársloka 2022. Formaður verkefnisstjórnar verði jafnframt faglegur leiðtogi skólaþjónustu þjónustumiðstöðva eins og hún er í núverandi mynd og heyrir undir skrifstofustjóra á velferðarsviði en verður staðsettur á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Í verkefnisstjórn eiga sæti fulltrúar frá skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Hópurinn skilar áfangaskýrslum til sviðsstjóra beggja sviða og vinnur þétt með þeim að þeim breytingum sem þurfa að eiga sér stað í tengslum við nýja löggjöf.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Verkefnisstjórnin fær erindisbréf þar sem farið verður yfir verkefni hennar og bent á mikilvægi jafnréttis í skipan hópsins og vinnu hans.

Hvaða hópa snertir tillagan?

Tillagan snertir starfsmenn hjá velferðarsviði og skóla- og frístundasviði, auk barna á leik- og grunnskólaaldri og fjölskyldur þeirra.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Tillagan miðar að því að bæta þjónustu við börn og foreldra og er til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á þann hóp. Þjónustan er veitt notendum jafnt óháð kyni. Verkefnisstjórn skal leggja á það áherslu í vinnu sinni að fá álit foreldra, barna og ungmenna á verkefninu.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

Nei, ekki er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.